



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europpris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

25. maí 2005 - 137. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Á fullt erindi við okkur í dag
Í kvöld verður kvikmyndahátíðin Reykjavík Shorts and Docs formlega sett í Tjarnarbíói. Á hátíðinni verða sýndar fimmtán íslenskar myndir.



KVIKMYNDIR 28

Tilhlökkun og kvíði
Gunnar Einarsson fagnar tvöföldum tímamótum um þessar mundir. Í gær tók hann við sem bæjarstjóri Garðabæjar og í dag á hann fimmtugsafmæli.




TÍMAMÓT 20

Segir Garðar dómara hata sína leikmenn
Ólafur Þórðarson, þjálfari Skagamanna í Landsbankadeildinni, segir knattspyrnu-dómarann Garðar Örn Hinriks-son mæta hlutdrægan til leikja Skagaliðsins.



ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



NÝ HLÝNAR NOKKUÐ NYRÐRA
Bjart með köflum víða um land en hætt við síðdegisskúrum. Hiti 6-12 stig að deginum en nokkuð svalara að nærturlagi.

VEÐUR 4

Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið

Segir afstöðu Vinstri-grænna engu skipta

Alfreð Þorsteinsson segir ekki skipta máli þótt fulltrúi Vinstri-grænna í stjórn Orkuveitunnar leggist gegn raforkusölu til álvers í landi Reykjanesbæjar. Gera megi ráð fyrir stuðningi sjálfstæðismanna sem eru hlynntir stóriðju.

ÁLVER „Við höfum meirihluta í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fyrir ákvörðun um raforkusölu til stóriðju og, ef af verður, til álvers í Helguvík. Mér er hins vegar kunn afstaða Vinstri-grænna til stóriðju og veit að þeir vilja heldur staldra við. Ástæða þess að við tókum ekki þátt í því að skrifa undir viljayfirlýsingu um álver í Helguvík ásamt Hitaveitu Suðurnesja, Reykjanesbæ og Norðuráli var sú að fleiri fyrirtæki hafa sett sig í samband við okkur og óskað eftir samstarfi og við erum að skoða málið í heild sinni,“ segir Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar.



ALFREÐ ÞORSTEINSSON

Hann segir ljóst að ef fulltrúi Vinstri-grænna í stjórninni muni ekki greiða atkvæði með slíkri tillögu sé engu að síður meirihluti í stjórn Orkuveitunnar og ekkert því til fyrirstöðu að Orkuveitan komi að raforkusölu og þátttöku í uppbyggingu stóriðju í landinu.

„Ég hef ekki trú á öðru en að Orkuveitan muni koma að framkvæmdum af þessu tagi. Ég geri ráð fyrir því að sjálfstæðismenn muni vilja vera með í meirihluta í stjórninni um mál af þessu tagi því það þætti sérstaklega nýmælisvert ef þeir legðust gegn stóriðju og ekki síst þar sem um er að ræða mikið hagsmunamál fyrir Reykjanesbæ,“ sagði Alfreð. Stjórnarformaður Orkuveitunnar hefur tvöfalt atkvæðavægi í sex manna stjórn fyrirtækisins. Næsti stjórnarfundur í Orkuveitunni er 1. júní en þá er gert ráð fyrir að málefni álvers í Helguvík verði á dagskrá.

Sjá síðu 4 - hbg



NÝI GOSBRUNNURINN Starfsmenn Reykjavíkurborgar þurfa ekki að óttast volk og vösbúð þegar nýi gosbrunnurinn er kominn í gagnið því þeir þurfa ekki lengur að vaða út í tjörn til að skrófa frá vatninu.

Fjarstýrður gosbrunnur í Reykjavíkurtjörn: Hægt að bjalla eftir bununni

BORGARFRAMKVÆMDIR Nú vinna starfsmenn Reykjavíkurborgar að því hörðum höndum að koma fyrir nýjum gosbrunni í Tjörninni. Brunnurinn er þýsk gæðasmíði að sögn Arnar Sigurðssonar, staðgengils sviðsstjóra umhverfissviðs. Ekki verður lengur þörf á því að starfsmenn fari út í tjörn til að koma gosbrunninum af stað því að

nýi brunnurinn er fjarstýrður og hægt er að kveikja á honum með einni símhringingu úr farsíma. Spurður hvort það verði þá í verkahring borgarstjóra að setja gosbrunninn af stað sagði Örn kankvís að það gæti vel farið svo að hann láti Steinunni hafa númerið. Bunan úr nýja brunninum verður mun lægri en í þeim gamla

en Örn segir að borgarbúar hafi margir hverjir kvartað yfir því að hafa blotnað þegar þeir voru á gangi umhverfis tjörnina þar sem úða hafi lagt yfir svæðið. Enn er ekki ljóst hvenær þýski gæðabrunnurinn verður tilbúinn að buna fyrir borgarbúa en Örn býst við að það verði á allra næstu dögum.

- jse

Dýr rauðvínsflaska: Gert að greiða 120 þúsund

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri sem pantaði sér rauðvínsflösku á Kaffi Reykjavík í janúar var dæmdur fyrir að borga ekki flöskuna. Maðurinn hélt því fram fyrir dómi að hann hefði greitt fyrir flöskuna með vöruskiptum og hefði afgreiðslustúlka fallist á að fá ljóðabók í sínar hendur sem greiðslu fyrir flöskuna. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst ekki á rök mannsins og var hann dæmdur í gær til að greiða fyrir flöskuna um fimm þúsund krónur, 25 þúsund króna sekt í ríkissjóð og 90 þúsund króna málsvarnarlauan skipaðs verjanda síns. - hb

Vélknúin fisflugvél: Lenti við Litlu kaffistofuna

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Selfossi barst í gærkvöld tilkynning um að svonefndu físi, vélknúinni sviifflugvél, hefði verið lent við Litlu kaffistofuna. Að sögn lögreglu mátti gera ráð fyrir að vélinni hefði verið lent þarna í neyð, en þegar lögregla kom á staðinn var vélin á bak og burt. Virtist sem flugmaðurinn hefði gert sér það að leik að lenda á þessum fjölfarna stað til að taka bensín. - aa

Úttekt Hagstofu á ævilengd: Íslenskir karlar verða elstir

ÆVILENGD Lífslíkur íslenskra karla hafa batnað mikið undanfarið ár og mega þeir eiga von á því að verða nær 79 ára gamlir. Það eru betri lífslíkur en hjá kynbræðrum þeirra annars staðar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í úttekt Hagstofu Íslands á dánartíðni og ævilengd sem birtist í gær. Konur lifa þó lengur en karlar en þær mega búast við því að verða tæplega 83 ára gamlar. Lengi vel voru lífslíkur íslenskra kvenna þær mestu í heiminum en nú verma þær sjötta sætið. - jse

Ferskleiki og gæði íslenskrar matvöru gerir hana að úrvals kosti fyrir heimilin í landinu.

Þitt val skiptir máli

Íslenskir framleiðendur **SI** Samtök iðnaðarinnar



Stöndum þétt saman

Líftrygging
Sjúkdómatrygging
Fjölskylduvernd
Lánavernd

www.kblif.is

Þín trygging – okkar ábyrgð

Líf og ábyrgð einstaklinga breytist stöðugt og það er mikilvægt að tryggingavernd taki mið af aðstæðum hverju sinni. KB líf býr að mikilli reynslu á sínu sviði og býður mesta úrval persónutrygginga sem völ er á héraendis. Við hjálpum þér að greina tryggingaþörfina og bjóðum þér að velja um ýmsar gerðir trygginga sem henta þínum þörfum. Góð tryggingavernd hjá okkur veitir þér öryggi — og betra líf.

Helstu samstarfsaðilar okkar eru KB banki, SPRON og Sparisjóðurinn.



KB LÍF
– betra líf

Gengið

GENGI GJALDMIÐLA 24.05.2005

Table with exchange rates for KAUP and SALA columns, listing currencies like USD, GBP, EUR, DKK, NOK, SEK, JPY and their corresponding values.

Gengisvísitala krónunnar

112,41-0,65%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrsla OECD um efnahagsþróun á Íslandi:

Hagkerfið gæti ofhitnað

Efnahagsmál Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, segir í ný- útkominni skýrslu að hætta sé á ofhitnun í íslenska hagkerfinu.

Hækka þurfi stýrivexti svo að koma megi í veg fyrir víxlhækkun launa og verðlags og draga þurfi úr opinberum útgjöldum og stefna eigi á meiri tekjuafgang á fjárlögum en gert sé ráð fyrir.

Í skýrslunni er því spáð að 6,2 prósentu hagvöxtur verði á árinu en 5,3 prósentu hagvöxtur á næsta ári.

Arnór Sighvatsson, aðal- hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands, segir að fátt nýtt hafi komið fram í skýrslu OECD og hún sé í samræmi við þær spár sem komið hafa fram frá Seðla- bankanum.

„Þeir tala um að hætta sé á þenslu á árunum 2007 til 2008 þegar stóriðjuframkvæmdum mun ljúka. Það er ekkert nýtt því það er alltaf hætta á niðursveiflu eftir ofpensluskeiði þegar mikill viðskiptahalli myndast og vöxtur innlendrar eftirspurnar er meiri en stentil lengdar,“ segir Arnór.

- sda



ARNÓR SIGHVATSSON AÐALHAGFRÆÐINGUR HJÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS Segir að fátt nýtt hafi komið fram í skýrslu OECD og hún sé í samræmi við þær spár sem komið hafa fram frá Seðlabankanum.

Útvarpsráð skipar nefnd:

Kannar launajafnrétti

Jafnréttismál Útvarpsráð samþykkti í gær tillögu Svanfríðar Jónasdóttur, fulltrúa í útvarps- ráði, um að skipað verði þriggja manna nefnd til að kanna stöðu jafnréttismála innan Ríkis- útvarpsins.

Meðal annars mun nefndin kanna kjaramál, yfirfara jafnréttisáætlun RÚV og setja inn mælanleg markmið með ábyrgð- araðila gagnvart einstökum þáttum. Tillaga Svanfríðar var samþykkt einróma og á nefndin að gera grein fyrir verkum sínum í október.

-hbg

Alvarlegar kirkjudeilur:

Orþódoxar ræða málin

APENU. AP Leiðtogar rétttrúnaðar- kirkjunnar settust í gær á rök- stóla í Istanbul, hinni fornu höf- uðborg aust-rómverska keisara- dæmisins, og reyndu að leysa þann djúpstæða ágreining sem ríkir í orþódoxu kirkjunni í Ísra- el. Slíkir fundir eru frekar sjald- gæfir og sýnir hann því hversu alvarleg deilan er.

Forsaga málsins er sú að Ireneus I, patriarki í Jerúsalem, lánaði kirkjumuni til gyðinga í Austur-Jerúsalem. Samstarfs- menn hans brugðust ókvæða við þar sem vitað var að Palestín- mönnum myndi gremjast lánið og kröfðust afsagnar Ireneusar. Hann neitaði hins vegar að láta af embætti og því er allt í hnút. ■

Tímaferðalög:

Ormogöngin ekki hentug

FURÐUFERÐIR Breskir og bandarískir vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að svonefnd ormagöng sé ekki hentug til tímaferðalaga.

Sumar kenningar heimsfræð- innar gera ráð fyrir að ormagöng í geimnum geri manni kleift að komast á milli fjarlæggra staða í geimnum á örskotsstundu, jafnvel í framtíð eða fortíð. Gert er ráð fyrir að hægt sé að opna göngin með einhvers konar framandi efni sem er fráhrerft þyngdarafli.

Á vef BBC kemur hins vegar fram að vísindamenn telji nú að göngin séu ýmist of þröng til að koma frumeindum þar inn – hvað þá mönnum – eða af óútreiknanleg til að treystandi sé á að maður komi út á þeim tíma sem maður óskaði sér.

Þeir sem töldu að tímaferðalög væru handan við hornið verða því að bíða enn um sinn.

-shg



HELGUVÍK Í GÆR. Fyrirhugað álver mun rísa á þessu landi.

Vinstri-grænir vilja ekki álver í Helgúvík

Vinstri-grænir í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ætla ekki að fallast á að fyrir- tækið selji raforku til fyrirhugaðs álvers í Helgúvík í landi Reykjanesbæjar. Fulltrúi sjálfstæðismanna segir málið dæmi um vandræðagang R-listans.

ÁLVER „Við teljum að það sé komið nóg af álversupp- byggingu hér á landi og við mun- um leggjast gegn þessari fram- kvæmd innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir Tryggvi Frið- jónsson, fulltrúi Vinstri-grænna í stjórn Orkuveitunnar.



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐAR- SON „Vand- ræðagangur hjá R-listanum.“

tanga og hefur lítið hýru auga til frekara samstarfs við OR vegna ál- vers í Helgúvík.

Tryggvi Frið- jónsson „Nóg af álversupp- byggingu hér á landi.“



TRYGGVI FRÍÐ- JÓNSSON „Nóg af álversupp- byggingu hér á landi.“

trúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitunnar, telur málið enga af vandræðagangi R-listans. „Þetta mál hefur verið lítið rætt í stjórninni en þetta er mikið vand- ræðamál fyrir meirihlutann og Vinstri-grænir bera jafn mikla ábyrgð og við sjálfstæðismenn á uppbyggingunni á Grundartanga. Nýkjörinn formaður Samfylking- arinnar, sem staðið hefur fyrir stóriðjustefnu í Reykjavík, er allt í einu farinn að tala gegn henni og menn spyrja sig hvort hún sé búin að taka u-beygju í þessu máli eins og mörgum öðrum,“ segir Guð- laugur.

Ekki náðist í fulltrúa Samfylk- ingarinnar í stjórn Orkuveitunnar, Sigrúnu Elsu Smáradóttur, í gær. Næsti stjórnarfundur Orku- veitunnar er 1. júní.

hjalmar@frettabladid.is

Advertisement for Fiat 4x4 with text 'ÖKUM VARLEGA UTAN VEGA' and '4x4' logo.

VEÐRIÐ Í DAG

VEDRIÐ HORFIR TIL BETRI VEGAR


Jæja, loksins er að sjá að hitinn á Norður- landi verði skaplegur að deginum og það er það sem skiptir máli.

DÁLITIL SVEIFLA Á HITA DAGS OG NÆTUR Í hægviðri og bjartviðri eins og horfur eru á í dag er alltaf talsverður hita- munur milli dags og nætur.



Kveðja, Sigmundur Ragnarsson, veðurfræðingur


Um hádegis



Á morgun



Föstudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Table with weather forecasts for various cities like Kaupmannahöfn, Ósló, París, Berlin, Frankfurt, Madrid, Barcelona, Alicante, Milano, New York, San Francisco, and Orlando/Florida.

Sex stig Á VERÐI þriggja!



Ísland – Ungverjaland, 4. júní og Ísland – Malta, 8. júní



Frábært tilboð – Einn miði sem gildir á báða leikina!

	Forsala á Netinu 25. maí – 2. júní	Forsala hjá ESSO 3. júní	Sala á leikdag 4. júní
Sæti í nýju stúkunn	1.500 kr.	1.500 kr.	2.000 kr.

Miði á Ísland – Ungverjaland 4. júní

	Forsala á Netinu 25. maí – 2. júní	Forsala hjá ESSO 3. júní	Sala á leikdag 4. júní
Sæti í gömlu stúkunn	2.000 kr.	2.000 kr.	2.500 kr.

Miði á Ísland – Malta 8. júní

	Forsala á Netinu 25. maí – 6. júní	Forsala hjá ESSO 7. júní	Sala á leikdag 8. júní
Sæti í gömlu stúkunn	2.000 kr.	2.000 kr.	2.500 kr.

50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri

Forsala er hafin á ksi.is og esso.is – tryggjið ykkur miða tímanlega!

Undankeppni HM 2006 er aftur komin á fullan skrið og strákarnir þurfa þinn stuðning gegn Ungverjalandi og Möltu dagana 4. og 8. júní. Af því tilefni verður hægt að kaupa einn miða á báða leikina á frábæru verði. Leikirnir fara fram á Laugardalsvelli og hefjast báðir kl. 18:05. **Áfram Ísland!**

SKRÁNING Á HAUSTÖNN ER HAFIN!

„FÆRRI KOMUST AÐ
EN VILDU Á VORÖNN!„

Elva Benediktsdóttir
- Markaðsfulltrúi hjá Atlantsolíu



MARKVISST STARFSNÁM & námsbrautir NTV

Elva fór út á vinnumarkaðinn strax eftir grunnskólann. Hún hafði í níu ár unnið við ýmis láglau nastörf þegar hún fór í Sölu- og markaðsfræði sl. haust. Hún fékk góða vinnu á meðan náminu stóð sem markaðsfulltrúi hjá Atlantsolíu.

SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM

258 STUNDIR

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar öllum sem annað hvort eru á leið út á vinnu- markaðinn, oft eftir nokkurra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í starfi.

Þetta nám er markvisst og einstakt fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhalda, verslunarreikningur, TÖK-tölvuökuskírteini* streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* TÖK er alþjóðleg viðurkenning á tölvuþekkingu einstaklings.

TÖK-prófin eru í Upplýsingatækni, Windows, Word, Excel, Power Point, Access og Internetinu.

- Allar upplýsingar er að finna á ntv.is

SÖLU- OG MARKAÐSNÁM

264 STUNDIR

Við bjóðum upp á líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, stofna eigið fyrirtæki eða vilja einfaldlega styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu- og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.s.frv. en náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

- Allar upplýsingar er að finna á ntv.is

FJÁRMÁLA- OG REKSTRARNÁM

132 STUNDIR

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræðum, fjármálastjórnun og áætlanagerðum en áhersla er lögð á verkefnavinnu tengt efninu.

Námskeiðið er ætlað nemendum sem þegar hafa reynt af fjármálum og rekstri eða hafa lokið sambærilegu starfsnámi hjá NTV.

- Allar upplýsingar er að finna á ntv.is

Tveggja anna nám með vinnu

Kostir tveggja anna náms með vinnu eru margvíslegir. Það er bæði hagkvæmara og afborganir skólagjalda þurfa ekki að hefjast fyrr en að námi loknu. Auk þess veitir það aukið forskot á krefjandi vinnumarkaði.

SKRIFSTOFUNÁM OG HÖNNUN

414 STUNDIR

Þetta nám þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að útbúa hvers konar kynningarefni og vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Tekin eru saman tvö stór námskeið sem styðja mjög vel hvort annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám og Auglýsingatækni.

- Sjá nánari lýsingar á ntv.is

SÖLUNÁM OG HÖNNUN

420 STUNDIR

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að hanna og útbúa hvers konar kynningarefni auk þess að vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Með þessu opnast nýir möguleikar hjá fyrirtækjum og stofnunum sem útbúa sitt eigið kynningarefni og styrkja þar með söluferilinn.

Tekin eru saman tvö stór námskeið sem styðja mjög vel hvort annað, þ.e. Sölu- og markaðsnám og Auglýsingatækni.

- Sjá nánari lýsingar á ntv.is

SKRIFSTOFU- OG REKSTRARNÁM

462 STUNDIR

Nám sem eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera þá færari í bókhaldsstörfum og afla sér sérþekkingu, og færast með henni nær sjálfum rekstrinum.

Tekin eru saman þrjú stór námskeið sem öll styðja með margvíslegum hætti hvort annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

- Sjá nánari lýsingar á ntv.is

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

396 STUNDIR

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta námsins er farið í rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Þetta er frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eigin rekstur.

Tekin eru saman tvö stór námskeið sem styðja hvort annað margvíslega, þ.e. Sölu- og markaðsnám og Fjármál og rekstur.

- Sjá nánari lýsingar á ntv.is

ntv.is



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Könnun hvaða stofnunar leiðir í ljós að fót og skór eru dýrust á Íslandi?
- 2 Hver lék á kassagítarinn sem trú-badorinn JoJo ætlar að bjóða upp?
- 3 Frá hvaða landi eru hermennirnir sem taldir eru hafa orðið úti í Andesfjölum í síðustu viku?

SVÖRIN ERU Á BLS. 70

Embætti yfirdýralæknis bíður fjárveitingar:

Vill rannsaka alifugla og vatnafugla

HEILBRIGÐISMÁL Embætti yfirdýralæknis hefur sótt um fjárveitingu til stjórnvalda til að láta fara fram svokallaða skimun á alifuglum og vatnafuglum hér á landi. Er þetta gert í varúðarskyni gegn ýmsum sjúkdómum, þar á meðal fuglaflensu, að sögn Sigurðar Arnar Hanssonar aðstoðaryfirdýralæknis. Hann sagði að ekki væri komin niðurstaða frá stjórnvöldum enn.

Talið er að rannsókn af því tagi sem yfirdýralæknir vill láta fara

fram kosti eina og hálf milljón króna.

„Það hefur verið gerð rannsókn á alifuglum áður með tilliti til ýmissa sjúkdóma, en núna teljum við að tímabært sé og ástæða til að kanna þetta líka í villtum fuglum, úr því að fregnir herma að þessi veira hafi drepit villta fugla í Kína,“ sagði Sigurður Örn. Hann sagði að rannsókn af þessu tagi gæti tekið fáeina daga sem forgangsverkefni en ella nokkrar vikur.



VATNAFUGLAR Gæsir og endur eru meðal þeirra villtu fuglategunda sem rannsakaðar verða ef vilji yfirdýralæknis gengur eftir.

„Auk þessa erum við með margvíslegar varnir gegn því að þessi sjúkdómur berist til landsins, svo og viðbragðsáætlanir gegn alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum,“ sagði Sigurður Örn. - jss

Írski lýðveldisherinn:

Vígvæðingin heldur áfram

NORÐUR-ÍRLAND Herskáir hópar norður-írskra lýðveldissinna ráða enn í sínar raðir menn sem þeir síðan þjálfa í vopnaburði og meðferð sprengiefna.

Þetta eru niðurstöður skýrslu nefndar sem rannsakar starfsemi slíkra hópa á Norður-Írlandi, The Independent Monitoring Commission. Frá þessu var greint í breska blaðinu The Guardian í gær.

Skýrslan segir að þetta eigi jafnt við um sjálfan Írsku lýðveldisherinn, IRA, svo og ófgasinnaða klofningshópa úr honum. Auk þess stadi IRA ennþá að skipulagðri glæpastarfsemi í fjármögnunarskyni. ■



... GÓÐUR MEÐ GRILLMATNUM

TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
LÉTTJÓR



EKKERT LÁT Á SORGinni Litli drengurinn á myndinni missti móður sína í sprengjutilræði við sjámosku í Mahmudiya í fyrradag. Konurnar reyna að hugga hann en geta vart hamið sinn eigin harn.

Róstusamt í Írak enn einn daginn:

Sprengjutilræði við stúlknskóla

BAGDAD. AP Ofbeldið í Írak hélt áfram í gær sem aldrei fyrr. Sex Írakar dóu í sprengingu fyrir utan barnaskóla í Bagdad í gær og sjö bandarískir hermenn biðu bana í árásum í eða við höfuðborgina.

Tilræðið við stúlknskólann í austurhluta Bagdad varð snemma í gærmorgun en þá sprakk bíll í loft upp. Sex Írakar dóu en ekki er talið að skólaborn hafi verið þar á meðal.

Þá féllu sjö bandarískir hermenn í valinn í tveimur sprengjutilræðum. Annað var framið í miðborg Bagdad en hitt í borginni Haswa sem er litlu sunnar. Alls hefur 1.641 bandarískur hermað-

ur fallið síðan ráðist var inn í landið í mars 2003.

Uppreisnarmenn náðu bænum Tal Afar, sem er skammt frá Mosul í norðurhluta landsins, á sitt vald í fyrrinótt en skömmu áður höfðu sprungið þar tvær öflugar sprengjur sem bönuðu tuttugu manns.

Í gærmorgun var svo þingkonu úr flokki sjá sýnt banatílraði þegar hópur vopnaðra manna hóf skothríf á bílalest hennar. Þetta er í þriðja sinn á einu ári sem reynt er að ráða hana af dögum en sem fyrr sakaði hana ekki. Fjórir fylgdarmenn hennar særðust hins vegar alvarlega í árásinni. ■

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT Á FÖSTUDAG!

Opið fyrir umsóknir núna á www.ru.is

Einnig er hægt að sækja um í afgreiðslu skólans að Ofanleiti 2.

Nemendur geta sótt um áður en þeir útskrifast og sent prófskrifteini og önnur fylgigögn síðar.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFDBAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



25% afsláttur

af öllum PROSTYLE hjólum

PROSTYLE 2005 - alvöru merki í hjólum

12" hjól 3-5 ára

Girl

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
8.249 kr
Áður 10.999,-

12" hjól 3-5 ára

One

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
5.249 kr
Áður 6.999,-

16" hjól 5-7 ára

Fox

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
5.999 kr
Áður 7.999,-

20" hjól 7-9 ára

Princess

Fjöldi gíra: 6
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Trekstro handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
11.249 kr
Áður 14.999,-

24" hjól 9-12 ára

Serval

Fjöldi gíra: 6
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Trekstro handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
11.249 kr
Áður 14.999,-

16" hjól 5-7 ára

Dame

Fjöldi gíra: 1
Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan



TILBOÐ
9.749 kr
Áður 12.999,-

20" hjól 7-9 ára

Mud Racer

Fjöldi gíra: 12
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Trekstro handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
11.244 kr
Áður 14.999,-

24" hjól 9-12 ára

Offroad

Fjöldi gíra: 18
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
14.999 kr
Áður 19.999,-

26" hjól fyrir herra

Racer

Fjöldi gíra: 18 Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
12.749 kr
Áður 16.999,-

26" hjól fyrir dömur

Tiger

Fjöldi gíra: 18 Tegund gíra: Sram Grip Shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



TILBOÐ
18.749 kr
Áður 24.999,-

26" hjól fyrir herra

Jaguar

Fjöldi gíra: 21 Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Diskbremsa að framan og aftan
Ál stoll



TILBOÐ
29.999 kr
Áður 39.999,-

PÖSTVERSLUN

www.hagkaup.is

grænt númer sími
800 6680 568 2255

HAGKAUPA

Gildir til 31. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



MYND/AP

ALLUR ER VARINN GÓÐUR Kínverskir embættismenn eru þegar farnir að bóluþetta kjúklinga við fuglaflensu í Qinghai-héraði í vesturhluta landsins. Þeirra biður ærinn starfi því þrjár milljónir alifugla þurfa að fá sprautu.

Múslimar hvattir til að biðja fyrir liðsmanni al-Kaída:

Al-Zarqawi sagður særður eftir árás

KAIRO, AP Á vefsíðu sem al-Kaída í Írak hefur notað til að birta yfirlýsingar sínar birtust í gær fregnir um að Jórdaninn Abu Musab al-Zarqawi, leiðtogi þeirra, hefði særst í árás.

Fréttin hefur ekki fengist staðfest enda kemur þar hvorki fram hvenær né hvar al-Zarqawi á að hafa særst. Fyrr í mánuðinum birtust hins vegar óstaðfestar fréttir af því að bandarískir leyniþjónustumenn væru að rannsaka orðróm þess efni að al-Zarqawi hefði verið

fluttur til aðhlyningar á sjúkrahús í bænum Ramadi. Yfirlýsingin sem birt var í gær er sögð vera skrifuð af Abu Maysarah al-Iraqi, sem er talinn nokkurs konar blaðafulltrúi írösku samtakanna. Þar eru múslimar hvattir til að biðja fyrir skjótum bata al-Zarqawi.

Í fyrradag lýsti svo grunaður hryðjuverkamaður sem réttað er yfir í Jórdaníu þessa dagana að Osama bin Laden, leiðtogi al-Kaída, og al-Zarqawi áformuðu að stofna kalífadæmi á næstu misserum.



ABU MUSAB AL-ZARQAWI Áhangandi hans segir þá Osama bin Laden ætla að setja á fót kalífadæmi.

Fyrstu aldirnar eftir dauða Múhameðs spámans var hinum íslamska heimi stýrt af kalífum sem gegndu bæði pólitísku og trúarlegu hlutverki. Stjórn landsins var auk þess byggð á kennisetningum trúarinnar. ■

Sænskir fjölmiðlar:

Persson gegn klámvæðingu

FJÖLMÍDLAR Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, vill skera upp herör gegn klámvæðingu sænskra fjölmiðla. Hefur hugmyndum hans verið fálega tekið af fjölmiðlum, sem fullyrða að þetta sé ekkert annað en ósvifin tilraun til ritskoðunar.

Það er meðal annars fjölgun mynda af fáklæddum konum í dagblöðum sem fer fyrir brjósti á ráðherranum. Það þykir hins vegar draga úr trúverðuleika hans að hugmyndirnar koma fram um líkt leyti og kvennahreyfing jafnaðarmanna heldur þing sitt. Því vilja menn líta á þetta sem tilraun Perssons til að höfða til kvenna. ■

Opna Mapei Golfmótið

Opna Mapei golfmótið verður haldið í Öndverðar-nesi laugardaginn 28. maí

Leikin verður punktkeppni með forgjöf

» Mesta vallarforgjöf:

Karlar 24
Konur 30

Skráning frá og með miðvikudeginum 25. maí í síma 482 3380

- Glæsileg verðlaun fyrir 5 efstu sætin
- Náandarverðlaun
- Dregið verður úr skorkortum í mótslok

Keppnisgjald 3.000 kr.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



Hún mætir aftur næsta sunnudagsmorgun kl. 9

Bankaábyrgðar krafist í Mosfellsbæ

Mosfellsbær krafði umsækjendur um lóðir í bæjarfélaginu um bankaábyrgð. Þeir sem ekki gátu sýnt fram á traust komu ekki til greina. Samtök iðnaðarins telja að stilla eigi greiðslum fyrir framkvæmdir í takt við framkvæmdir.

HÚSBYGGINGAR Bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ kröfðu þá sem sóttu um byggingalóðir í Tröllateigshverfi árið 2003 um bankaábyrgð. Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri segir ánægju hafa ríkt um þessa ákvörðun.

„Við tókum þá ákvörðun að umsækjendur myndu sýna fram á bankaábyrgð fyrir heildarkostnaði framkvæmda á viðkomandi lóð. Við erum mjög ánægð með þá ákvörðun okkar því hverfið hefur byggst vel upp og okkur er ekki kunnugt um nein vandræði sem hlotist hafa af framkvæmdunum,“ segir Ragnheiður. Hún segir næstu úthlutanir í Mosfellsbæ vera í hinu nýja Krikahverfi og ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um hvort farin verði sama leið en hún ætti við jafnt fyrirtæki og einstaklinga.

Fjöldi íbúa í Grafarholti í Reykjavík hefur lent í vandræðum vegna gjaldþrots verkataka og dæmi eru um að húseigendur hafi þurft að leggja út í mikinn kostnað og vinnu við að leita réttar síns.

Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, segir spurður um hvort slíkar reglur um bankaábyrgð séu ekki nauðsynlegar fyrir verkataka að SI hafi ekki leitt hugann að slíku. „Þetta er eitt-hvað sem er alveg hægt að athuga en trygging væntanlegs eiganda fyrir íbúð getur líka verið fólgin í því að greiðslum sé stillt í takt við það sem framkvæmt er. Þegar framkvæmdinni er lokið og ekki fyrr, eigi að vera hægt að greiða



NÝBYGGINGAR Í MOSFELLSBÆ Töluvert hefur verið um framkvæmdir í Mosfellsbæ undanfarin misseri. Næst á að byggja upp í Krikahverfi en ekki liggur fyrir hvenær lóðum þar verður úthlutað.



RAGNHEIÐUR RÍKHARSDÓTTIR Ánægð með kröfur Mosfellsbæjar.



EYJÓLFUR BJARNASON Telur að menn eigi að greiða í takt við framkvæmdir.

fyrir íbúðina,“ segir Eyjólfur. Hann bendir á að hér sé um ræða mál sem varði mikla hagsmuni og fara þurfi varlega í sakirnar. „Oft er um að ræða allt sparifé einstaklinga og fjölskyldna og það þarf að fara afar varlega í mál af þessum toga og við verðum að hafa í huga að fasteignasalar geta oft borið verulega ábyrgð,“ segir Eyjólfur.

hjalmar@frettabladid.is

LÖGREGLUFRÉTTIR

BROTIST INN Í GRÖFU Seint í fyrrinótt var brotist inn í vega-vinnugrófu sem var í Vattar-nesskriðum sem eru milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Stolið var geislaspilara og útvarpi en engar skemmdir unnar á vélinni. Lögreglan segir það færast í vöxt að brotist sé inn í vinnuvélar.

LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn á útilistaverki í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag. Verkið heitir Gegnum hljóðmúrinn og er eftir Ásmund Sveinsson. Ásmundur gerði verkið árið 1952 og þessi afsteypa, sem er úr áli og klædd brönsi, var sett við Hótel Loftleiðir árið 1966.



Hrísmjólk með jarðarberjasósu

Bragðið sem allir hafa beðið eftir!



MS
www.ms.is



Opel. Þýski gæðingurinn.



ZAFIRA DVD EDITION ÞITT EIGIÐ BÍLABÍÓ!

Opel Zafira DVD edition sýnir uppáhaldsmyndir barnanna í aftursætinu á ferðalaginu í sumar. Hann er kjörinn fyrir stórar fjölskyldur, ótrúlega rúmgóður en jafnframt einstaklega snúningalipur og skemmtilegur í akstri. Sætin birtast og hverfa með einu handtaki og geymslurýmið eru bókstaflega allsstaðar. Fylltu hann af fólki og leyfðu þér að kynnast honum virkilega vel!

Verð 2.420.000,-

Sértilboð: Álfelgur fylgja

www.opel.is

Nánari upplýsingar um Opel hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.opel.is

FI10N/SJA FI12047

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00



FÖGUR SJÓN Það var fallett að sjá hljóð-láta loftbelgi stíga upp til himins við Debracen í Ungverjalandi í fyrirkvöld en þessa dagana fer þar fram Evrópumótíð í loft-belgjaflogi.

Rauði krossinn safnar afgangsklinki og seðlum frá útlöndum:

Selma gaf afganginn frá Úkraínu

SÖFNUN Selma Björnsdóttir söngkona og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra gáfu í gær Rauða krossi Íslands afgangsklink og seðla frá ferðum sínum til Úkraínu og Kína.

Þeirra gjöf markaði upphaf landssöfnunar Rauða krossins á erlendri mynt og seðlum sem eflaust fylla skúffur og krukur margra landsmanna. Næstu daga verða sérstök umslög send inn á öll heimili og fólk er hvatt til þess að tæma umræddar skúffur og krukur í þágu góðs málefnis.

Afraksturinn verður síðan nýttur til þess að styrkja starf Rauða krossins hér innanlands en

um 1.400 sjálfbóaliðar starfa á vegum Rauða krossins hérlendis. Að sögn Þóris Guðmundssonar, upplýsingafulltrúa Rauða krossins, mætti Sigríður Anna með kínverskt seðlabúnt sem var þó ekki nema nokkur hundruð króna virði, enda kínverskir seðlar stundum jafnvel minna virði en myntin. Selma mætti með fullan poka af klinki en var víst ekki búin að telja saman verðgildið.

Síðast þegar Rauði krossinn stóð fyrir slíkri söfnun söfnuðust um fjórar milljónir króna og segist Þóris vonast til að jafnvel enn meira safnist í þetta skiptið. Hann tekur einnig fram að vegna góðra



SELMA BJÖRNSDÓTTIR OG SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR Selma og Sigríður gáfu Rauða krossinum afgangsklink frá Úkraínu og Kína.

samninga við breskt fyrirtæki sem flokkar gjaldmiðlana séu af- föllin af gjöfunum ekki nema rétt um 10 prósent.

- óá

Upplifði martröð allra mæðra



Yfirvöld tóku barnið af Árnýju Evu einum og hálfum tíma eftir fæðingu

DV – hefur þú séð DV í dag?

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Átta hundruð þúsund börn týnast á ári hverju

Tvö óhugnanleg sakamál þar sem börn eru fórnarlömbin hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum og víðar að undanfögnu. Slíkir harmleikir eru þó því miður ekki einsdæmi.

BANDARÍKIN Tvö sakamál þar sem börn eru í aðalhlutverki hafa vakið mikinn óhug í Bandaríkjunum og víðar. Í öðru málinu fannst barnið á lífi en því hafði verið misþyrmt en í hinu er tveggja systkina saknað eftir að nánustu ættingjum þeirra hafði verið banað. Hátt í átta hundruð þúsund bandarísk börn voru skráð týnd árið 1999.

Á sunnudaginn var fannst átta ára gömul stúlka grafin undir grjóthruðu í ruslagámi í bænum Lake Worth í Flórída. Það má teljast kraftaverk að hún fannst á lífi því lögreglumaður sá fyrir tilviljun glitta í fingurgóma hennar í hrúgunni.

Í ljós kom að telpunni hafði verið nauðgað af unglingspilti sem hafði dvalið á heimili guðmóður hennar og hann síðan skilið hana eftir til að deyja. Þegar hún fannst var hún í furðu góðu ásigkomulagi þrátt fyrir eldraunina. Hún bað strax um að fá að hitta prest til að þakka Guði fyrir björgunina. Illvirkin hefur verið handtekinn og hefur hann játað á sig sök.

Í Idaho-ríki er nú gerð dauðaleit að systkinunum Dylan og Shasta Groene en þau eru aðeins átta og níu ára gömul. Þeirra hefur verið saknað síðan í byrjun síðustu viku en þá fundust móðir þeirra, bróðir og stjúpfaðir myrt á heimili þeirra í bænum Coeur D'Alene.

Í fyrradag hétu yfirvöld rúnum sex milljónum íslenskra króna hverjum þeim til handa sem gæti



ILLVIRKI HANDTEKINN Milagro Cunningham hefur játað að hafa nauðgað ónafngreindri telpu og skilið hana eftir í ruslagámi. Hans biður ævilöng fangelsisvist fyrir vikið.

veitt upplýsingar sem leiddu til að börnin myndu á lífi en lögreglan hefur engar áreiðanlegar vísbendingar um hverjir kynnu að hafa rænt börnunum. Faðir barnanna er ekki grunaður um verknaðinn en hann hefur verið niðurbrotinn frá því að honum var tilkynnt um málið.

Þótt þessi tvö mál hafi vakið sérstaka athygli þá eru slíkir harmleikir því miður ekki einsdæmi í

Bandaríkjunum. Á árinu 1999 fékk lögreglan 797.500 tilkynningar um börn sem sögð voru týnd, þar af voru 58.200 þeirra numin á brott af fólki utan fjölskyldunnar. 115 börnum var rænt af mönnum sem taldir voru hættulegir barnaræningjar og til þeirra spurðist ekkert í afar langan tíma. Ekki kemur fram hversu mörg börn komu í leitirnar heil á húfi.

sveinng@frettabladid.is



DYLAN OG SHASTA GROENE Ekkert hefur til þeirra spurst síðan þau hurfu fyrir rúmri viku.



Þýsk rannsókn á hárlösi:

Skallinn er frá mömmu

ÞÝSKALAND Sköllóttir karlmenn geta nú kennt mæðrum sínum um skallann. Ný rannsókn þýskra vísindamanna sýnir að það eru gen móðurinnar sem ráða því hvort karlmenn fá skalla eður ei en ekki föðurins eins og áður hefur verið talið.



SKALLI Sumir rífa hár sitt og skegg þegar þeir átta sig á að þeir eru að verða sköllóttir.

Vísindamenn við háskólann í Bonn hafa uppgötvað gen á x-litningi sem veldur skalla en genið hefur áhrif á framleiðslu karlhormóns. Þennan tiltekna litning erfa karlmenn eingöngu frá móður, en konur erfa hann hins vegar frá báðum foreldrum. ■



– gefðu þér góðan tíma

lembjör

Íslensk rannsókn á skýmyndun á augasteini: Útivist eykur áhættuna

HEILBRIGÐISMÁL Útivera fólks getur haft veruleg áhrif á myndun skýs á augasteini síðar á ævinni. Gleraugu og höfuðföt geta þó dregið úr hættunni. Þetta kemur fram í niðurstöðum Reykjavíkurrannsóknarinnar, sem Friðbert Jónasson yfir-læknir á auglækningadeild Landspítalans hefur stýrt.

Ríflega þúsund manns tóku þátt í fyrstu rannsókninni árið 1996 en um 850 í þeirri síðari sem gerð var árið 2001.

Niðurstöðurnar benda til þess að mikil útivera auki líkurnar á skýmyndun í berki augasteins. „Það kemur greinilega í ljós að áhætta þeirra sem vinna úti undir beru lofti er þreföld miðað við

hina, og er þetta mjög aukin áhætta“, segir Friðbert.

Íslensku læknarnir báru þessar niðurstöður sínar saman við sams konar rannsóknir sem gerðar voru í Melbourne í Ástralíu og Singapore í Asíu. Þær staðfestu niðurstöðurnar en munurinn á skýmyndun á augasteini milli svæða er sá að á Íslandi er tíðnin mest í efri hluta augasteinsins en í neðri hlutanum bæði í Singapore og í Melbourne. Og það skýrist fyrst og fremst af afstöðu sólar.

- ssal

ÚTIVISTARFÓLK Íslensk rannsókn sýnir að mikil útivera getur haft áhrif á augnheilsu manna síðar á ævinni.



Ferðafrelsi Og Vodafone

Nú getur þú notað Frelsið þitt í útlöndum. Skráðu þig í Ferðafrelsi **Og Vodafone** um leið og þú gengur frá vegabréfinu. Skráning í Ferðafrelsi er án aukagjalds.

og



Heyrumst!



„Ef ég væri ríkur“

Ekki er öllum gefið að eignast mikinn auð á skömmum tíma. Hins vegar geta allir lagt pening í viðbótarlífeyrissparnað Allianz. Þannig er hægt að skapa sér dígran sjóð til þess að hafa í bakhöndinni á efri árunum. Það er aðeins einn lífeyrissjóður á Íslandi með tryggða lágmarks-ávöxtun – það er Allianz.

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is

VIÐBÓTARSPARNAÐUR

– stendur með þér

RAV4 SPORT

Jafnt í borg sem til fjalla



RAV4 SPORT. Fyrir allt sem í þér býr og meira til.

Nú fæst hinn feikivinsæli RAV4 í sérstakri útfærslu með sportlegu yfirbragði. Aukahlutapakki að verðmæti 160.000 kr. fylgir. Pakkinn inniheldur sílsahlíf, krómgrind á afturljós, sportgrill, krómstút á

púst, sílsarör og dráttarbeisli. RAV4 SPORT sameinar því þægindi, kraft, öryggi, sportlegt útlit og hagstæð kjör, en hann fæst frá aðeins 2.720.000 kr. Komdu og prófaðu RAV4 SPORT í dag.

SPORT
PERFORMANCE

Verð frá 2.720.000 kr.

Aukahlutapakki að verðmæti 160.000 kr. fylgir með.

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



Sportgrill



Sílsarör



Krómgrind á afturljós



Sílsahlíf



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

HVAD ER AÐ FRÉTTA? RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR

Í góðu formi og rosalega góð

„Ég hef verið að æfa mjög mikið og verið að breyta þjálfuninni,“ segir Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona sem heldur utan til Andorra á sunnudaginn til að keppa í smáþjóðaleikunum. „Ég er í nokkuð góðu formi og á að verða rosalega góð,“ segir Ragga bjartsýn en hún hefur verið að kenna sjö ára krökkum sund undanfarið. Síðustu helgi útskrifaðist hún af listnámsbraut Fjölbrotaskólans í Garðabæ þar sem hún lærði fatahönnun. „Við hönnuðum heila tiskusýningu,“ segir Ragga um loka verkefni sitt úr skólanum og fór mikill tími í það síðastliðna mánuð. „Það er allt búið og maður veit varla hvað maður á að gera næst,“



segir Ragga hlæjandi. „Í sumar verð ég syndandi, æfandi og keppandi,“ segir Ragga en hún ætlar að flytja til Kaliforníu í nokkra mánuði í haust. Þar ætlar hún að skoða skóla og heimsækja vini. Að sjálfsögðu mun hún verja miklum tíma í lauginni líka. Ragnheiður öklabrotnaði illa í nóvember síðastliðnum. Hún segist varla finna fyrir meiðslunum lengur enda sundið góð sjúkráþjálfun. Fóturinn sé þó ekki fallegur á að líta enda settur örur. Nýlega skipti Ragga um félag, fór úr SH yfir í KR. „Ég er mjög sátt við KR, þar eru æðislegir krakkar sem ég æfi með, frábær þjálfari og yndisleg stjórni.“

SVONA ERUM VIÐ



261 LEIKSKÓLI VAR STARFANDI Á ÍSLANDI Í DESEMBER 2004. Heimild: Hagstofa Íslands

24
stundir

SJÓNARHÓLL HÁTT FATAVERÐ Á ÍSLANDI



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Allir geta skroppið til Bretlands

Verðkönnun hagstofu Evrópusambandsins sýnir að verð á fötum og skóm er hæst á Íslandi og munar jafnvel tugum prósentu á verði. Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmaðlafræðingur segir þessar fréttir koma sér á óvart, sérstaklega að vöruverð á Íslandi sé mun hærra en í Bretlandi. „Þar sem það eru komnar svo góðar samgöngur við Bretland hefði ég heldið að fólk keypti meiri fatnað þar. Það má kannski segja að neytendur sýni vissst ábyrgðarleysi. Ef hægt er að kaupa sömu vörur á lægra verði í Bretlandi geta menn bara sjálfum sér um kennt því núorðið hafa nánast allir efni á að skreppa til Bretlands.“ Þá segir Hannes að spyrja megi hvort ekki séu ósýnilegar hömlur á samkeppni milli erlendra kaupmanna og íslenskra; til dæmis séu takmörk á hversu mikinn fatnað megi flytja til landsins. „Svo er þetta kannski líka upplýsingaskortur og svona kannanir eru til þess fallnar að upplýsa neytendur um hvar sé hagstæðast að versla.“ Sjálfur kaupir Hannes öll sín fót í fríhöfnum flugvalla um allan heim.

Bílakirkjugarður í Ögursveit:

Skilagjaldið væri drjúgt

Þegar keyrt er um Ísafjarðardjúp blasir við óvenjuleg sjón. Við bæinn Garðsstaði í Ögursveit hefur afkastamikill bílasafnari, Þorbjörn Steingrímsson, viðað að sér bílum og öðrum ökutækjum úr öllum áttum. Hátt í 500 bílar, vinnuvélar og grófur blasa við þeim sem eiga leið um djúpið hvort sem farið er um loft, lád eða lög.

„Ég hef gaman að þessu,“ er eina skýringin sem Þorbjörn hefur fyrir þessu gríðarlega safni. Hann hefur safnað bílum á jörðina allt frá árinu 1982 en hann býr sjálfur orðið á Ísa-firði.

Töluvert er um að fólk komi og skoði safnið en Þorbjörn segist ekki hafa auglýst þetta neitt.

Þorbjörn sér ekki fram á annað en að halda áfram að safna bílum. Þó segir hann að mun minna bætist við nú þar sem skilagjald fáið fyrir bíla. „Það væri gaman að geta fengið skilagjald á alla 500 bílana,“ segir Þorbjörn og hlær. En það verður víst ekki af því og ljóst að bílasafnið á Garðsstöðum er ekki á förum. ■



GARÐSSTAÐIR Um 500 ökutæki blasa við þeim sem eiga leið um Ísafjarðardjúp.



AUSTURBÆJARSKÓLI Þorleifur Garðarsson húsvörður gefur Rauða krossinum sex til átta fulla ruslapoka á hverju ári.

Grunnskólarnir eru fullir af óskilamunum

Óskilamunir hafa hrannast upp í grunnskólum Reykjavíkur í vetur og virðist sem foreldrar kæri sig ekki of mikið um að vita hvað verði um flíkur barna sinna.

Húsvörðir í skólum á höfuðborgarsvæðinu gefa mikið magn til góðgerðarmála á hverju ári. „Það er alveg hellingur í óskilum hjá mér og mikið af dýrum flíkur, flíspesum, skóm og öðru þess háttar,“ segir Þorleifur Garðar Sigurðsson, oftast nefndur Búbbi, húsvörður í Austurbæjarskóla. Þorleifur segir að sex til átta fullir ruslapokar af fötum séu gefnir til Rauða krossins á hverju ári. „Ef eitthvað er þá stækkar skammturinn á hverju ári, fólk virðist ekki sjá mikið eftir þessum ágætu fötum,“ bætir Þorleifur við.

Svipaða sögu er segja í Langholtsskóla. Rikhard Óskarsson húsvörður segir magnið hjá sér aukast ár frá ári. „Það er gífurlega mikið af fötum hérna af öllum tegundum, vettlingar, skór, úlpur og allt þar á milli,“ segir Rikhard. Hann telur magnið vera um tíu til tólf ruslapokar og verður það allt gefið til Rauða krossins eftir að skólaári lýkur.

Eliás Sigurbjörnsson, húsvörður í Víðistaðaskóla, segist reyna eftir fremsta megni að koma fötunum til eiganda sinna. „Ég held óskilamunum frá hverjum skólavetri eftir til næsta

hausts og held þá smá sýningu fyrir foreldra, sem geta þá skimað eftir týndum flíkur,“ segir Eliás. Hann nær með þessu móti að halda skammtinum í þremur til fjórum ruslapokum.

Hagaskóli og Fellaskóli gefa einnig mikið magn til góðgerðarmála, eða rétt um fjóra ruslapoka hvor skóli.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 66 grunnskólar og miðað við þessa litlu vettvangsrannsókn má leiða að því líkur að grunnskólarnir gefi tæpa 400 fulla ruslapoka af óskilamunum til góðgerðarmála.

magnush@frettabladid.is



VÍÐISTAÐASKÓLI Húsvörðurinn Eliás Sigurbjörnsson segir óskilamunina vera af öllu tagi.



LANGHOLTSSKÓLI Rauði krossinn útteilir fötunum sem eftir verða í skólunum til fólks sem þarf á þeim að halda.



TILBOÐSDEKK

ÓTRÚLEGT VERÐ!

ADEINS FYRSTA FLOKKS DEKK • FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
FÓLKSBÍLADEKK • JEPPEDEKK

DEKKJAHÓTEL

VIÐ GEYMUÐ DEKKIN FYRIR ÞIG ALLT ÁRIÐ GEGN VÆGU GJALDI

GÚMMÍVINNUSTOFAN EHF.

RÉTTARHÁLSI 2 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 5588

WWW.GVS.IS / WWW.TILBODSDEKK.IS

PEUGEOT 407

TÖLUM UM NÝSKÖPUN

Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla



HER & NU / SIA

Peugeot 407 frá kr. **2.190.000**
kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.350.000**
kr. 24.618 á mánuði *

www.peugeot.is



airbags



AC¹



M.I.L.



JBL



F.A.P.



ESP²



Tiptronic³



T.D.T.

Komdu og upplifðu meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Það er ekki aðeins krafturinn í hönnuninni sem gerir hann sérstakan - líka samspilið af þægindum, sportlegum aksturseiginleikum og öryggi. Þú hefur fjölda möguleika í útfærslu, þannig að við höfum um margt að tala saman. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá kr. 2.190.000 - kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW verð frá kr. 2.350.000 - kr. 24.618 á mánuði *

* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

407



PEUGEOT




BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985

Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK	3.41	13.25	23.10
AKUREYRI	3.00	13.09	23.22

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 25. maí, 145. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Það er auðvelt að fá mömmu til að hlæja. Ég byrja bara og þá fer hún strax að herma eftir mér!



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.

ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is



allt

nám o.fl.

Einkaflugmaður tekinn með hraði

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



„Ef maður hefur áhuga fyrir einhverju er maður miklu viljugri að leggja eitthvað á sig,“ segir Sigrún Kristbjörg sem hér situr með verðlaunin sín.

Einbeitir sér að tónlistinni í sumar

Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir varð dúx á stúdentsprófinu frá Flensburg. Við útskriftarathöfnina sallaði hún á sig verðlaunum fyrir námsárangur í tungumálum og spilaði auk þess á básúnu í sprellumhljómsveit skólans.

„Ég fékk nú ekkert fullt af tíum,“ segir Sigrún Kristbjörg aðspurð og gefur ekki meira upp um það mál. Spurð út í verðlaunin segir hún hógvær. „Jú, eitthvað fékk ég af þeim,“ en getur ekki talið þau upp fyrr en að rannsókuðu máli. Hún hefur heldur ekki haft fyrir því að reikna út meðaleinkunnina sína og segir það hafa komið sér verulega á óvart þegar hún varð dúx. „Ég átti alls ekki von á þessu,“ segir hún. Tungumálin eru hennar eftirlætisfög enda fékk hún verðlaun fyrir íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku. „Ef maður hefur áhuga á einhverju er maður miklu viljugri að leggja eitthvað á sig. Það er líka svo

gaman að læra eitthvað sem maður getur notað og þannig eru tungumálin.“

Sigrún Kristbjörg verður tvítug í september og þótt hún væri fjögur ár í framhaldsskólanum lauk hún námsefninu á þremur og hálfu. Eina önn var hún í Þýskalandi en fékk hana ekki metna hér. Svo stundar hún nám í básúnuleik líka og kveðst hafa verið í hópi tónlistarnema sem séd hafi um söngkeppnina í Flensburg. „Þegar eitthvað hefur verið um að vera höfundur við oft staðið fyrir einhverju sprelli,“ segir Sigrún Kristbjörg, sem hyggst taka fri frá bóknaði næsta vetur og einbeita sér að básúnunni, auk þess að vinna eitthvað með. Greinilegt er að líf hennar mun snúast mikið um tónlist á næstunni því í sumar ætlar hún að starfa með tónlistarhópi á vegum Hafnarfjarðarbæjar og fram undan er ferð með Bigbandi Tónlistarskólans til Svíþjóðar. Fyrst verða reyndar Bigbandstónleikar í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Þeir eru á dagskrá næsta þriðjudagskvöld. ■

Krakkar fá innsýn í sveitalífið

BÖRNUM ER BOÐIÐ UPP Á REIÐNÁMSKEIÐ OG SVEITADVÖL Í SKAGAFIRÐI.

Boðið er upp á á sveitadvöl og reiðnámskeið fyrir krakka á aldrinum 8 til 14 ára á bænum Flugumýri í Skagafirði þar sem rekið er hrossa-ræktarbu og hestatengd ferðaþjónusta. Boðið er upp á vikuvöl í sveitinni þar sem börnum gefst kostur á að taka þátt í daglegu lífi á búinu og fá leiðsögn í umgengni og reiðmennsku við hæfi hvers og eins. Dvölin er frá mánudagsmorgni til sunnudagseftirmiðdags vikulega í júní, það fyrsta hefst mánudaginn 6. júní. Dvölin er hugsuð sem heimsókn á sveitabæ þar sem krakkar fá innsýn í sveitalífið og náttúruna á staðnum meðfram reiðkennslunni. Á bænum eru einnig kindur og kýr, sem áhugavert er að skoða og kynna. Einnig verður farið í sund í Varmahlíð auk þess sem krakkarnir fá tækifæri til að skoða sig um í Skagafirði og skoða áhugaverða staði þar eins og Hóla í Hjaltadal og Vesturfarasetrið á Hofsósi.



LIGGUR Í LOFTINU

í námi

Innritun í framhaldsskóla verður rafræn þetta vorið og væntanlega til framtíðar. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að nemendur sem nú eru að útskrifast úr grunnskólum geti sótt um á netinu. 10. bekkingar hafa fengið sent bréf þar sem fyrirkomulagið er útlitað en innritun á vefnum stendur til 14. júní.



Viðskiptaháskólinn á Bifröst undirritaði um síðustu helgi samning við Háskólann í Shanghai og er það einn víðáðamesti samningur sem íslenskur háskóli hefur gert við háskóla í Asíu. Samningurinn er um víðtækt samstarf skólanna tveggja varðandi kennslu, rannsóknir og ráðstefnuhald auk þess sem Bifröst og Shanghai-háskóli

munu skiptast á kennurum. Gert er ráð fyrir að næsta vor verði 15 nemendur frá Bifröst í Shanghai og að tugir kínverskra nemenda muni nema á Bifröst næstu misseri og ár.

Alþjóðleg ráðstefna um hugbúnaðarþróun verður haldin 30. og 31. maí í Háskóla Íslands. Þann 27. maí og 1. júní verða haldin fjögur stutt námskeið í tengslum við ráðstefnuna. Markmið ráðstefnunnar er að afla nýrrar þekkingar og deila reynslu af hugbúnaðarþróun. Meðal umfjöllunar-efnis verður áhættustjórnun, hugbúnaðarferli, nýtsmi hugbúnaðar, gæðastjórnun og kvikar (e. agile) aðferðir við hugbúnaðarþróun. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum hi.is.

nam@frettabladid.is

Fjarnám fyrir höfuðborgarbúa

FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI - INNTRITUN STENDUR YFIR TIL 5. JÚNÍ

Háskólinn á Akureyri býður upp á fjarnám í samstarfi við Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði. Í boði er nám í eftirfarandi deildum

- Auðlindadeild (B.Sc.) Líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldi, umhverfisfræði og orkumál
- Kennaradeild (B.Ed.) Grunnskólabraut og leikskólabraut
- Viðskiptadeild (B.Sc.) Viðskiptafræði



Nánari upplýsingar veittar hjá Háskólanum á Akureyri í síma 460-8000 eða hjá Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði í síma 585-5860. Einnig er að finna upplýsingar á www.unak.is



MIÐSTÖÐ SIMENNTUNAR
í Hafnarfirði

Námsefni

Nú er ráð að fá bækurnar hjá þeim sem eru í árganginum á undan og eru að klára prófin og tryggja sér bækurnar fyrir næsta vetur. Með þessu er hægt að losna við erlínna á skiptibókamarkaðnum í haust.



Tölvunám í viðurkenndum skóla
- skráðu þig núna í spennandi nám hjá Tölvuskóla TV

Stafræn ljósmyndun

Búðu þig undir myndatökur sumarsins með því að sækja þetta frábæra námskeið um stafræna ljósmyndun og vinnslu mynda í tölvum.

Farið er yfir grunnatriði ljósmyndatöku, stillingar ljósmyndavélarinnar, færslu mynda í tölvu og úrvinnslu þeirra með Photoshop Elements.

Helstu kennslugreinar

- Stafrænar ljósmyndavélar, stillingar og myndatökur
- Flutningur ljósmynda í tölvu til úrvinnslu og prentunar
- Myndvinnsla með Photoshop Elements (sýniseintak fylgir)

Áhugavert og spennandi námskeið sem enginn verður svikinn af.

Lengd: 13 stundir. Verð: 16.900 *)

Tímar: Námskeið á daginn eða síðdegis

*) Afsláttur til félagsmanna VR, Eflingar og helstu stéttarfélag.

Tölvumennt TV til betri verka
- hringdu núna í síma 520 9000
- eða líttu við á www.tv.is



Grensásvegur 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Kjörið í útskriftarveisluna

Veislu- og fundabakkar
Quiznos SUB



Suðurlandsbraut 32 • S: 577 5775



Kynning á EF málaskólum um allan heim!

Stúdentarferðir verða með kynningu á EF málaskólum fimmfundaginn 26. maí kl. 17.30 á Café Sólun 2. hæð. Við hvetjum eindregið þá sem eiga bókað í EF málaskóla til að mæta.



STÚDENTARFERÐIR
exit.is

Bankastræti 10 • 101 Reykjavík • Sími 562 23 62 • info@exit.is

FRÉTTABLAÐID/GVA



Verknám og listnám sameinast í nýju margmiðlunarnámi.

Nýtt og spennandi nám í Borgarholtsskóla

Borgarholtsskóli í Reykjavík býður í haust upp á nýtt nám þar sem tvinnuð er saman listnám á sviði margmiðlunarhönnunar og iðnnám í fjölmiðlatækni.

Borgarholtsskóli hefur frá upphafi lagt áherslu á upplýsingatækni og meðal þess sem hefur verið í boði um skeið er nám í margmiðlunarhönnun á listnámsbraut og fjölmiðlatækninám á upplýsinga- og fjölmiðlabraut á verknáms sviði. Nú hefur verið unnið að breytingum á námskrá skólans og í haust verður í fyrsta skipti boðið upp á námsleiðir þar sem listnámið og fjölmiðlatækninámíð tvinnast saman.

Nemendur sem innrita sig í margmiðlunarhönnun á listnámsbraut taka sameiginlegan kjarna í list- og fjölmiðlatæknigreinum en geta svo valið hvort þeir taka

margmiðlunarkjörsvið, þar sem lögð er áhersla á fagurfræði og hönnun, eða fjölmiðlatæknikjörsvið þar sem tæknilega hliðin fær meira vægi. Um þriggja ára nám er að ræða, sem veitir nemendum góðan grunn fyrir áframhaldandi listnám og býr þá jafnframt undir störf á fjölmiðlum.

Kristján Ari Arason, fagstjóri í fjölmiðlagreinum við Borgarholtsskóla, segir að samvinnun listnáms og iðnnáms með þessum hætti miði að því að tengja námsbrautir og brjóta niður afmörkun milli greina. „Um áratugaskeið hefur verið gríðarlegt gap á milli verknáms annars vegar og bóknaðs hins vegar og listnámið hefur staðið þarna til hliðar. Nú erum við að reyna að brúa þetta bil og gerum það með því að tengja saman þessar námsleiðir sem hafa svo marga snertifleti,“ segir Kristján og fullyrðir að með samvinnuninni fái nemendur meira út úr náminu. „Það er ekki nóg að



Kristján Ari Arason fagstjóri segir að mikill áhugi sé fyrir nýja náminu.

kunna bara á tæknina, maður þarf að skilja hverju maður er að miðla og að sama skapi þarf sá sem vill miðla einhverju að þekkja tæknina og þá möguleika sem hún gefur.“

Borgarholtsskóli hefur undanfarin ár starfrækt svokallað dreifnám þar sem fagfólk í upplýsinga- og fjölmiðlageiranum hefur fengið tækifæri til að bæta við menntun sína. „Okkur fannst hefðbundin fjarkennsla ekki sinna nemandanum nógu vel og þróuðum þess vegna dreifnámið, sem hefur gefið gríðarlega góða raun,“ segir Kristján. Dreifnámið fer þannig fram að kennt er með virkri fjarkennslu á netinu en auk þess koma nemendur í skólann einu sinni í mánuði til að vinna að verkefnum. Vikulega hittist hópurinn svo á spjallrás á netinu þar sem rætt er um námsefnið og þannig myndast samstaða og stemning í hópnum.

Nýja námið sem boðið verður upp á í haust stendur nemendum til boða hvort sem þeir kjósa að stunda hefðbundinn dagskóla eða dreifnám.

thorgunnur@frettabladid.is



Í Borgarholtsskóla er góð aðstaða fyrir nemendur.

Mikil eftirspurn eftir hraðferð í flugnámi

Flugskóli Íslands býður í sumar upp á sex vikna hraðnámskeið til einkaflugmannsprófs.



Þeir sem vilja læra að fljúga hafa hingað til þurft að sitja tólf vikna kvöldnámskeið í Flugskóla Íslands á veturna. Slíkt nám verður áfram í boði í haust en óþolinmóðir geta flýtt fyrir sér og klárað námið á helmingi styttri tíma á hraðnámskeiði í sumar. Kennir verður alla virka daga milli klukkan 8.30 og 14 og geta nemendur safnað verklegum flugtímum seinnipartinn og um helgar.

Baldvin Birgisson, skólastjóri Flugskóla Íslands, segir að mikill áhugi sé fyrir hraðnámskeiðinu og það hafi komið starfsmönnum flugskólans töluvert á óvart. „Við höldum að flestir vildu vera í fríi á sumrin en annað kom á daginn og eftirspurnin er mikil. Hluti nemenda hyggur á atvinnuflugmannsnám og með því að klára einkaflugmannsprófið í sumar ná þeir að byrja í atvinnufluginu í haust og geta verið komnir með atvinnuflugmannsréttindi í júní á næsta ári. Þetta fyrirkomulag stýttir námstímann því töluvert,“ segir Baldvin. Skráning á námskeiðið stendur yfir og kennsla hefst miðvikudaginn 1. júní.



Hilmar Oddsson hefur með höndum kennslu í kvikmyndadeild Leiklistarháskólans og er því þrautþjáfaður.

Gerum eitthvað skemmtilegt saman

Námskeið í kvikmyndaleik verður haldið á Ísafirði í sumar á vegum Vest-Norræna æskulýðssamstarfsins.

„Þetta er námskeið fyrir ungt fólk frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum og ég ætla að kenna því grunnundirstöðu þess að standa fyrir framan kvikmyndavélar og túlka tilfinningar og gjörðir,“ segir Hilmar. „Við gerum eitthvað skemmtilegt saman og útkoman verður mynd sem krakkarnir horfa á og eiga að læra af. Það er bara hálf gagn af því að leika ef maður sér

aldrei hvað maður gerir.“

Námskeiðið er liður í þriggja ára leiklistarverkefni sem Vest-Norræna æskulýðssamstarfið stendur að. Ungmennafélag Íslands er fulltrúi landsins. Samstarfið hófst í fyrra er ungmenni frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum lærðu að leika trúða í Qaqortoq á Grænlandi. Þriðja námskeiðið verður haldið að ári í Færeyjum. ■

Báru saman daglegt líf

Konur frá ýmsum Evrópulöndum héldu ráðstefnu héraendis á dögunum sem var liður í verkefni um að auka sjálfstraust kvenna. Nemendur úr enskuskóla Erlu Ara tóku þátt.

Þátttakendur komu frá Tyrklandi, Þýskalandi, Portúgal, Spáni, Finnlandi og Danmörku. Konurnar hafa síðasta ár hlotið kennslu í tölvunotkun og þjálfun í kynningum. Íslensku konurnar tóku virkan þátt í að undirbúa ráðstefnuna og taka á móti konunum. Meðal annars buðu þær þeim í hefðbundinn íslenskan hádegismat á einu heimili og hnallþóru á öðru og fóru með þær í heimsókn á vinnustaði sína.

Á heimleið úr dagsferð að Gullfossi og Geysi var komið við hjá húsmóð-

ur á Laugarvatni sem fór með hópinn að hver að grafa upp rúgbrauð.

Á heimili hennar var síðan boðið upp á rúgbrauð með reykum silungi, sem að sjálfsögðu var veiddur og reykur á staðnum, og íslenskar vöffur með rabarbarsultu og rjóma.

Á ráðstefnunni kynntu konurnar líf sitt og heimaland og að sögn Erlu Ara var sú kynning mjög athyglisverð. Verkefnið var styrkt af Grundvig, fullorðinsfræðslu Sókratesar, sem vinnur að því að efla Evrópuvitund í símenntun með evrópsku samstarfi.



Gullfoss var meðal viðkomustaða ráðstefnugesta.

Porgeir Ástvaldsson | Kristófer Heigason | Ásgeir Páll Agústsson

Bylgjan 98.9
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

Tölvuskóli TV sumar 2005
Frábær tölvunámskeið fyrir hressa krakka

www.tv.is

Veittu barninu þínu forskot með því að bjóða því á tölvunámskeið hjá okkur í sumar.

Frábærir kennarar, spennandi námsefni og áhugaverð námskeið í júní og ágúst um Stafræna ljósmyndun, Heimasíðugerð með stæl og Forritun frá 9:00-12:00.

Skemmtileg verkefni í bland við kennslu.

Námskeið hefjast í júní.

Hringdu strax í dag og tryggðu sæti á góðu verði!

20% afsláttur fyrir tvo eða fleiri

Tölvu- og verkfræðipjónustan
Grensásvegi 16 • 520 9000

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Nám sem nýtist þér!

Skrifstofubraut I

Er tveggja anna braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Inntökuskilyrði: Grunnskólapróf.
Kennslutími: 8:20 12:55. Kennsla hefst 24. ágúst

Skrifstofubraut I Fjarnám

Nú gefst fólki utan höfuðborgarsvæðisins í fyrsta sinn tækifæri til fjarnáms á skrifstofubraut I - sjá frekari upplýsingar á mk.is

Framhaldsnám - Skrifstofubraut II

Nú stendur einnig yfir innritun í tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi. Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.
Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
Kennslutími: 8:20 12:55. Kennsla hefst 24. ágúst.

Upplýsingar veitir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000 milli kl. 9:00 og 12:00. Netfang. ik@mk.is

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
www.unak/felagsgaga

Lögfræði

ÆTLAR ÞÚ AÐ LÆRA LÖGFRÆÐI?

Við Háskólann á Akureyri er boðið upp á fjölbreytt fræðilegt BA nám í lögvisindum með áherslu á samburðarlögfræði og þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. Að því loknu geta nemendur farið í tveggja ára embættisnám, þar sem áhersla er lögð á sigildar kjarnagreinar í íslenskum lögum. Samanlagt uppfyllir þetta fimm ára laganám allar þær kröfur sem gerðar eru til embættisnáms í lögfræði. Námið hefur alþjóðlegt yfirbragð því sérfræðingar frá ýmsum löndum koma að kennslunni. Þessi tilhögun er því góður undirbúningur fyrir störf í alþjóðlegu umhverfi.

Í laganámi við Háskólann á Akureyri skoða nemendur alþjóðamál og samfélagsleg viðfangsefni með gagnrýnum augum. Í ljósi alþjóðlegs starfsumhverfis lögfræðinga er lögð sérstök áhersla á þjóðarétt, Evrópurétt, auðlinda- og umhverfisrétt, og mannréttindi. Kennendur réttarsaga og réttarheimspeki og áhersla lögð á samburðarlögfræði, þar sem nemendur læra að skoða og skilja lög út frá ólíkum hefðum og forsendum. Einnig læra nemendur réttarfélagsfræði, réttarhagfræði og siðfræði starfsstétta.

Dr. Rachael Lorna Johnstone
lektor við félagsvísinda- og lagadeild

Lögfræðin í Háskólanum á Akureyri vakti fyrst og fremst áhuga minn vegna áherslna á alþjóðlegt nám sem kennt er af erlendum prófessorum. Símat er annar stór kostur þar sem álagið er jafnt alla önnina, og sem nemandi veit ég alltaf hvar ég stend eftir hvert fag. Bekkirnir eru litlir og nán tengsl við kennara.

Sigurður Pétur Hjaltason
nemandi í lögfræði

Upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á slóðinni www.unak.is. Þar er jafnframt hægt að skrá sig á póstlista til að fá kynningarefni sent heim.

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-
SÍMINN ER OPINN
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Volkswagen Passat Basic Line Skráður 12/98 bsk. Ek. 109 þús. km. Verð 860.000. Tilboð 680.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Subaru Legacy Wagon Skráður 03/96 bsk. Ek. 172 þús. km. Verð 650.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Suzuki Baleno Skráður 07/01 ek. 51 þús. km. Verð 1.100.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mitsubishi Lancer Wagon 4x4 Skráður 06/01 bsk. Ek. 90 þús. km. Verð 1.060.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Subaru Impreza GL Skráður 04/99 ssk. Ek. 136 þús. km. Verð 770.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Nissan Almera Visia Skráður 03/03 bsk. Ek. 66 þús. km. 1.170.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Peugeot 307 Skráður 03/04 ek. 16 þús. km. Verð 1.670.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Daewoo Nubira Skráður 09/98 ek. 103 þús. km. Verð 490.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Passat Skráður 09/00 bsk. Ek. 116 þús. km. Verð 1.040.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Suzuki Baleno GLX Skráður 04/99 ssk. Ek. 78 þús. km. Verð 720.000. Ofurtílbóð 520.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Space Star Skráður 05/99 bsk. Ek. 118 þús. km. Verð 650.000. Tilboð 530.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Outback Skráður 05/98 ssk. Ek. 118 þús. km. Verð 1.190.000. Tilboð 1.040.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6CD Skráður 07/98 ek. 92 þús. km. Verð 790.000. Tilboð 620.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Forester Skráður 10/99 ek. 82 þús. km. Verð 1.070.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6GL Skráður 07/98 ek. 145 þús. km. Verð 690.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Forester CS Skráður 08/00 ssk. Ek. 98 þús. km. Verð 1.260.000. Tilboð 1.060.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Golf GL Skráður 08/97 bsk. Ek. 130 þús. km. Verð 490.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota Avensis skráður 08/00 bsk. Ek. 76 þús. km. Verð 1.090.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Daewoo Nubira Skráður 04/99 bsk. Ek. 98 þús. km. Verð 560.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL Skráður 11/98 bsk. Ek. 95 þús. km. Verð 770.000. Tilboð 620.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Lancer Wagon Skráður 06/97 bsk. Ek. 109 þús. km. Verð 650.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Impreza WRX skráður 10/04 bsk. Ek. 3 þús. km. Leður og lúga Verð 2.980.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Wagon Skráður 09/96 ssk. Ek. 140 þús. km. Verð 710.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Wagon Skráður 04/00 ssk. Ek. 71 þús. km. Verð 1.230.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Zafira Comfort Skráður 02/02 ssk. Ek. 1.490.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa Comfort Skráður 05/01 bsk. Ek. 76 þús. km. Verð 780.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota Avensis Skráður 10/99 ssk. Ek. 88 þús. km. Verð 1.050.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Patrol Elegance Skráður 05/03 ssk. Ek. 44 þús. km. Verð 4.190.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy GL Skráður 04/00 bsk. Ek. 77 þús. km. Verð 1.120.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.4 Skráður 04/98 bsk. Ek. 79 þús. km. Verð 470.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.2 Skráður 06/03 bsk. Ek. 59 þús. km. Verð 1.270.000. Ofurtílbóð 990.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Zafira Comfort Skráður 05/02 ssk. Ek. 72 þús. km. Verð 1.680.000. Ofurtílbóð 1.380.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.4 Skráður 05/97 bsk. Ek. 129 þús. km. Verð 350.000. Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Isuzu Trooper 3.0 35" Skráður 04/99 bsk. Ek. 166 þús. km. Verð 1.690.000. Tilboð 1.470.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa Comfort Skráður 02/04 ssk. Ek. 16 þús. km. Verð 1.480.000. Tilboð 1.280.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Patrol Elegance 35" Skráður 12/03 ssk. Ek. 34 þús. km. Verð 4.520.000. Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Visia Skráður 03/03 bsk. Ek. 74 þús. km. Verð 1.130.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Saab 9-3 Skráður 07/01 ssk. Ek. 74 þús. km. Verð 1.660.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Impreza GL Skráður 01/00 ssk. Ek. 87 þús. km. Verð 980.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota Land Cruiser 4700 Skráður 08/99 Ek. 111 þús. km. Verð 3.330.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Suzuki Baleno stw 4x4 Skráður 07/02 ek. 34 þús. km. Verð 1.310.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is



DRÍFANDI LÚXUSBÍLL

FILEN/SIA



Subaru Outback er glæsileg lúxusbifreið sem sameinar kosti jeppa og fólksbíls. Mikil veghæð, fullkomið fjórhjóladrif, ríkulegur staðalbúnaður, gott rými og gríðarlegt afl gera aksturinn að eftirsóknarverðri upplifun. Subaru Outback er fáanlegur með 2,5 lítra og 3,0 lítra 245 hestafla vél sem er hreint út sagt alveg meiriháttar.

Subaru aldrifið er listaverki líkast – lárétt Boxer vél og fullkomin fjórhjóladrifstækni tryggja hámarks rásfestu og veggrip á öllum hjólum. Hér ræður jafnvægið ríkjum og tryggir afl og aksturseginnleika sem eiga sér fáar hliðstæður í hvaða verðflokki sem er.

Útfærsla	2.5i sjálfskiptur	3.0 H6 sjálfskiptur
Verð	3.360.000 kr.	4.190.000 kr.





Extreme

hraðbón
Háþróað Trilicone™ efni

Inniheldur þrjár sílikon sameindir sem saman veita dýpsta mögulega gljáa og vernd og binda bónið þannig að meðferðin endist í langan tíma.

EXTREME bónið hefur einstaka hreinsieiginleika, hrindir sérstaklega vel frá sér vatni, verndar lakkid og gefur því djúpan gljáa með mikla endingu. Inniheldur UV vernd. Auðvelt í notkun og má nota á allt lakk, einnig metal og glæru.



Sími 535 9000

Fæst einnig á bensínstöðvum Skeljungs

United í verðsamráði

Tíu breskum íþróttafyrirtækjum gert að greiða bætur eftir að upp komst um verðsamráð.

Samkeppnisfyrirvöld í Bretlandi hafa sektað knattspyrnufélagið fornfræga Manchester United, auk fjölda íþróttafyrirtækja, fyrir að hafa haft verðsamráð um sölu á keppnistreyjum.

Alls voru tíu aðilar sektaðir, þar á meðal enska knattspyrnu-sambandið, íþróttavöruframleiðandinn Umbro og íþróttavörukeðjan JJB Sport. Fleiri félög, á borð við stórveldin Chelsea og Glasgow Celtic, voru talin hafa óhreint mjöl í poka-

horninu, en sluppu með ávitur.

Sektirnar hljóðuðu samtals upp á tvo milljarða króna. Manchester United var gert að greiða um 170 milljónir.

Sala á keppnistreyjum færir félögunum umtalsverðar tekjur í kassann og nýta þau tækifærið með því að láta hanna nýjar treyjur nánast á hverju ári.

Það voru þó ekki tíð skipti á búningum eða margir varabúningar sem fóru fyrir brjóstið á samkeppnisfyrirvöldum, heldur



FYRIRLIÐINN FAGNAR Roy Keane fær sinn búning ókeypis.

það að samráð skyldi haft um verð.

Síðan rannsóknin hófst árið 2000 hefur verð á treyjum lækkað um allt að 40 prósent. - jsk

Martin gagnrýnir stórfyrirtæki

Chris Martin, söngvari bresku Íslandsvinanna í Coldplay, gagnrýndi á dögunum útgáfufyrirtæki sveitarinnar, EMI, og hluthafa þess.



CHRIS MARTIN SÖNGVARI COLDPLAY Segir stórfyrirtæki og hluthafa eitt stærsta vandamál samtímans.

Martin sagði fyrirtækið setja of mikinn þrýsting á Coldplay um að klára nýju plötuna sem væntanleg er í sumar, en fyrirtækið hafði kvartað undan því að kostnaður við plötuna ryki upp úr öllu valdi vegna sífældra frestana.

Martin telur stórfyrirtæki og hluthafa þeirra hreinlega ill og að þau séu ein stærsta hættan sem

steðji að heiminum í dag. Hljómsveitin taki sér þann tíma sem til þurfi og muni ekkert senda frá sér fyrr en hún sé fullkomlega sátt við það.

„Mér er alveg sama hvað þeim hjá EMI finnst. Það er nú hálf undarlegt að eyða átján mánuðum í upp-tökuveri og uppgötva svo seint og um síðir að maður er bara þræll einhvers stórfyrirtækis,“ sagði hann hundfúll.

Sveitin hefur áður sent frá sér tvær plötur en nýja platan, sem hlotið hefur nafnið X & Y, verður sú fyrsta í þrjú ár. - jsk

Farþegum fjölga en tap eykst

Stjórnendur easyJet gera ráð fyrir hagnaði á árinu.

Tekjur easyJet jukust á síðustu sex mánuðum um 26 prósent frá fyrra ári. Tekjur félagsins námu 553 milljónum punda fyrir skatta eða 65 milljörðum króna.

Tap af rekstri fyrirtækisins á sama tíma var 31 milljón punda eða 3,7 milljarðar króna og jókst milli ára.

Farþegum félagsins fjölgaði um 25 prósent á tímabilinu og á sama tíma batnaði sætanýting.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að vegna olíuverðs og gengis sé áfram gert ráð fyrir að hagnaður félagsins verði minni en í fyrra en í takt við væntingar.

Gengi hlutabréfa í easyJet lækkuðu nokkuð í gær eftir að sex mánaða uppgjör félagsins til 31. mars var tilkynnt.



FL Group á 10 prósent hlut í easyJet og keypti félagið hlutinn undir lok síðasta árs á í kringum 7,5 milljarða. Síðan hefur gengi félagsins hækkað um 50 prósent og hefur því félagið hagnast um hátt í fjóra milljarða á fjárfestingu sinni. - dh

Microsoft í vondum málum

Evrópusambandið hefur gefið forsvarsmönnum Microsoft-tölvurísans frest til máloka til að uppfylla kröfur sambandsins um bætta viðskiptahætti, að öðrum kosti verði þeim gert að greiða allt að 350 milljónir króna í sektir á dag.

Microsoft er gefið að sök að hafa brotið samkeppnislög og hefur Evrópusambandið farið þess á leit við fyrirtækið að það skili skýrslu um hvernig það hyggist bæta ráð sitt:

„Það er langt síðan við náðum samkomulagi um hvernig ætti að leysa málið. Nú erum við bara að bíða eftir því að Microsoft vinni heimavinnuna sína“, sagði Neelie Kroes, forstöðumaður samkeppnismála innan Evrópusambandsins. - jsk



PÓSTURINN
allur pakkinn

Með því að láta Póstinn sjá um allan pakkann sparar þú rekstrarkostnað. Pósturinn kemur á fyrirfram ákveðnum tíma, tekur allar sendingar og skilar þeim fljótt og örugglega til viðtakenda. Hafðu samband við sölufulltrúa í síma 580-1090 eða í netfangið solufulltruar@postur.is og fáðu nánari upplýsingar.

www.postur.is

Leynd hjá Nintendo

Áhugamenn um leikjatölvur gætu þurft að bíða aðeins áður en þeir fá að reyna nýjustu afurð Nintendo-fyrirtækisins, Revolution-leikjatölvuna.



NINTENDO REVOLUTION Forsvarsmenn Nintendo vilja ekkert gefa upp um nýjustu afurð sína.

Útlit tölvunnar var frumsýnt á dögum en forsvarsmenn fyrirtækisins harðneita að gefa nokkuð upp um hvað hún inniheldur og það þrátt fyrir að keppinautarnir, Sony og Microsoft, hafi sent frá sér upplýsing-

ar um væntanlegar tölvur sínar.

„Mér finnst ekki við hæfi að standa í einhverjum metingi, við látum verkin einfaldlega tala,“ sagði Jim Merick, markaðsfulltrúi Nintendo í Evrópu.

Nintendo, sem hefur minnsta markaðshlutdeild á leikjatölvumarkaðnum af fyrirtækjunum þremur, upplýsir að tölvan komi í búðir árið 2006 en gefur ekki upp nákvæmari dagsetningu. - jsk

Ný apategund í Tansaníu

Ný apategund hefur fundist í skógum Tansaníu og hefur hlotið latneska nafnið „*lophossecus kipunji*“. Þetta er fyrsta nýja afríska apategundin sem finnst í meira en tuttugu ár og er strax komin á lista yfir dýr í bráðri útrýmingarhættu.

Lið rannsóknarmanna undir stjórn Tim Davenport heyrði apans fyrst getið í munnmælasögum sem gengu meðal innfæddra í þorpi einu í Tansaníu. Strax og þeir heyrðu sögurnar fóru Davenport og hans menn af stað, en það var ekki fyrr en að tæpu ári liðnu að leitinn bar árangur.



NÝI APINN Hefur verið skýrður *lophossecus kipunji* upp á latínu og gefur frá sér hljóð sem minnir á hundsgelt og bílflautu.

Apinn er náskyldur bavíönunum en þó örlítið hærri í loftinu, með löng skegghár og stífan hártopp og gefur frá sér hljóð sem vísindamenn segja einhvers konar blöndu af hundsgelti og bílflauti. - jsk

Rauður er vinningslitur

Breskir vísindamenn segja þá sem klæðast rauðu líklegri til sigra á íþróttasviðinu.

Rannsóknir breskra vísindamanna við Durham-háskóla benda til þess að rauðir búningar auki vinningslíkur í íþróttum. Telja þeir að rauðir búningar virki á undirmeðvitund andstæðingsins og slái hann þannig út af laginu.

Eldri rannsóknir hafa sýnt að hjá knattspyrnumönnum eykst magn karlhormónsins testósteron þegar þeir spila heimaleiki. Dr. Robert Barton, einn þeirra sem framkvæmdu rannsóknina, sagðist ekki vita hvort svipaðar skýringar væru á áhrifum rauðra búninga: „Við vitum ekki ennþá hvort rautt bælir testósteronið hjá andstæðingnum eða hvort það eykur magnið hjá þeim sem í búningunum spila. Við þurfum að velta því fyrir okkur“.

Vera má að litaáhrif í íþróttum megi rekja allt aftur til þróunar mannsins en í dýraríkinu tákna rauður litur gott líkamsástand, grimmd og mikið magn testósterons.

Til að mynda hafa margar apategundir rauða flekki í andliti, á rassi og kynfærum sem talið er að gefi til kynna grimmd og bardagahæfni.

Dr. John Lazarus, líffræðingur við háskólann í Newcastle, gefur þó ekki mikið fyrir þessa skýringu: „Ég er nú ekki viss um að þetta hafi mikið skýringargildi, það eru til apategundir með blá kynfæri. Þar er blái liturinn merki um grimmd.“

Grétar Sigfinnur Sigurðsson, varnarjafi Valsmanna, sem einmitt spila í rauðum búningi, sagðist ekki finna fyrir neinu testósteronflæði þegar hann klæðist rauða búningnum: „Ég fæ vissulega aukinn kraft við að klæðast Valstreyjunni, en hvort það er rauði liturinn skal ég ekki segja. Aðalatriðið er hvað ég lít fátánlega vel út í rauðu.“

Vísindamennirnir bresku sögðu að ef til vill væri nauðsynlegt fyrir íþróttayfirvöld að grípa í taumana til að tryggja að þau lið sem klæddust rauðum búningum nytu ekki ósanngjarns forskots. - jsk



VALSMENN Ættu að hafa ágætismöguleika á að verða Íslandsmeistarar ef eitthvað er að marka breska vísindamenn sem segja lið sem klæðast rauðu njóta ósanngjarns forskots.



Urð og grjót - Upp í mót ...



MEINDL
Meindl Island Pro GTX
Flokkun BC
Heil tunga og vandaður frágangur
Ótrúlega léttir! Þyngd 830 g (stærð 42)
Gore Tex vatnsvörn
MFS fóður lagar sig að fætinum
MultigriffVibram veltisóli með fjöðrun
Mjög góður stuðningur við öklklann
Einnig fánlegir í dömustræðum (gráir)
Verð **22.990 kr.**



SCARPA
SCARPA Hekla
Flokkun BC
Dömskórnir frábæru frá SCARPA
Heil tunga, Goretex, Vibram veltisóli,
góður stuðningur og þægindi
Einnig til í herraútfærslu, Ladakh
Verð **24.990 kr.**



MEINDL
Meindl 6.0 Mid GTX
Flokkun AB
Mjúkir og léttir
Nubuk leður
Gore Tex vatnsvörn
Þyngd: 520 g (stærð 42)
Einnig til í dömuútfærslu
Verð **15.990 kr.**



THE NORTH FACE
TNF Bruce Mid
Flokkun A
Ofurstrigaskór!
Físléttir gönguskór
fyrir auðvelda notkun
Nubuk leður og nylon
Til í dömuútfærslu
Verð **11.990 kr.**

Við skiptum skónum hjá okkur í flokka eftir því í hvaða notkun þeir eru hugsaðir. **A:** Fyrir auðvelda göngu og daglega notkun • **AB:** Fyrir göngu á slóðum og láglendi • **B:** Fyrir lengri göngu og bakpokaferðalög

Gates hræðist upplýsingaflæðið

Bill Gates, stjórnarformaður tölvurísans Microsoft, sagði á dögunum að fyrirtæki þyrftu að gera meira til að hjálpa starfsmönnum sínum að takast á við sífellt aukið flæði upplýsinga. Ef ekkert yrði að gert gæti þetta komið niður á framleiðni.

Gates sagði vef upplýsinga orðin svo flókinn að menn vissu ekki sitt rjúkandi ráð. „Menn fá ekki greitt fyrir að leita upplýsinga eða vafra um á netinu, heldur fyrir að hanna nýja vöru á sem skemmstum tíma með sem minnstum tilkostnaði.“

Hann bætti svo við að væntanleg útgáfa Office-pakkans svokallaða, sem meðal annars inniheldur ritvinnsluforritið Word, ætti að gera mönnum kleift að skilja hismið frá kjarnanum og einbeita sér að því sem raunverulegu máli skipti: „Nýi búnaðurinn mun gera fyrirtæki mun sam-



BILL GATES Segir starfsmenn fyrirtækja vera að drukkna í upplýsingum og ef ekkert verði að gert muni það koma niður á framleiðni.

keppnishæfari, þetta verður alveg nýr heimur“, sagði Gates. - jsk

Smásala á netinu eykst

Smásala á netinu í Bandaríkjunum jókst um 23 prósent á fyrsta ársfjórðungi sé miðað við árið á undan, er komin í 1.235 milljarða. Netsérfræðingurinn David Garrity segir greinilegt að neytendur verði sífellt vanari því að nota netið:



Á NETINU Smásala á netinu eykst jafnt og þétt í Bandaríkjunum.

„Fólk virðist ekki hafa neinar áhyggjur af því að kaupa í gegnum netið lengur.“

Netsala er 2,2 prósent allrar smásölu í Bandaríkjunum og hefur hlutfallið aukist hratt og örugglega undanfarin ár. Búist er við því að framhald verði á þeirri þróun. - jsk



Í SÓL OG SUMARYL Ekki nóg með að þessi kona fái fersklegan lit af sólbaðinu. Hún er líka að verja sig gegn krabbameini.

Ekki spara sólböðin

Í ljós hefur komið að þau eru meinholl.

Svo virðist sem söngurinn um að fátt sé óhollara en sólskinið eigi ekki við rök að styðjast. Þau góðu tíðindi hafa borist sóldýrkendum að sólböð séu holl og gagnist líkamanum vel í baráttunni gegn krabbameini.

Vísindamenn hafa komist að því að líkaminn þurfi mjög á D-vítamíninu að halda sem fæst úr sólarljósi. Líkaminn vinnur mun betur úr D-vítamíni sem fer þá leiðina inn í líkamann en D-vítamíni sem innbyrt er með mat eða í töfluformi. Nýjar rannsóknir sýna að sólarljós hjálpar líkamanum að verjast eitilkrabbameini, lungnakrabbameini, krabbameini í blöðruhálskirtli og jafnvel húðkrabbameini. Vísendingarnar eru sterkastar um að hæfileg sólboð

verji líkamann gegn ristilkrabbameini.

Vísindamennirnir sem nú mæla sterklega með sólböðum segja ljóst að kostirnir séu miklu meiri en gallarnir. Þeir benda á að sólböð virðist verja líkamann gegn nokkrum mjög hættulegum tegundum af krabbameini. Lengi hefur verið vitað að óhófleg sólboð geta valdið húðkrabbameini en það er sjaldan lífshættulegt.

Að mati Edward Giovannucci, prófessor í læknadeild Harvard-háskóla, telur að fyrir hvert andlát sem verður vegna húðkrabbameins bjargist þrjátíu líf vegna D-vítamínsins sem líkaminn fær úr sólarljósinu. - þk

Nákvæmasta klukka heims

Skeikar um eina sekúndu á 30 milljörðum ára.

Stundvísi er talin dyggð og þeir sem leggja metnað sinn í að vera alltaf á réttum tíma geta nú glaðst yfir því að búið er að hanna nákvæmstu klukku heimsins.

Nýjustu atómklukkur eru svo nákvæmar að þeim skeikar aðeins um eina sekúndu á þrjátíu milljón árum. Slíkri klukku skeikaði því aðeins um tvær sekúndur frá þeim tíma sem liðinn er síðan risaöldurnar dóu út.

En ef einhverjir eru svo stressaðir á stundvísinni að þetta dugir ekki geta þeir hinir sömu glaðst yfir því að nú er búið að hanna klukku sem er þúsund sinnum nákvæmari. Það þýðir að klukkunni skeikar aðeins um eina sekúndu á hverjum 30 milljörðum ára, en til gamans má geta þess að alheimurinn er talinn vera milli tíu og tuttugu milljarða ára gamall samkvæmt kenningum vísindanna – en töluvert yngri samkvæmt sköpunarsögu Biblíunnar, eða um sex þúsund ára.

Þeir sem eiga það til að vera óstundvísir geta því tæpast kennt klukkunni um því hægt er að verða sér úti um úr sem stillir sig sjálfkrafa miðað við atómklukkur. Þær eru að vísu ekki eins nákvæmar og þær allra nýjustu og skeikar þar um eina sekúndu á nokkrum milljónum ára. - þk



Meindl Colorado Lady

Flokkun B
Nubuk leður
Gore Tex vatnsvörn
Vibram Multigriff sóli
Þyngd 750 g (stærð 42)
Einnig til í heráútfærslu

Tilboð 14.990 kr.
Verð áður 17.990 kr.

Lowa Renegade GTX

Bestu kaupin í útbúnaðarprófun Útiveru 2005
Flokkun AB
Klassískir fjölnota skór
Gore Tex vatnsvörn
Nubuk leður

Verð **13.990 kr.**

Fyrir
**göngu-
garpa
sumarsins**

ÚTILÍF

Fullkomnari mælitæki

Mælir óháð staðsetningu – Fólk gengur með tækið á sér og nemur mælitækið áreiti fjölmiðla utan heimilis jafnt sem inni á heimilum.

Áreiðanleiki eykst – Ekki er treyst á skráningu þátttakenda eða gerð sú krafa að þeir séu meðvitaðir um á hvað þeir séu að hlusta eða horfa.

Mælir alla fjölmiðla – Mælitækið nemur hljóð og því er mögulegt að fylgjast með notkun allra fjölmiðla svo lengi sem þeir senda út skilgreint merki.

Mælir óháð dreifingu – Mælitækið nemur hljóð hvort sem útsending fjölmiðils er stafræn eða hliðræn, send út í gegnum kapal eða í lofti.

Upptökur mældar líka – Þrátt fyrir að efni sé tekið upp og geymt á stafrænu formi eða segulböndum nemur tækið áhorf þegar að því verður.

Einföld aðferð – Notkun tækisins er einföld, tiltölulega ódýr og ekki þarf endilega tæknimann til að setja upp búnaðinn á heimilum fólks.



ELÍSBET HELGADÓTTIR MEÐ TÆKIÐ Í VASANUM Þátttakendur í fjölmiðlakönnunum munu ekki þurfa að skrá sjálfir hvaða fjölmiðla þeir hlusta á yfir daginn. Tækið nemur merki í útsendingunni og skráir sjálfkrafa fjölmiðlanotkun viðkomandi einstaklings og eru upplýsingarnar svo sendar að kvöldi til Gallup í gegnum netið.

Mælir sjálfvirkt notkun fjölmiðla

Í náinni framtíð mun rafrænn mælir skrá alla hlustun og áhorf á ljósvakamiðla á Íslandi. Verði þetta að veruleika mun það leiða til byltingar í mælingum á fjölmiðlanotkun. Tæknin breiðist um Evrópu eins og eldur í sinu. *Björgvin Guðmundsson* útskýrir hvað felst í þessari nýju tækni.

Hinar svokölluðu dagbókarkannanir, þar sem fólk er beðið um að skrá niður alla fjölmiðlanotkun yfir ákveðinn tíma, heyrta að öllum líkindum brátt sögunni til. Gallup á Íslandi er að prófa nýja rafræna tækni sem mælir sjálfkrafa alla notkun á ljósvakamiðlum. Sú tækni býður upp á mun fullkomnari mælingar þar sem niðurstöður munu liggja fyrir daginn eftir. Vonir standa til að taka þessa nýju tækni í notkun seint á þessu ári eða í byrjun næsta árs. Þetta er í raun bylting í mælingum á fjölmiðlanotkun á Íslandi og mun gjörbreyta auglýsingamarkaðnum. Miklir hagsmunir eru í húfi og ljóst að stig-ið verður varlega til jarðar áður en tæknin verður innleidd að fullu.

Um er að ræða lófastórt tæki sem fólk ber á sér hvert sem það fer. Sjónvarps- og útvarpsstöðvar munu senda út merki sem aðeins tækið nemur. Það skráir hvaða fjölmiðil viðkomandi einstaklingur hlustar á yfir daginn og vistar upplýsingarnar í minni. Skiptir þá engu máli hvar merkisins verður vart: við morgunverðarborðið, í bílnum, á biðstofunni, í vinnunni eða á kránni. Áður en lagst er til hvílu er tækið sett í hleðslutæki sem sendir upplýsingarnar í gegnum netið til Gallup. Þar er upplýsingum frá mörgum einstaklingum safnað saman og unnið frekar úr þeim. Daginn eftir verður hægt að fá nákvæmar upplýsingar um hverjir voru að horfa á hvað daginn áður.

Ásmundur Þórðarsson, rannsóknastjóri hjá Auglýsingamiðlun, segir þetta gefa áreiðanlegri upplýsingar en þar sem fólk er sjálft beðið um að skrá niður hvað það horfir á eða hlustar. Fjölbreytt fjölmiðlaflóra geri það að verkum að fólk skipti oft um stöðvar hvort sem það er heima í stofu eða í bílnum. Einnig sé fólk ómeðvitað um hvaða stöð það hlustaði á yfir daginn eða gleymir því. Tækið nemi líka áreiti auglýsinga og hvort fólk fordíst þær sérstaklega. Nú séu líka mörg sjónvarpstæki á heimilum og sjónvarpsglápur ekki eins mikil hópathöfn og áður.

Rafrænar mælingar prófaðar

„Við erum að prófa þennan búnað núna. Draumurinn er að byrja að nota mælitækið í lok ársins eða byrjun næsta árs,“ segir Hafsteinn Már Einarsson, forstöðumaður Gallup á Íslandi og stjórnandi rannsókna á auglýsingamarkaðnum, um nýtt tæki sem mælir sjálfkrafa áhorf og hlustun á fjölmiðla. Nú þegar er verið að prófa rafrænar mælingar hér á landi og hefur starfsfólk IMG Gallup gengið með sérstök tæki til þess á sér. Einnig hafa forsvarsmenn sjónvarpsstöðva fengið búnaðinn til prófunar. Byrjað er að senda merki, sem segir tækinu á hvaða stöð er hlustað eða horft, á öllum íslensku sjónvarpsstöðvunum og völdum útvarpsstöðvum.

Hafsteinn segir nú reynt að komast fyrir alla hugsanlega erfiðleika sem geta komið upp við rafrænar mælingar á sjónvarps- og útvarpsnotkun. Sem dæmi þurfi að huga að nettengingum allra þátttakenda því mælitækið sendir upplýsingar í starfstöð Gallup á hverri nóttu. Þar er unnið úr þeim frekar. Hann segir nettengingar fólks mismunandi og að því þurfi að hyggja.

„Núna er framundan enn viðtækari prófun á búnaðinum með þátttöku almennings. Jafnframt þarf að semja við sjónvarpsstöðvarnar Skjá einn, 365-ljósvakamiðla og Ríkisútvarpið, um hvort taka eigi upp þessa nýju mælitækni og hvað eigi að greiða fyrir það,“ segir Hafsteinn. Verið sé að gera ítarlega prófanir á þessari tækni á Bret-



HAFSTEINN MÁR EINARSSON Fram undan er að prófa rafrænar mælingar á fjölmiðlanotkun almennings.

landseyjum. Meðal annars sé verið að athuga næmi tækisins við fjölbreyttar aðstæður. Nákvæmni þess megi ekki vera það mikil að það skynji hlustun þegar hávaðinn yfirgnæfi í raun hljóðið í viðtækinu, t.d. á börum eða á hárgreiðslustofum.

Hafsteinn segir allt benda til þess að þetta verði fljótlega að raunveruleika í Bretlandi. Tæknin fari eins og eldur í sinu um alla Evrópu þessar vikurnar. Þó vilji flestir stíga varlega til jarðar því að gríðarlega miklir fjárhagslegir hagsmunir séu í húfi.

Verði þessi tækni tekin upp hér á landi bendir Hafsteinn á að Íslendingar stökkvi yfir eitt tæknistig, sem felst í sérstökum boxum sem áhorfandinn tilkynnir hvað horft sé á í sjónvarpi. Þessi tækni sé sjálfvirk og nákvæmari því með henni sé hægt að mæla fjölmiðlanotkun á fjölbreyttari hátt en áður. Það sé nauðsynlegt þar sem fjölmiðlanotkun hafi breyst mikið og fólk komist í tæri við fjölmiðla víðar en heima í stofu. Hver fjölskyldumeðlimur hafi jafnvel sitt eigið viðtæki á heimilinu.

Allt sem þú þarft
og meira til



Allt um atvinnu
á sunudögum í Fréttablaðinu.

allt



Fasteignamarkaðurinn

Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 30 prósent frá því í ágúst. Spáð er hækkunum fram á næsta ár þótt ekki sé útilokað að markaðurinn hafi náð hæstu hæðum. Borið hefur á því að fasteignir séu of lágt verðmetnar en tilhneigingin hefur einnig verið sú að seljendur spenni bogann of hátt með því að setja upp of hátt verð. Samkeppni meðal fasteignasala hefur aldrei verið meiri en þóknar og prósentur hafa lækkað mjög að undanfögnu. *Eggert Þór Aðalsteinsson* skoðaði aðstæður á markaðnum og ræddi við nokkra fasteignasala um stöðu mála.



FASTEIGNAMARKAÐUR Allt bendir til þess að verulega hafi hægst um á fasteignamarkaði eftir ótrúlegt tímabil verðhækkana og mikillar spennu. Framboð á eignum hefur aukist og dregið hefur úr eftirspurn.

Spá Íslandsbanka um frekari hækkun fasteignaverðs, allt að 15 prósent, fram á næsta ár hefur vakið mikla athygli á liðnum dögum, enda hefur vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 30 prósent síðan bankarnir stukku inn á íbúðalánamarkaðinn og hófu að lána hærra upphæðir til íbúðakaupa en áður hafði þekkst. Frá áramótum hefur vísitalan hækkað hvorki meira né minna en um 12 prósent, sérþýli um 14,6 prósent en fjölþýli um 10,7 prósent.



JÓN GUÐMUNDSSON FASTEIGNASALI Jón brýnir fyrir fólki að leita sér eins góðrar ráðgjafar og það á vól á, því þó nokkuð hafi borið á því að eignir hafi verið undirverðlagðar í þeirri uppsveiflu sem ríkt hefur á fasteignamarkaði undanförunni misseri.

Þess ber þó að geta að Íslandsbanki spái því að draga muni verulega úr verðhækkunum á næstunni „þegar áhrif aukins lánaframboðs og lækkunar langtímavaxta fjara út“. Einnig er líklegt að hærra verðbólga og lækkun á gengi krónunnar komi til með að draga úr hækkunum fasteignaverðs.

Mælir bankinn með því að almenningur kaupir sér íbúð nú, þrátt fyrir að raunverð fasteigna sé í sögulegu hámarki, í stað þess að leigja. Verðhækkunar húsnaðis og sparnaðurinn við leigu vega þyngra en kostnaðurinn við eigið húsnaði. Það eru sem sagt kaup-tækifæri á fasteignamarkaði.



ÓLAFUR BLÖNDAL FASTEIGNASALI Siglum inn í jafnvægisástand. Ólafur telur að eftirsóttustu svæðin á næstu misserum verði miðborgin, Vatnsenda-hverfið og nýju hverfin í Garðabæ.

BESTA FJÁRFESTINGIN

Tímabilið frá október út mars einkenndist af miklum hækkunum og spennungi á fasteignamarkaði. Á þessum tíma stoppuðu eignir stutt við, allt var keypt sem var í boði og slegist um fasteignir á eftirsóttum svæðum. Algennt var að nokkur tilbod kæmu í einu og sömu eignina og hún færir á herra verði en matsverði fasteignasala. Jafnframt hækkaði verð oft um nokkrar milljónir á ákveðnum eignum á fáum vikum. Margir sáu sér leik á borði og hófu

að kaupa fasteignir með það í huga að selja aftur með hagnaði. Allt í einu kom fram á sjónarsviðið stétt manna sem kölluð var fasteignaheldsalar sem keyptu heilu og hálfu blokkirnar. Fjárfestar eru enn á ferðinni þótt minna beri á þeim þessa stundina.

Það er víst að fjölmargir þátttakendur á



SJÁLANDSHVERFIÐ Í GARÐABÆ Eitt vinsælasta nýbyggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins og sennilega dýrasta hverfi borgarinnar.

Sjálandið vinsælt

Sjálandshverfið, bryggjuhverfi Garðabæinga, hefur notið mikilla vinsælda meðal íbúðakaupenda og er sennilega orðið dýrasta hverfið á öllu höfuðborgarsvæðinu ásamt miðbænum. Glæsileg hönnun og sjávarúrútsýni er meginskýringin fyrir háu verði hverfisins. Nýlega komu í sölu nýbyggingar frá Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars við Strandveg 21, sem kosta 270.000-312.000 krónur á fermetrann, en til samanburðar er meðalverð á fermetra um 175.000 krónur á höfuðborgarsvæðinu.

Óskað er eftir tilboðum í eignirnar fyrir 3. júní næstkomandi.

markaðnum hafa haft mikið upp úr kraftinu og náð frábærri ávöxtun á sitt eigið fé. Fermetravæði á nýbyggingum, sem var um 150.000 krónur á hvern fermetra síðastliðið haust, er nú komið í flestum tilvikum yfir 200.000 krónur. Sá sem keypti í haust 120 fermetra íbúð á átján milljónir og tók til þess lán upp á 80 prósent getur nú selt sömu íbúð fyrir um 24 milljónir króna á flestum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Brúttóhagnaður er því sex milljónir króna og ef við gerum ráð fyrir að kostnaður vegna fasteignaviðskiptanna hafi verið um ein milljón er nettóhagnaður um fimm milljónir. Ávöxtun eigin fjár er enn meiri ef tekið var herra lán fyrir kaupnum.

En það eru ekki bara spekulantar á fasteignamarkaði sem hafa hagnast vel, allir íbúðaeigendur njóta auðvitað góðs af hækkunum.

MARKAÐUR LEITAR JAFNVÆGIS

Fasteignasalar eru sammála um að mesta brjálæðið sé yfirstaðið. „Ég á ekki von á því að það verði neinar verulegar verðhækkunar út árið. Það verður væntanlega einhver stígangandi í verði fram eftir árinu en ég á ekki von á því að það verði neinar teljandi verðhækkunar. Eftir það kemst markaðurinn væntanlega í gott jafnvægi á nýjan leik,“ segir Jón Guðmundsson, fasteignasali á Fasteignamarkaðinum.

Jón sér fyrir sér mörg spennandi byggingarsvæði sem bæði eru komin vel í gang og eru í burðarliðnum. Hann bendir meðal annars á Arnarneslandið, þar sem byggðar verða yfir 400 íbúðir á næstunni, og þéttingu byggðar í Skuggahverfi. Hann segir einnig að Sjálandshverfið í Garðabæ og Vatnsendaland í Kópavogi séu eftirsótt byggingarsvæði.

Ingólfur Gissurarson, fasteignasali á Valhöll, telur að ákveðið jafnvægi sé að nást á fasteignamarkaði og þau læti sem áttu sér stað á markaðnum í kringum áramótin séu yfirstaðin. Bendir það til þess að framboð og eftirspurn mætist fyrr en síðar. Hann sér

nær áttum

fram á að verð leiðrétta á þeim fasteignum sem hafa verið verðlagðar mun hærra en sambærilegar eignir.

„Ásett verð er í mörgum tilvikum hlaupið fram úr raunverði eigna,“ segir Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur á Draumahúsum, og bendir á að dregið hafi úr fjölda kaupsamninga í síðustu viku. Þróunin sé einfaldlega sú að eignum hafi fjölgað mjög í sölu og eftirspurnin minnkað, meðal annars vegna allt of hás ásetts verðs sem endurspeglar ekki raunsöluvirðið.

Samkvæmt tölum frá Fasteignamatari ríkisins var aðeins 119 kaupsamningur þinglýst í síðustu viku og þarf að leita aftur til mánaðarmótanna júlí-ágúst til að finna jafn fáa samninga í einni viku. Veltan var einnig með lægra móti en undangengnar vikur en upphæð hvers kaupsamnings sló hins vegar öll met. Meðalupphæð hvers samnings var um 29 milljónir. Gamla metið var 25,5 milljónir á samning í vikunni fyrir jóln 2004.

FLEIRI NÝBYGGINGAR

Ólafur Blöndal er sammála öðrum viðmælendum Markaðarins að hægst hafi um á markaðnum og mesta spennan sé farin. „Við siglum inn í jafnvægisástand á næstunni. Það sem er gott fyrir fasteignamarkaðinn í dag er jákvæðar efnahagshorfur og lækkun vísitölu neysluverðs. Almennt séð er staðan jákvæð, eftirspurnin er enn töluverð þótt framboðið sé eitthvað að aukast,“ segir hann.

Ólafur metur það svo að eftirspurn eftir nýbyggingum sé um 1.600-1.800 eignir á ári en nú líti út fyrir að byggðar verði 2.800 íbúðir á næsta árinu. Þannig munu framboð og eftirspurn mætast á endanum.

Eitt besta svæðið að hans mati er Vatnsendahverfið í Kópavogi, þar sem boðið er upp á útsýni og nálægð við vatnið, og spáir hann því að það verði mjög eftirsótt hverfi á næstu árum. Ólafur er sammála Jóni um að Garðabærinn verði eftirsóttur, það er Arnarneslandið og bryggjuhverfið við Sjáland. Hann sér fyrir sér mikla uppbyggingu í miðborginni í kringum höfnina og við Skúlagötuna.

„Það er svolítið sérstakt að á sama tíma og borgin er að teygja úr sér er hún að þéttast,“ segir hann.



Ekki verður litið framhjá því að mikill skortur á lóðum og hátt lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu eiga sinn þátt í hækkingu fasteignaverðs undanfarna mánuði. Frá því að Kópavogsbær úthlutaði tæpum 200 lóðum í Kórahverfi á síðasta ári hefur nær ekkert framboð verið af nýbyggingarlóðum á höfuðborgarsvæðinu. Hafnarfjarðarbær úthlutaði 60 lóðum í mars en alls bárust 1.309 umsóknir í lóðirnar. Enn meiri spurn var eftir lóðum í Lambaseli í Reykjavík þar sem 5.658 umsóknir bárust í 30 einbýlishúsaloðir.

VITLAUST VERÐ

Eitt einkenni þeirrar sprengju sem hefur orðið á fasteignamarkaði er mikil fjölgun starfsmanna í greininni og mikil samkeppni meðal fasteignasala. Innan vébanda Félags fasteignasala eru 190 fasteignasalar en komið var á skylduáild um síðustu áramót. Félagsmenn voru lengi vel um 160 talsins en búast má við mikilli fjölgun fasteignasala á

næstu árum. Nú eru um 80 aðilar í námi til að verða fasteignasalar. Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, reiknar með að um 500-600 manns starfi á fasteignasölunum til viðbótar við fasteignasala.

Forsvarsmenn félagsins hafa haft nokkrar áhyggjur af þróun mála innan greinarinnar. Þeir telja að sökum mikillar fjölgunar sölumanna, sem hafa ekki starfsréttindi, sé oft reynslulaust fólk látið sinna störfum sem ættu að vera í verkahring löggilts fasteignasala. Björn Þorri Viktorsson, formaður félagsins, tók sem dæmi á fundi Íslandsbanka að löggiltur fasteignasali hefði haft um tuttugu sölumenn á sínum snærum sem sinntu störfum sem aðeins fasteignasalir eigi að sinna, til dæmis verðmati fasteigna.

Jón Guðmundsson ráðleggur þeim sem eru í söluhugleiðingum að leita sér eins góðrar ráðgjafar og þeir eiga vöð á því þó nokkuð hafi borið á því að eignir hafi verið undirverðlagðar í þeirri uppsveiflu sem ríkt hefur á fasteignamarkaði undanfarnin misseri.

HÖRD SAMKEPPNI

Fasteignasalar sem rætt var við söguðu það engum vafa undirorpið að samkeppnin væri hörð meðal fasteignasala og ætti eftir að harðna þegar og ef niðursveiflan hefst.

Fasteignasölur, sem bjóða upp á lægri þóknunir en áður hefur þekkt, hafa rutt sér til rúms en þær gera út á það að selja hratt og mikið. Er ekki annað að sjá en að margar þeirra hafi náð ágætri fótfestu. Sumar bjóða fast verð óháð verðmæti eignarinnar sem sett er í sölu og dæmi eru um að fasteignasalar hafi boðið allt að 0,6 prósent söluþóknun án virðisauka en að jafnaði er þóknunin 1,5-2,0 prósent og svo bætist virðisaukinn ofan á.

„Okkar viðskiptavinir eru ánægðir að vita hvað þeir eiga að borga þar sem öll verð eru gefin upp með virðisaukaskatti,“ segir Helgi Bjarnason á Draumahúsum sem býður upp á fasta söluþóknun að upphæð 199.000 krónur með virðisaukaskatti án þess að þjónustan sé minni en annars staðar. „Við teljum að birting söluþóknun án virðisauka stangist á við samkeppnislög því margir sem eiga viðskipti með fasteignir gera sér ekki grein fyrir því að virðisaukaskattur bætist við söluþóknunina. Samkeppnisstofnun er að skoða þessi mál að eigin frumkvæði en hefur ekki gefið út hvenær niðurstöðu sé að vænta.“

FUNDUR UM ÍBÚÐAMÁL Fjöldmenn var á fræðslufundi Íslandsbanka um fasteignamarkaðinn í síðustu viku. Spá bankans um 15 prósent hækkun íbúðaverðs til viðbótar vakti mikla athygli.



BOLUNGARVÍK Fasteignamarkaðurinn er á uppleið þar eins og annars staðar. Meðalíbúð hækkar úr 5,1 milljón í 7,3.

Fasteignir í Bolungarvík: Markaðurinn tekur kipp

Fasteignamarkaður hefur verið að taka við sér í Bolungarvík, að sögn Bæjarins besta á Ísafirði. Markaðurinn hefur verið afar dapur á undanförunum árum. Meðalfjárhæð kaupsamninga var 5,1 milljón króna árið 2003 en aðeins 3,3 milljónir í fyrra. Á þessu ári hefur meðalupphæð kaupsamnings verið um 7,3 milljónir króna.

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík, skýrir þá miklu lækkun sem varð í fyrra með því að bærinn hafi selt stiga-gang sem var nánast óíbúðarhæfur.

Sömu sögu er að segja af þróun fasteignaverðs annars staðar á landsbyggðinni.



ENN HÆKKAR ÍBÚÐAVERÐ Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 3,9 prósent í apríl frá mars og hefur hækkað um 20 prósent á hálfu ári.

Tuttugu prósent hækkun á hálfu ári

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkar enn og hefur hækkað um 20 prósent á hálfu ári samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamatari ríkisins. Í apríl hækkaði vísitala íbúðaverðs um 3,9 prósent frá fyrra mánuði. Vekur það nokkra athygli að hækkingin er meiri í apríl en mars, þar sem margir álíta að rölegra sé um að litast á fasteignamarkaði en fyrr á árinu.

Jón Guðmundsson, fasteignasali á Fasteignamarkaðinum, telur að mælingin sýni meira raunverulega hækkingu eitthvað aftur í tímann en stöðu markaðarins einmitt núna. „Þeir kaupsamningar sem koma inn í apríl eru sennilega kaup sem hafa átt sér stað mánuðinum fyrr,“ segir hann.

Sex mánaða hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu

Mánuður	Hækkun milli mánaða
Nóvember	3,8%
Desember	2,5%
Janúar	5,1%
Febrúar	5,0%
Mars	2,4%
Apríl	3,9%

FÓLK Á FERLI



Ný stjórn hefur tekið við hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Formaður stjórnar er Páll Pálsson, Ingólfur Flygenring er varaformaður og Trausti Ó. Lárusson ritari. Eyjólfur Reynisson og Þórður Magnússon eru meðstjórnendur.

Nýtt skipurit hefur tekið gildi hjá SPH. Nýr sparisjóðsstjóri er Magnús Ægir Magnússon. Hann hefur starfað hjá SPH í átta ár og samtals hefur hann starfað hjá sparisjóðunum í um 20 ár. Magnús Ægir er einnig framkvæmdastjóri Bankaþjónustu. Hann er viðskiptafræðingur MBA.

Bankaþjónusta, S24 og markaðsviðskipti eru afkomusvið sparisjóðsins.

Sæmundur Benediktsson er framkvæmdastjóri S24 en hann hefur verið forstöðumaður S24 frá upphafi. Sæmundur hefur starfað hjá sparisjóðunum í um 16 ár. Hann er viðskiptafræðingur að mennt.

Sigurjón Arnarson er framkvæmdastjóri markaðsviðskipta SPH og hefur hann starfað hjá SPH síðustu átta ár. Hann er viðskiptafræðingur að mennt.

Stoðsvið verða tvö í stað fjögurra áður, fjármálasvið og innri rekstur. Helga Benediksdóttir er framkvæmdastjóri fjármálasviðs en hún hefur starfað hjá SPH í 15 ár og Magnús Pálsson er framkvæmdastjóri innri reksturs. Hann hefur starfað hjá SPH í sjö ár. Áður rak hann í eigið ráðgjafaryrirtæki. Magnús er viðskiptafræðingur MBA.

Mjöll Flosadóttir hefur tekið við stöðu innri endurskoðanda. Mjöll hefur starfað hjá SPH í tæp 20 ár og er viðskiptafræðingur að mennt. Innri endurskoðun verður sjálfstæð eining í skipuritinu og heyrir beint undir stjórn SPH. - dh

Fólk virðist efnaðra en áður

Fatabúðin er sérværslun með heimilisvörur og hefur verið starfrækt í tæp 70 ár. Kaupmaðurinn Karólína Sveinbjörnsdóttir telur lykilinn að langlífi í viðskiptum byggjast á sígildum sannindum – góðri þjónustu og gæðavöru á sanngjörnu verði. *Jón Skaftason* kynnti sér reksturinn.

Fatabúðin er í sjálfu hjarta Reykjavíkur, við Skólavörðustíg 21a. Búðin var stofnuð á fjórða áratug síðustu aldar og hefur verið rekin með svipuðu sniði æ síðan, í næstum sjö áratugi. Kaupmaðurinn Karólína Sveinbjörnsdóttir hefur átt búðina frá 1990.

Karólína tók við búðinni af föður sínum, Sveinbirni Árnasyni, en hann eignaðist hana árið 1958. Karólína hafði þó unnið hjá föður sínum með hléum frá árinu 1971, og því enginn nýgræðingur í faginu.

Hjá Fatabúðinni starfa, auk Karólínu, fimm manns: tvær afgreiðslukonur og þrjár saumakonur. Verslunin sérhæfir sig í heimilisvörum og þá aðallega sængurfötum sem að mestum hluta eru saumuð á staðnum, allt frá ungbarnasængum og upp úr.

Óhætt er að gera því skóna að Fatabúðin hafi afgreitt sængurfataefni til íslenskra heimila í kílómetravís gegnum árin. Strangarnir til saumaskaparins eru fluttir inn frá Þýskalandi og Austurríki, en þaðan koma líka sængur og koddar. Handklæði eru svo flutt inn frá Bandaríkjunum og Sviss.

Ódýrari gerðir rúmfatnaðar koma frá Litváen. Aðspurð segir Karólína þær gerðir vera á svipuðu verði og hjá stærri búðum á borð við IKEA eða Rúmfatalagerinn.

Fatabúðin selur mest af því sem saumað er á staðnum, en líka talsvert af innfluttum sængum, koddum og handklæðum.

„Við seljum meira af gæðavörnunni en vilji fólk þetta ódýrara, þá er það til líka,“ segir Karólína. Mikið sé lagt upp úr því að hafa innfluttu vöruna sem allra besta. Hún bætir svo við: „En kaupmaður vandaða vöru þá er ætlast til að hún endist.“

Karólína segir marga viðskiptavinina koma aftur og aftur: „Það er voða mikið af fastakúnnum. Aðallega fólk á miðjum aldri og upp úr. Svo tekur maður eftir að börnin stækka og fara að koma líka.“

Áður fyrr hafi talsvert verið um að útlendingar kæmu og gerðu innkaup en það hafi minnkað talsvert undanfarið, líklega vegna

„Þetta kann að þykja gamaldags, en það er ekki hvað þú veltir, heldur hvað þú veltir ekki sem skiptir máli. Mikilvægast er það sem eftir verður.“

hins háa gengis krónunnar. Aftur á móti sé algengt að Íslendingar búsettir erlendis komi og taki með sér út: „Þetta fólk hefur þá kynnst vörnunni og vill hreinlega ekkert annað.“

Karólína er ekkert að flækja málin og segir lykilinn að velgengni vera góða þjónustu og gæðavöru á sanngjörnu verði.

Þannig byggist upp tryggur hópur viðskiptavina sem viti hvert þeir eigi að leita.

Hún segir að reksturinn hafi alltaf gengið vandræðalaust fyrir sig, og hún hafi aldrei þurft að taka yfirdrátt.

Aðspurð um ársveltu segist hún ekkert vilja gefa upp: „Þetta kann að þykja gamaldags, en það er ekki hve miklu þú veltir, heldur hverju þú veltir ekki sem skiptir máli. Mikilvægast er það sem eftir verður.“

Margvíslegar breytingar hafa þó orðið á rekstrinum að mati Karólínu. Fólk kaupir meira af dýrari vöru og virðist vera efnaðra en áður.

En það er ekki síst umhverfið sem hefur breyst. Áður fyrr hafi mikið verið um að fólk þóki sig í miðbænum í hádeginu, margir

stórir vinnustaðir hafi verið í grenndinni og mannlíf allt iðandi.

Eftir að fyrirtækin hafi flust í úthverfin og niður að sjó hafi þetta breyst. Nú séu nánast eingöngu verslanir og kaffihús í miðbænum og fáir eigi þar beinlínis leið um. Fólk geri sér frekar sérstaka ferð eigi það erindi.

Stemningin sé ekki endilega verri, en hún hafi breyst: „Hér ríkir oft frábær andi, laugardagarnir verða til að mynda oft á tíðum ansi líflægir.“ Karólína er mikil miðbæjarmanneskja, þar er hún alin upp og þrátt fyrir allar breytingarnar vill hún hvergi annars staðar vera.

Karólína segist ekkert vita hvað framtíðin beri í skauti sér, segist bara taka því sem að höndum ber og haga sér eftir því. Fyrirtækið hafi mætt breyttum tímum, sé bæði með tölvu og heimasíðu, þó að hún sé ekki viss um að það hafi nokkuð að segja. Á heimasíðunni sé þó einungis að finna upplýsingar. Ekki er hægt að panta vöru í gegnum netið.

Spurð hvort hún sjái fyrir sér rekstur Fatabúðarinnar um ókomin ár svarar Karólína: „Já, því ekki?“ Uppgangur virðist vera í miðbænum og þá sérstaklega á Skólavörðustígnum, þar sem sífellt séu að koma nýjar og fínar búðir.



KARÓLÍNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR, EIGANDI FATABÚÐARINNAR Karólína hefur rekið Fatabúðina frá 1990 en hafði áður unnið hjá föður sínum, Sveinbirni Árnasyni, sem eignaðist búðina árið 1958.

BESTA RÁÐIÐ

Heiðarleiki

Þórunn Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá Lex-Nestor lögmannsstofu og stjórnarmaður í Burðarási, segir heiðarleikann vera mikilvægastan í samskiptum.

Þórunn segist hafa fengið ótal ráðleggingar í gegnum tíðina um margvísleg málefni allt frá námi, vinnu og viðskiptum að ástum og fatavali. Það sé því erfitt að nefna eitthvað eitt.

Eftir vandlega umhugsun kemst Þórunn þó að niðurstöðu og segir að snemma hafi verið byrjað að predika fyrir henni heiðarleika: „Ég var alin þannig upp af foreldrum mínum að heiðarleiki væri númer eitt. Síðan þegar ég fór að starfa sem lögmaður fékk ég þetta sama ráð frá óskaplega mörgum eldri og reyndari kollegum.“

Þórunn segir þetta ráð alla tíð hafa nýst sér vel. Það sé einfaldlega nauðsynlegt að vera heiðarlegur í starfi ekki síður en lífinu sjálfu. „Ef maður er heiðarlegur



ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR LÖGMAÐUR OG STJÓRNARMAÐUR Í BURÐARÁSI Segir að með því að koma heiðarlega fram ávinna maður sér traust, sem sé mikilvægt í hvaða starfi sem er.

í starfi ávinnur maður sér traust og traust er nauðsynlegt í hvaða starfi sem er,“ segir Þórunn hress í bragði. - jsk

SKJALASKÁPAR

SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR

-og allt á
sínur
stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF

Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is

Stóru olúfélögin ekki vel liðin

Ímynd Og Vodafone versnar og Fréttablaðið er bæði betur og verr liðið en Morgunblaðið. Matvöruverslunum gengur vel að afmarka stöðu sína.

Pórlindur Kjartansson
skrifar

Ímynd stóru olúfélaganna þriggja er ekkert til að hrópa húrta fyrir um þessar mundir. Atlantsólía stendur hins vegar mun sterkar að vígi í hugum fólks. Fréttablaðið hefur jákvæðari ímynd en Morgunblaðið en viðhorfið gagnvart DV er mjög neikvætt.

Þetta er meðal niðurstaðna í nýju BS-verkefni þeirra Ingu Maríu Ottósdóttur og Láru Ingu Sigmundsdóttur við Háskólann í Reykjavík. Þar kemur meðal annars fram að Olís hefur skástu ímyndina meðal félaganna þriggja en í könnuninni sögðu fimm prósent svarenda eitthvað jákvætt um Olís. Um 3,3 prósent sögðu eitthvað jákvætt um Essó en aðeins 1,67 prósent hugsuðu hlýlega til Skeljungs.

Atlantsólía hafði hins vegar mjög jákvæða ímynd. Tæplega 44 prósent svarenda voru jákvæð í garð félagsins.

Könnunin fór þannig fram að 160 manns voru beðin um að nefna þrjú hluti sem þeim kæmu í hug þegar nöfn fyrirtækja voru nefnd og könnuðu Inga María og Lára viðhorf hópsins til 24 fyrirtækja í átta greinum atvinnulífsins. „Þeir sem svöruðu áttu að skrifa þrjú fyrstu atriðin sem þeim datt í hug. Þannig getum við séð hvað liggur að baki viðhorfunum,“ segir Inga María.

Þær telja niðurstöðurnar í þremur öðrum geirum en olíunni vera áhugaverð. „Það er áhugavert að Fréttablaðið skuli vera með meira jákvætt en Morgunblaðið af því það er svo miklu yngra. En við vorum líka með þá tilgátu að ný vörumerki fengju jákvæðari ímynd en eldri vörumerki og þetta er í samræmi við þá tilgátu,“ segir Inga María. Nei-



RANNSÖKUBU ÍMYND FYRIRTÆKJA Inga María Ottósdóttir og Lára Inga Sigmundsdóttir rannsökuðu ímynd 24 fyrirtækja í átta geirum atvinnulífsins í lokaverkefni sínu við Háskólann í Reykjavík.

kvæð ímynd í garð Fréttablaðsins var einnig meiri en í garð Morgunblaðsins en neikvæð ímynd gagnvart DV var langmest, 42,9 prósent höfðu neikvæð viðhorf í garð blaðsins.

Höfundarnir telja að niðurstöður könnunar um símafyrirtækin séu einnig áhugaverðar, sérstaklega í ljósi þess að unnt sé að bera þær saman við áþekka könnun sem gerð var í fyrra. „Og Vodafone var búið að missa tíu prósent af jákvæðu ímyndinni frá því í fyrra á meðan Síminn missti líka eitthvað, bæði af jákvæðu og neikvæðu. Þetta er mikið fall hjá Og

Vodafone og fólk var að segja að fyrirtækið væri komið í sama pakka og Símann,“ segir Inga María.

Hún segir að í rannsókn á viðhorfi til matvöruverslana hafi komið fram að í þeim geira væri viðhorfið jákvæðast. Verslanirnar sem voru kannaðar voru 10-11, Bónus, Hagkaup og Nóatún. Niðurstaða verkefnisins er að „matvöruverslanir standi sig mjög vel í að koma vörumerki sínu til skila“ og að sérstaða hvernar og einnar sé vel þekkt meðal almennings.



STYRKUR AFHENTUR

Sigurður Brynjólfsson, deildarforseti verkfræðideildar Háskóla Íslands, og Henrik Sinnbeck, framkvæmdastjóri hjá Hewlett-Packard í Danmörk, við afhendingu styrks til verkfræðideildar Háskóla Íslands.

Verkfræðistyrkur

Opin kerfi, í samvinnu við Hewlett-Packard, afhentu verkfræðideild Háskóla Íslands styrk að fjárhæð 2 milljónir króna í tilefni af því að 20 ár eru liðin síðan Hewlett-Packard opnaði útibú hér á landi.

Styrkurinn verður notaður til að gera nokkrum nemendum sem eru að ljúka framhaldsnámi í verkfræðideildinni kleift að hrinda verkefnum sínum í framkvæmd. Agnar Már Jónsson, forstjóri Opinna kerfa ehf., segir það mjög ánægjulegt að afhenda Háskóla Íslands þennan styrk á þessum tímamótum. Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar, veitti styrknum viðtöku og sagði hann koma sér mjög vel. „Það er mjög gaman að geta gert nemendum kleift, eftir að hafa lagt mikið á sig við lokaverkefnið, að hrinda því í framkvæmd.“

Það er engin tilviljun að meira en helmingur stærstu fyrirtækja landsins eru stærst.

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

og

vodafone

Heyrumst!

Viðskiptatækifæri í Kína

Katrín Ólafsdóttir
skrifar

Nýlega fór um 200 manna viðskiptasendinefnd til Kína ásamt forseta Íslands. Markmið ferðarinnar var að styrkja tengsl íslensks atvinnulífs við Kína. En hvernig stendur á því að svo mörg fyrirtæki sáu ástæðu til að taka þátt í þessari ferð?

Hagvöxtur í Kína hefur verið gífurlega mikill síðustu ár og útlit fyrir áframhaldandi vöxt. Þannig færast Kína hröðum skrefum í átt að vestrænum ríkjum hvað varðar stöðu efnahagsmála. Í kjölfarið

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

hafa lífsskjör fólks í Kína batnað til muna á undanförunum árum, þótt batinn sé mjög mismikill eftir svæðum.

Eftir því sem árin líða mun Kína gegna æ stærra hlutverki í heimsbúskapnum. Fólksfjöldinn er gífurlegur og eftir því sem lífsskjör íbúanna batna og ráðstöfunartekjur aukast er útlit fyrir að þarna opnast einn stærsti markaður heims fyrir alls kyns vörur og þjónustu.

Kína gerðist aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) í lok árs 2001. Með því samþykktu þeir að

gangast undir þær skyldur sem aðildinni fylgir, þ.e. að tryggja eðlilega viðskiptahætti milli landa. Jafnframt var nýlega undirritað samkomulag milli Íslands og Kína sem er undanfari fríverslunarviðræðna. Með aðild Kína að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og með hugsanlegum fríverslunarsamningi Íslands og Kína verða viðskipti þessara þjóða mun greiðari en annars.

Framsýn fyrirtæki leita því leiða til að tengjast þessum risastóra markaði sem á ekki eftir að gera annað en að stækka á komandi árum og áratugum. Sem dæmi má nefna að stærsti markaður heims-

ins fyrir farsíma er í Kína, þar sem farsímaeigendur eru ríflega 300 milljón talsins. Þá kaupa Kínverjar um þriðjung af öllum fartölvum í heiminum.

En það eru fleiri sóknarfæri en að selja Kínverjum íslenskar vörur. Þar sem efnahagsaðstæður eru mjög mismunandi eftir svæðum er víða nóg framboð af vinnuafli og launin enn lág. Sem dæmi er landsframleiðsla á mann í Shanghai átta sinnum hærri en landsframleiðsla á mann í Sichuan-héraði. Í Kína eru um 740 milljónir manna á vinnumarkaðnum, sem er

heldur stærri vinnumarkaður en hér á landi þar sem eru 156 þúsund manns. Því eru víða tækifæri til að framleiða vinnuafsfrekar vörur við lítinn kostnað og má geta þess að Kínverjar framleiða um 60% af öllum DVD-spilurum í heiminum.

Í ljósi mikillar útrásar íslenskra fyrirtækja síðustu ár er engin ástæða til að ætla að við látum hér staðar numið. Því virðist eðlilegt að næsta skref verði að snúa sér að þessum stærsta markaði heims, en framtíðin ein leiðir í ljós hvort þessi ferð Íslendinga til Kína hafi verið ferð til fjár.

Í Kína eru um 740 milljónir manna á vinnumarkaðnum, sem er heldur stærri vinnumarkaður en hér á landi þar sem eru 156 þúsund manns.

SPÁKAUPMAÐURINN

Fasteignir og kínverskir peningar

Íslandsbanki spáði því á dögunum að fasteignamarkaðurinn myndi hækka áfram um fimmtán prósent á árinu. Ég er alveg viss um að þetta er rétt hjá þeim.

Hagfræðingarnir eru alltaf að glápa á meðaltalið meðan ég og mínir líkar leitum uppi veðhlaupahestana. Það að fasteignamarkaðurinn hækki að meðaltali um fimmtán prósent þýðir að ákveðnar eignir munu hækka meira. Þá er ég að tala um stærri eignir og eignir sem eru vel staðsettar. Ástæðan er sú að þeim sem eiga fullt af peningum hefur fjölgað verulega og lánamöguleikar þeirra sem eiga eitt-hvað undir sér eru nánast endalausir. Þessi hópur er til í að borga helling fyrir góðar hæðir og hús í vesturbænum og miðbænum. Einhvern veginn virðast KR-ingar hafa það betra en aðrir, nema að menn verði sjálfkrafa KR-ingar af því að vegna vel í lífinu.

Ég er búinn að tryggja mér eitt hús í Vesturborginni og flotta hæð á Laufásveginum. Lit háarnir eru á leiðinni og eru samkvæmt því sem umboðsmaður þeirra sagði hörkuduglegir strákar. EES-samningurinn tryggir að þeir geta unnið hérna í íbúðunum með þennan líka hagstæða þjónustusamning upp á vasann.


Það borgar sig samt ekki að flikka of mikið upp á íbúðirnar. Kaupendurnir moka þessu hvort eð er öllu út. Þær þurfa hins vegar að líta sæmilega út til þess að sem hæst verð fáiast. Ég ætla því að koma þessu í sæmleget stand og bíða svo í nokkra mánuði með að selja. Best væri náttúrlega að fá einhvern til að búa í þarna í smá tíma, því það er alltaf auðveldara að selja íbúð sem búið er í.

Þótt vorkvöldin séu falleg í vesturbænum kvað líka vera fallegt í Kína og maður getur ekki leyft sér að hugsa bara um skammtímagróðann. Kínverska juanið hefur verið fest við dollarann í tíu ár. Það fer að koma að því að það losni um þau tengsl. Ég er því byrjaður að skipta krónum í juan til lengri tíma litið. Maður tekur líklega tíu prósent í hagnað þegar Kínverjar láta undan Bandaríkjamönnum og svo slatta í viðbót þegar krónan leiðréttir sig. Til lengri tíma litið er þetta pottþétt fjárfesting. Kínverski gjaldmiðillinn mun bara vaxa að verðmæti á næstu árum.

Spákaupmaðurinn á horninu

IBM netþjónar með hæstu markaðshlutdeildina

Nýttu þér tækni IBM sem setur 400 milljarða ISK í rannsóknir og þróun á hverju ári.



■ IBM
■ HP
■ Sun
■ Dell
■ Aðrir

IBM @server NETÞJÓNAR

Allt að 70% lægri rekstrarkostnaður og hámarks öryggi

Samkvæmt ráðgjafarfyrirtækinu IDC* styrkti IBM stöðu sína sem leiðandi fyrirtæki í heildarmarkaðshlutdeild netþjóna í heiminum árið 2004. IBM er einnig með hæstu markaðshlutdeild í Blade netþjónum og sífellt hækandi markaðshlutdeild í stærri UNIX og Intel netþjónum.

Draumur kerfisstjóra og stjórnenda

IBM netþjónar eru draumur hvers kerfisstjóra. Þeir eru einstaklega öruggir, þarfnast lítils viðhalds og eru hannaðir með samþáttun við annan búnað í huga. Þeir eru einnig draumur stjórnenda, því þeir geta lækkað rekstrarkostnað tölvukerfisins um allt að 70% á sama tíma og gæði og öryggi þjónustu fyrirtækisins við viðskiptavinum eykst!***

Í forystu í þróun

IBM er stærsta, elsta og öflugasta upplýsingatæknifyrirtækið í heiminum, en alls starfa um 315 þúsund manns hjá fyrirtækinu. IBM setur um 400 milljarða íslenskra króna í rannsóknir á hverju ári og er afraksturinn meðal annars sá að IBM öðlaðist 3.248 bandarísk einkaleyfi á árinu 2004. Það er því engin tilviljun að fyrirtæki sem þurfa hámarks öryggi velji IBM netþjóna.

IBM Premium Business Partner

Nýherji á í mjög nánu samstarfi við IBM og er með vottunina „IBM Premium Business Partner“. Í krafti þessa samstarfs getur Nýherji boðið viðskiptavinum sínum framúrskarandi ráðgjöf, vörur og þjónustu á sviði upplýsingatækni.

IDC:WW	Market Share / Revenue		
	2003	2004	YTY
All Servers			
IBM	32,1%	33,3%	1,2pts
HP	27,1%	26,6%	-0,5pts
Sun	11,6%	10,5%	-1,1pts
Dell	9,0%	9,5%	0,4pts
Others	20,2%	20,1%	-0,1pts

Hafðu samband við sérfræðinga Nýherja sem aðstoða þig við val á rétta IBM netþjónum sem eykur rekstraröryggi og lækkar kostnað fyrirtækisins.

Síminn er 569 7700 og netfangið er tolvulausnir@nyherji.is



*Heimild: IDC, febrúar 2005

**Heimild: Business Week, 22. mars 2004



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

AURASÁLIN

Samsæri Balkanskagans gegn Aurasálinni

Það er lítið mál að græða peninga. Það eina sem skiptir máli er að vera fljótur að átta sig á hlutunum, að vera fljótur að leggja saman tvo og tvo, sjá tækifærin, grípa þau og græða á þeim. Einfaldara getur það ekki verið.

Þetta hefur Aurasálin lesið í tugum merkra bóka eftir sjálfshjálpargúrúa sem hafa allan þennan boðskap. Þrátt fyrir allan þennan lestur, óumdeilda snilligáfu og hugmyndaauði hefur Aurasálinni enn ekki tekist að komast í neinar sérstakar álnir. Fjárfestingarnar í deCode skiluðu engu. Samt átti það að vera skothelt. „Þetta mun hundraðfaldast,“ var henni sagt þegar hún keypti bréfin á genginu 60. Það gekk ekki. En ef það hefði gengið væri Aurasálin í góðum málum í dag. Skynet Telematics klikkaði líka.

Það sem Aurasálin lærði af netbólunni var að það þýðir ekkert að treysta á nokkurn annan en sjálfan sig. Alveg eins og segir í sjálfshjálparbókunum. Aurasálin tók gúrúin á orðinu nú fyrir síðustu helgi. Hún sá tækifæri sem fáir aðrir gerðu sér grein fyrir.

Veðbankar spáðu Selmu öruggum sigri í Eurovision, sem hefði náttúrlega ekki verið neitt sérstaklega merkilegt nema hvað Aurasálin sá fullkomið tækifæra til að græða peninga. Það var nefnilega hægt að fá endurgreidd flat-skjásjónvörp ef hún ynni. Þessu áttuðu sig ekki margir á. En Aurasálin er snjöll og keypti því þrjátíu sjónvörp í trausti þess að fá þau öll endurgreidd og selja svo aftur á eftirmarkaði.

Hvert sjónvarp kostaði um tvö hundruð þúsund. Aurasálin hefði getað grætt þrjár millur þótt hún hefði selt sjónvörpin á gjafverði – hundrað þúsund kall. En þá þurfti þetta að fokka upp. Samsæri Balkanlandanna gegn Aurasálinni gekk upp og nú situr hún eftir með sárt ennið, fullan bílskúr af Medion-flatskjársjónvörpum og sex milljóna skuld. En Aurasálin huggar sig við að þetta er allt á raðgreiðslum.

Hvað er þá til ráða? Ein hugmynd sem Aurasálin hefur velt mikið fyrir sér er að skrifa metsölubók. Þetta er ekki eins mikið mál og menn halda. Þetta snýst ekki um neina sérstaka hugmyndaauði eða hæfileika heldur um að hitta á rétta höfundarnafnið og rétta þemað. Aurasálin ætlar að taka sér höfundarnafnið Dann Browne – og fyrsta bókun mun heita „The Vatican Conspiracy“.

Þetta getur ekki klikkað. Bókinni verður raðað upp við hliðina á Da Vinci Code í bókahillum og fólk mun ekki þekkja muninn á nöfnunum og kaupa bókina eftir Aurasálin í misgripum.

Aurasálin verður ekki lengi að vinna upp tapið vegna samsæris Balkanlandanna.



TEKJURNAR AÐ UTAN Eignir Exista eru að mestu í fyrirtækjum sem hafa tekjur erlendis. Erlendur Hjaltason stýrir félaginu, sem er kjölfestufjárfestir í félögum eins og Bakkavör og KB banka sem hafa verið leiðandi í útrás íslenskra fyrirtækja.

Áföll nauðsynleg í reynslubrunninn

Erlendur Hjaltason stýrir Exista, sem er öflugt fjárfestingarfélag undir forystu bræðranna í Bakkavör. Áður var hann í forystusveit Eimskipafélagsins í hátt í tvo áratugi. Hafliði Helgason ræddi við hann um ferilinn og vettvang dagsins, en um sumt mátti ekki tala vegna trúnaðareidda.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, er enginn nýgræðingur í íslensku viðskiptalífi. Hann vann áttán ár hjá Eimskipafélaginu og var forstjóri skipafélagsins síðasta sprettinn þar. Þá tóku nýir herrar við og Erlendur hætti. Hann gerir ekki mikið úr því. „Það er eðlilegt þegar nýir eigendur koma að fyrirtækjum að þeir hafi skoðun á því hverjir eru í forystunni,“ segir hann. „Svona breytingar skapa tækifæri og ég velti fyrir mér ýmsum tækifærum.“

BUNDINN TRÚNAÐI

Hann fékk svo sem ekki langan tíma til að mæla göturnar, því ekki leið á löngu þangað til bræðurnir í Bakkavör fengu hann til að stýra Meiði, sem þeir eiga 60 prósent hlut í. Meiður skipti um nafn á dögnum, heitir nú Exista, og er eitt af öflugri fjárfestingarfélagum landsins með efnahagsreikning upp á hvorki meira né minna en 85 milljarða króna. Samhliða því flutti félagið í glæsilegt hús við Tjarnargötuna, fegurstu götu Reykjavíkur ef maður leyfir sér að brjóta hlutleysisreglurnar sem við blaðamenn eru seldir undir. Við komum okkur fyrir á Kínahúsinu. Þar hittir Erlendur gamla féлага sína reglulega.

Exista er einn af fjárfestunum sem bjóða í Símann, en Erlendur vill ekkert tjá sig um stöðu þeirra mála. „Eins og komið hefur fram í fréttum eru bjóðendur bundnir trúnaðaaðkvæðum. Það komu fjórtán tilboð og það má búast við því að allir helstu fjárfestingarsjóðir landsins séu þarna á meðal,“ segir Erlendur og bætir við að Símann sé langstærsta fjárfestingarverkefnið sem sé í sjónmáli innanlands. Svo getur hver og einn dregið sínar ályktanir um hvort Exista sé þar á meðal.

ÁRÆDNIR STJÓRNENDUR

Meiður er gott íslenskt nafn og nýja nafnið Exista bendir út fyrir landsteinanna. „Ef við lítum á helstu eignir félagsins, sem eru KB banki, Bakkavör og Flaga, eru þetta félög

með megnið af tekjum sínum erlendis. Bakkavör með allar sínar tekjur erlendis, Flaga með 99 prósent og KB banki með yfir 60 prósent. Eigendur Exista, með bræðurna í Bakkavör í forystu, hafa náð góðum árangri í uppbyggingu félagsins erlendis og myndað góð sambönd í fjármálagæiranum í Bretlandi. Sambönd sem hafa nýst fleirum. „Viðskipti byggjast mikið á tengslum. Þessi tengslamyndun er afar mikilvæg fyrir öll fyrirtæki sem eru í þróun. Menn hafa fengið mikla traustsyfirlýsingu með þeim lánnum sem Bakkavör fær vegna kaupanna á Geest, þegar Barclays tryggir þeim 500 milljón pund.“ Hann bætir því við að sú þekking sem hafi myndast í bankakerfinu í erlendum verkefnum leiði til þess að menn séu mun fljótari að átta sig á því hvort vit sé í verkefnum eða ekki. „Þessi punktur um útrásina er mikilvægur, því þessi nýja kynslóð íslenskra stjórnenda er áráðnari, vinnur hraðar og þekkingin í kringum þessi viðskipti er miklu meiri en hún var.“

MUN BLÁSA Á MÓTI

Sjálfur kom Erlendur að útrásarverkefnum hjá Eimskipafélaginu, sem á þeim tíma var eitt af fáum fyrirtækjum sem höfðu burði til slíks. „Stjórnunin hjá Eimskipafélaginu var nútímalegust á þeim tíma. Við keyptum fyrirtæki og fórum í yfirtöku og það var mikill reynslubrunnur sem menn byggðu þar upp.“ Hann segir að slík kaup hafi byrjað smátt, en smám saman hafi áræðnin orðið meiri. „Í upphafi reyndu íslensk fyrirtæki að fá mikið fyrir lítið. Það er eins og oft þegar maður kaupir eitthvað ódýrt, þá er maður að fá eitthvað sem er ekki nógu gott.“ Umhverfið í viðskiptalífinu hér heima var mjög stöðugt. „Það næsta sem gerist er einkavæðing bankanna. Það ferli breytti mjög miklu og flýtti allri þróun. Ég held að einkavæðingin hafi verið mjög vel tímasett fyrir Ísland. Þetta hefur gagnast mjög vel, því það hafa ekki verið nein veruleg áföll á þeim tíma sem er liðinn.“

Eitt af því sem menn geta gengið út frá sem nokkuð vísu í viðskiptum er að einhvern tímann blæs á móti. „Það er nauðsynlegt að það sé til reynslubrunnur stjórnenda sem hafa gengið í gegnum áföll. Það kemur alltaf að því að menn lenda í einhverjum krísnum.“ Hann segir að því sé mikilvægt að menn hafi

byggt sig vel upp þegar vel gangi.

Stórum fjárfestingarverkefnum innanlands fer fækkandi og Erlendur segir að augu fjárfestingarféлага beinist út. „Samkeppni um fyrirtækjakaup erlendis er mjög mikil og það tekur tíma að finna skotmörk. Það verður til sérhæfing. Í Bakkavör Group er mikið innstreymi af verkefnum í matvælagæiranum, rétt eins og hjá Baugi í verslunarrekstri. Þessir aðilar hafa klárað verkefni og staðið við sitt og þá verða til ný verkefni. Það er ekki sjálfgefið að klára slík verkefni og þess vegna er sá árangur sem íslensk fyrirtæki hafa verið að ná mjög mikill og það er eftir því tekið. Ferilskráin segir allt og er lykillinn að því að menn geti haldið áfram.“

VINNA ER VINNA

Að stýra stóru skipafélagi og að stýra öflugum fjárfestingarfélagi eru ólík verkefni. „Þetta eru allt ódrúsi verkefni, en öll vinna er vinna. Ef maður skipuleggur tímann sinn tekst maður á við ný verkefni með nýjum hætti og nýtir til þess þá reynslu sem maður hefur. Við höfum verið heppnir hjá Exista með ráðningu á fólki og hjá okkur starfar geysilega öflugur hópur, þannig að það er mjög gaman að takast á við verkefni.“ Fjárfestingarverkefni eru dæmigerð verkefni með upphaf, álag og endi. „Þetta er eins og á vertíð, en á sama tíma þarf að fylgjast með undirliggjandi rekstri þeirra fyrirtækja sem mynda efnahagsreikninginn.“

Verkefni eru breytileg og erfitt að skipuleggja tímann. Erlendur gefur sér þó tíma fyrir hestamennsku. „Ég fer stundum á bak, ég byrjaði í því fimmtán ára gamall. Ég var í sveit og þar kviknaði áhuginn. Ég hef ekki stundað þetta mikið síðustu árin.“ Hann segist einnig alltaf hafa haft gaman af því að ferðast og fjölskyldan hafi alltaf reynt að ferðast töluvert. „Við vorum síðast í New York um páskana og höfum ferðast víða um Evrópu og til Afríku, auk reglulegra ferðalaga hér innanlands.“

Exista hefur ekki bara fjárfest í stórum fyrirtækjum. Félagið á einnig stofnfé í SPRON. Erlendur er varaformaður Sparisjóðsins. Á reyndar ekki langt að sækja það, því faðir hans Hjalti Geir Kristjánsson sat í stjórn SPRON. Sjálfur hefur hann verið í hópi stofnfjáreiganda um langt skeið. „Allt sparisjóðakerfið þarfnast breytinga. Hvort það verður með hlutafélagavæðingu eða hvernig það verður gert þá er ljóst að þegar lítið er til framtíðarþróunar sparisjóðanna þarf að breyta þeirri lagaumgjörð sem þeir búa við. Það er verkefni sem má ekki bíða of lengi.“

Erlendur Hjaltason

Starf: Forstjóri Exista

Fæðingardagur: 21. nóvember 1957

Maki: Aðalheiður Valgeirsdóttir,

myndlistamaður Börn: Hjalti Geir f. 1987,

Valgeir f. 1990

HÁDEGISVERÐURINN

Með Erlendi Hjaltasyni

forstjóra Exista

Hádegisverður fyrir tvo á Kínahúsinu

Kjúklingasúpa

Blandaðir kínverskir réttir

Drykkir

Vatn

Kaffi

Alls 2.200



„Ég held að einkavæðingin hafi verið mjög vel tímasett fyrir Ísland. Þetta hefur gagnast mjög vel, því það hafa ekki verið nein veruleg áföll á þeim tíma sem er liðinn.“

Vodafone tilkynnir afkomu

Félagið hefur átt í miklum erfiðleikum í Japan, en þar hafa þriðju kynslóðar farsímar ekki náð að festa sig í sessi.

Farsímafyrirtækið Vodafone hefur tilkynnt um 1200 milljarða hagnað fyrir afskriftir á síðasta ári. Þetta er einkum þakkað velgengni þriðju kynslóðar farsímakerfis fyrirtækisins en 2,4 milljónir manna

gerðust áskrifendur að þeirri þjónustu á árinu, sem er mun meira en bjartsýnustu menn þorðu að vona.

Þrátt fyrir þessar fréttir lækkuðu hlutabréf í fyrirtækinu um rúm fjögur prósent vegna slæms gengis í Japan. Vodafone missti á árinu 11 prósent viðskipta sinna í Japan til annarra fyrirtækja.

Ástæðan er álitin sú að japanskir neytendur hafi ekki hrif-



VODAFONE
Selur mikið af þriðju kynslóðar farsímum í Evrópu. Japanir líta hins vegar ekki við tækjunum.

ist af þriðju kynslóðar farsímum sem hannaðir hafi verið með evrópska neytendur í huga.

Vodafone-menn hafa þó brugðist við þessu og hefur Bill Morrow, áður forstjóri Bretlandsdeildar fyrirtækisins, verið gerður að yfirmanni Vodafone í Japan. Er honum

koma rekstrinum á ætlað að koma rekstrinum á réttan kjöl. - jsk

Kínverjar vilja merkjavöru

Framleiðendur dýrari merkjavöru á borð við Armani og Prada beina nú í auknum mæli sjónum sínum að Kína-markaði og keppast við að setja þar upp verslanir.

Telja þeir að í Kína og öðrum þróunarlöndum, til að mynda Indlandi, séu tækifæri framtíðarinnar. Markaðir á Vesturlöndum séu staðnaðir á meðan ekkert lát virðist á vexti í Asíu.

„Þegar við tölum um neytendur munaðarvöru erum við ekki að tala um sama fólk og áður,“ sagði Patrizio Bertelli stjórnarformaður Prada. - jsk



TOLLA Í TÍSKUNNI Eftirspurn eftir merkjavöru eykst í Kína og hönnuðir keppast við að setja upp verslanir.

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins tveimur árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri starfa um 140 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og

þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitast að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Hyggjum að framtíð þinni

Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k.

Nýir atvinnumöguleikar hjá Brimborg

► Við sem störfum undir fána Brimborgar vinnum að því að nýta hverja stund saman í þeim tilgangi að byggja upp örugga framtíð okkar. Þannig getum við frekar notið þeirra gæða sem lífið býður uppá. Við hyggjum að framtíðinni. Við trúum því að eina leiðin að þessu takmarki sé að uppfylla, öruggt og

snurðulaust, óskir og þarfir viðskiptavina Brimborgar – að gera Brimborg að öruggum kaupstað fyrir venjulegt fólk í leit að betri lífsgæðum. Við stefnum að því að verða best í okkar fagi. Langbest. Svona erum við.

Ef þú ert líka svona þá ertu örugglega rétta persónan sem okkur vantar til liðs við okkur

m.a. vegna uppbyggingar á nýju þjónustusviði Brimborgar við Bíldshöfða 8, Reykjavík. Nýr staður fyrir gott fagfólk, nýja bíla, nýja verkstæðisþjónustu og allt það sem viðskiptavinir Brimborgar óska eftir.

Hyggðu að framtíð þinni og skoðuðu ný störf sem eru í boði hjá okkur, sendu inn starfsumsókn og byggjum saman upp m.a. nýtt þjónustusvið Brimborgar. Við leitum að jákvæðu og kraftmiklu starfsfólki:

FYRIR NÝTT FÓLKSBÍLAVERKSTÆÐI

- **Þjónustustjóra:**
Dæmi um ábyrgð: Daglegur rekstur, ánægja viðskiptavina
- **Verk- og tæknistjóra:**
Dæmi um ábyrgð: Gæða- og flæðistjórnun, viðskiptatengsl
- **Bífvélavirkja – tegundasérfræðingi:**
Dæmi um ábyrgð: Bilanagreiningar, viðgerðir, tækniráðgjöf
- **Bífvélavirkja:**
Dæmi um ábyrgð: Bilanagreiningar, viðgerðir
- **Þjónustufulltrúa:**
Dæmi um ábyrgð: Móttaka viðskiptavina, gerð reikninga

FYRIR NÝJA VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

- **Vöru- og sölustjóra:**
Dæmi um ábyrgð: Vöru- og sölustjórnun
- **Söluráðgjafa:**
Dæmi um ábyrgð: Sala og ráðgjöf
- **Lagerstarfsmanni:**
Dæmi um ábyrgð: Almenn lagerstörf

FYRIR NÝJA SÖLUDEILD NÝRRRA BÍFREIÐA

- **Söluráðgjafa:**
Dæmi um ábyrgð: Sala og ráðgjöf

FYRIR NÝJA SÖLUDEILD NOTAÐRA BÍFREIÐA

- **Söluráðgjafa:**
Dæmi um ábyrgð: Sala og ráðgjöf

Smelltu þér á Netið og þú sækir um framtíðarstarfið hjá Brimborg: www.brimborg.is - eða kemur í móttöku Brimborgar að Bíldshöfða 6, Reykjavík, kynnir þér starfslýsingu og sækir skriflega um.

Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k.
Öllum umsóknum verður svarað fyrir 20. júní n.k.



Öruggur staður til að vera á



ÞÁTTAKENDUR Í HJÓLAÐ Í VINNUNA Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í Reykjavík og Ásgeir Eiríksson framkvæmdastjóri Strætó BS tóku þátt í hjólaátakinu af krafti.

NÝSKÖPUN

Vara sem kominn er á innanlandsmarkað, upplögð kaup fyrir fólk sem hefur áhuga á nýsköpun, tilvalið til flutnings út á land.



FYRIRTÆKJASALA

- heilsugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Lögilltur fasteignasali



FRÁ VERÐLAUNAAFHENDINGU HJÓLAÐ Í VINNUNA Tólf starfsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði gerðu sér lítið fyrir og hjóluðu á verðlaunaafhendinguna.



ANZA

Öruggur rekstur tölvukerfa

Þú þarft ekki tölvudeild

Þú færð fulla þjónustu hjá ANZA

ANZA sér um öll tölvumál fyrir fjölda íslenskra fyrirtækja. Það er sérgrein okkar.

ANZA sér um tölvukerfið þitt, allan sólarhringinn, alla daga ársins. ANZA fer aldrei í sumarfrí og er aldrei fjarverandi vegna veikinda.

Kynntu þér málið með því að hafa samband við ANZA í síma 522 5000 eða anza@anza.is

ANZA · Ármúla 31 · 108 Reykjavík · Sími 522 5000 · Fax 522 5099 · www.anza.is

Rekstur ANZA er í samræmi við vottað öryggiskerfi sem byggist á staðlinum ISO 17799 um stjórnum upplýsingaöryggis. Hornsteinn ANZA er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni.

Heilsan ræktuð með hjólreiðum

Liðsmenn Hjólað í vinnuna voru yfir fimm þúsund í ár og tvöfaldaðist þátttakan á milli ára. 488 lið tóku þátt í Hjólað í vinnuna, frá 254 vinnustöðum í 34 sveitarfélögum.

Ellert B. Schram, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Steinunn Hlíf Sigurðardóttir, markaðsstjóri Sjóvá, fluttu stutt ávörp á verðlaunaafhendingunni og veittu liðsstjórum sigurliða verðlaun.

Tólf starfsmenn Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði gerðu sér lítið fyrir og hjóluðu á verðlaunaafhendinguna en liðið hlaut annað sætið fyrir flesta hjólaða daga í flokknum 70-149 starfsmenn.

Þátttakan var nokkuð góð en kalt veður í byrjun maí hefur eflaust sett strik í reikninginn hjá mörgum kappfullum þátttakendum. - dh

Einkennislag Hjólað í vinnuna

Það er hressandi að hjóla í vinnu, hreyfa skrokkinn og liðka í senn. Og í buddunni bata þú finnur því að bensínið hækkar víst enn. Fyrir umhverfið umhyggju berðu og þinn útblástur skaðar ei neitt. Allt í nærmýnd í náttúru sérðu og nýtur lífsins, já alveg út í eitt.

Þó á hjóli þú ferðist í friði framtakssemin á Netið er skráð, því að nú er sko Ísland á iði, út og suður er baráttan háð. Hvort sem liðið þitt sigurinn sækir er að sjálfsögðu ágóðinn vís. Þú með hjólreiðum heilsuna rækir, og hlýtur veglegan lífstíðarprís.

Lag: Undir bláhimni.
Texti: Unnur Halldórsdóttir

Verslunarlausn frá Landsteinum Streng notuð í yfir 700 verslunum

Koma frá 40 löndum á ráðstefnu um LS Retail.

Um 70 samstarfsaðilar og endurseljendur Landsteina Strengs frá 40 löndum koma til Íslands 25. maí á ráðstefnu, til þess að kynna nýjungum varðandi íslenska verslunarhugbúnaðinn LS Retail. Til ráðstefnunnar koma sjálfstæðir rekstraraðilar sem selja og þjónusta LS Retail í meira en 40 löndum um allan heim. Kerfið er notað af um 600 fyrirtækjum sem reka 700 verslanir með um 15.000 búðarkössum. Á meðal viðskiptavina sem nota LS Retail er Adidas-verslanakeðjan, tískuverslanir Bestseller, Levi Strauss, Toshiba og IKEA.

LS Retail er verslunarlausn Landsteina Strengs sem er hugbúnaðarþróunarfyrirtæki í eigu Kögunar Group. - dh

INGVAR KRISTINSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI PRÓUNARSVIÐS LANDSTEINA STRENGS Adidas-verslanakeðjan, tískuverslanir Bestseller, Levi Strauss, Toshiba og IKEA eru á meðal viðskiptavina sem nota LS Retail.



Fréttablaðið/É.Ól.

Ertu í starfsmannaleit?

Viltu aðstoð?

Höfum mikinn fjölda af hæfu starfsfólki á skrá hjá okkur.

Veitum persónulega og góða þjónustu framkvæmda af fagfólki.

www.radning.is

**RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN**
...framtiðin er ráðin

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588-3309 • Fax: 588-3659
www.radning.is • radning@radning.is



STÝRÐU FUNDINUM Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka, Pétur Blöndal alþingismaður og fundarstjóri, Björn Sveinsson útibústjóri og Björn Þorri Viktorsson fasteignasali voru frummælendur á fundi Íslandsbanka um fasteignamarkaðinn.

Fasteignamark- aðurinn krufinn hjá Íslandsbanka

Íslandsbanki hélt fræðslufund um fasteignamarkaðinn í síðustu viku og var fjölmenni samankomið. Ingólfur Bender kynnti spá bankans um þróun á íbúðamarkaði en spáð er allt að fimmtán prósentu hækkun fasteigna fram á næsta ár. Bankinn telur að enn séu kaugtækifæri á markaðnum. Björn Þorri velti fyrir sér stöðu fasteignasala og ábyrgð þeirra.

Björn Sveinsson, útibústjóri á Kirkjusandi, kynnti ýmsa lánamöguleika til íbúðakaupa en bankinn býður meðal annars upp á óverðtryggð fasteignalán.



FASTEIGNAMARKAÐURINN LOKKAR Fjölmargir mættu á fundinn og lýsir það glöggð áhuga almennings fyrir íbúðamarkaðnum. Íslandsbanki spár því að dragi úr hraða hækkunarinnar á næstunni þegar áhrif aukins lánaframboðs og lækkunar langtímavaxta fjara út. Mælt er með því að kaupa, eins og sakir standa, í stað þess að leigja þar sem sparnaður við leigu og verðhækkunir vegi meira en kostnaður við það að búa í eigin húsnæði.



Liðsheildarnámskeið

Samvinna og samkennd eru mikilvægir hlekkir í árangri liðsheildar og líðan starfsmanna á vinnustað. Á liðsheildarnámskeiðum IMG eru leikir og fræðsla notuð skipulega til að auka samkennd og þjálfva samvinnu starfsmanna. IMG hefur síðastliðin fjögur ár haldið liðsheildarnámskeið hjá fjöldamörgum fyrirtækjum og stofnunum, oft í tengslum við ýmiskonar fræðslu, stefnumótun og ráðgjöf.

Á námskeiðunum er blandað saman fræðilegri umfjöllun og hópeflisæfingum, þrautum og leikjum. Þar reynir á liðsanda, samskiptahæfni, rökhugsun og traust. Upplifun þátttakenda af æfingunum er síðan yfirfærð á vinnuumhverfi þeirra og daglegt líf.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Hinriksdóttir, halldora@img.is, sími 540 1000

"Við hjá Ícelandair höfum nýtt okkur fagkunnáttu IMG við gerð liðsheildarnámskeiða fyrir stjórnendur og starfsmenn undanfarin 2 ár. Allur undirbúningur og framkvæmd var til fyrirmyndar og tryggði okkur betri liðsheild og ánægðara starfsfólk að okkar mati. Við getum hiklaust mælt með IMG sem fyrsta flokks fagaðila á sviði liðsheildarnámskeiða."

Una Eyþórsdóttir
Starfsmannastjóri Ícelandair

IMG
RÁÐGJÖF

Upplýsingagjöfin nú mun ítarlegri

Hvað gerir fjárfestatengill?

„Samskipti við hluthafa, kauphöll, greiningaraðila, fjárfesta og fjölmiðla falla undir það sem kallast fjárfestatengsl (á ensku investor relations) og snýst um fjármálaega upplýsingagjöf fyrirtækis til markaðarins.“

ing af því að sinna þeim vel. Markmið fjárfestatengsla er að tryggja að markaðsaðilum séu veittar skýrar, gagnsæjar og ítarlegar upplýsingar. Þetta snýst því fyrst og fremst um trúverðugleika. Segja má að fjárfestatengsl séu líkari mara-

þoni en sprett-hlaupi, þetta byggist allt á langtímahugsun en ekki stuttum sprettum. Fyrirtæki sem sinnir fjárfestatengslum vel leitast eftir að vera samkvæmt sjálfu sér í upplýsingagjöf og gefur á hverjum tíma raunsanna mynd af starfsemi sinni. Ef markaðurinn telur að svo sé ekki, þá er illa komið fyrir fyrirtækinu. Svo einfalt er það.“

Hvað einkennir góðan fjárfestatengil?

„Það er ýmislegt sem sá sem sinnir fjárfestatengslum þarf að tileinka sér, til dæmis

Er algengt að íslensk fyrirtæki hafi fjárfestatengil innan sinna ræða?

„Það hefur færst mjög í vöxt á undanförunum árum og má segja að það sé hluti af auknum þroska markaðarins. Öll helstu fyrirtækin sem skráð eru á aðallista Kauphallarinnar eru með sérstaka starfsmenn sem sjá um fjárfestatengsl.“

Er langt síðan þetta starfsheiti var tekið upp á Íslandi?

„Nei, ég held að Kaupþing banki hafi verið fyrsta íslenska fyrirtækið til að ráða sérstakan starfsmann í fjárfestatengsl, en það var árið 2002. Það tengdist meðal annars skráningu bankans í sænsku kauphöllina. Erlandis hefur þetta starf verið til í áratugi og þar eru gefin út fagrit um fjárfestatengsl.“

Hefur starfið breyst mikið síðan þá? Ef já, hvernig?

„Markaðurinn gerir sífellt ríkari kröfur um upplýsingar og gagnsæi í allri upplýsingagjöf. Við þessu höfum við í Kaupþingi banka brugðist. Upplýsingagjöfin núna er mun ítarlegri en hún var fyrir nokkrum árum. Það sést til dæmis glögglega í ársskýrslu bankans. Þar er meðal annars útskýrt á ítarlegan hátt á ellefu síðum hvernig bankinn stýrir áhættu sinni, en slík upplýsingagjöf var ekki fyrir hendi fyrir nokkrum árum.“

Hvaða ávinning hefur fyrirtæki af því að sinna fjárfestatengslum?

„Það hefur margvíslegan ávinn-

TÖLVUPÓSTURINN
Til Jónasar
Sigurgeirssonar
fjárfestatengils
Kaupþings banka



praktísk atriði eins og að kunna skil á þeim lögum og reglum sem gilda á verðbréfamarkaðnum. Jafnframt er mikilvægt að þekkja til hlítar síðareglurnar sem Félag um fjárfestatengsl hefur komið sér upp. Þar kemur meðal annars fram að hver félagsmaður eigi að leggja áherslu á opin samskipti, heiðarleika, traust og samkvæmni í samskiptum við fjárfesta og aðra markaðsaðila. Þá er mikilvægt að forðast alla sýndar- og tækifærismennsku í þessu starfi.“

Eru einhver vandkvæði sem fylgja starfinu?

„Eflaust eru þau einhver og mismunandi milli einstaklinga. Hjá mér er það einkum glíman við sænskuna, en vegna skráningar bankans í Kauphöllinni í Stokkhólmi sendir bankinn fréttatilkynningar sínar á sænsku auk ensku og íslensku. Það að senda út samhljóða tilkynningar á þremur tungumálum á sama tíma getur á stundum verið verðugt viðfangsefni, svo ekki sé meira sagt.“



Skilvirk samskipti mikilvæg

Á morgun verður haldin norræn ráðstefna um fjárfestatengsl á Nordica Hótel á vegum Félags um fjárfestatengsl. Mikilvægi fjárfestatengsla hefur aukist hin allra síðustu ár um leið og krafan um vandaða upplýsingagjöf skráðra fyrirtækja varð háværari. Louis Thompson, forstjóri National Investor Relations Institute í Bandaríkjunum, sagði Björgvini Guðmundssyni að strangari reglur um upplýsingagjöf ættu að auka gagnsæi fjármálamarkaða.

Störf við fjárfestatengsl hafa breyst og mikilvægi þeirra er meira en nokkru sinnum áður, segir Louis Thompson, forstjóri National Investor Relations Institute í Bandaríkjunum. Reglur um hvernig miðla skuli fjármálaegum upplýsingum hafi haft veruleg áhrif á störf fjárfestatengla. Bandaríska fjármálaeftirlitið (SEC) hafi sett strangari reglur um upplýsingagjöf árið 2000. Átti það að draga úr hættu á að upplýsingar, sem ekki væru öllum aðgengilegar, hefðu áhrif á gagnsæi fjármálamarkaða. Þessi breyting hefði gert störf við fjárfestatengsl mikilvægari en nokkru sinni áður.

Louis Thompson gekk fyrst til liðs við National Investor Relations Institute árið 1982. Innan samtakanna eru 4.600 félagsmenn, sem starfa í yfir 2.400 bandarískum fyrirtækjum. Hann hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á starfsævinni á sviði fjárfestatengsla frá fagtímaritinu Investors Relations Magazine auk fjölda annarra verðlauna.

Hann er eftirsóttur fyrirlesari og hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa í bandarísku viðskiptalífi og fyrir þarland stjórnmöld.

Thompson segir að fjárfestatengsl byggja á fyrirfram ákveðnum vinnulagi sem sameini fjármál, samskipti, markaðsstarf og eftirfylgni með lögbundinni upplýsingagjöf til markaðarins. Það leiði til skilvirkra samskipta milli fyrirtækja, fjármálalífsins og annarra aðila, sem leiðir til sanngjarnrar verðmyndunar á hlutabréfum fyrirtækja.

Hann segir að fjárfestatenglar geti annað hvort unnið fyrir fyrirtæki eða sem ráðgjafar fyrirtækja. Hann tekur sem dæmi fyrirtæki sem hafi nýlega lokið frumútbóði og ekki komið upp starfi fjárfestatengils. Þá geti ráðgjafi utan fyrirtækisins aðstoðað við að koma upp slíku kerfi. Munurinn á ráðgjafa og þeim sem starfi sem fjárfestatenglar innan fyrirtækja sé að ráðgjafinn geti ekki verið talsmaður fyrirtækisins við fjárfesta eða fjölmiðla. Það geti hins vegar fjárfestatenglar sjálfir.

Fjárfestatenglar sjá um samskipti milli kauphallar, yfirstjórnar og framkvæmdastjórnar fyrirtækja. Thompson segir þá fjárfestatengla sem starfi á samskiptasviðum fyrirtækja sinna og aðstoði við að koma nauðsynlegum upplýsingum á framfæri hafi áunnið sér meira traust og virðingu stjórnenda fyrirtækja sem þeir vinna hjá.

„Góður fjárfestatengill viðheldur virðingu sinni og trúverðugleika með því að sinna starfi sínu í samræmi við ítrustu lagalegu og siðferðislegu skyldur sínar,“ segir Louis Thompson.



LOUIS THOMPSON þeir sem vinna við fjárfestatengsl þurfa að fylgja lagalegum og siðferðislegum skyldum.

MALIÐ ER
Samkeppnis-
hæfni Íslands

! Tilstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Tilstöðin færir þér fréttir oft á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

ERT ÞÚ AÐ FARA SELJA PINN REKSTUR?
Komdu þá í kaffi að Suðurlandsbraut 50 eða ég til þín eða þú sendir mér línu á ingvaldur@husid.is.

533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur

HUSID
FYRIRTÆKJASALA
- heilsugar um þínu hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

Munurinn á ráðgjafa og þeim sem starfa sem fjárfestatenglar innan fyrirtækja er að ráðgjafinn getur ekki verið talsmaður fyrirtækisins við fjárfesta eða fjölmiðla. Það geta hins vegar fjárfestatenglar sjálfir.

Verðmótandi upplýsingar

Á vef Kauphallar Íslands segir að góð fjárfestatengsl snúist um að greina frá verðmótandi upplýsingum svo fljótt sem kostur er, hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar fyrir félagið.

Jafnframt skuli greina frá öðrum atriðum sem geti eflt skilning fjárfesta á félaginu og rekstrinum, t.d. í fréttabréfi eða á heimasíðu. Til þess að fjárfestatengsl

beri árangur þurfi skilning og skuldbindingu yfirstjórnar á þessum þætti rekstrarins. Fjárfestatengsl séu langtímaverkefni sem krefjast skuldbindingar og þolinmæði.



Pú færð 100 þúsund króna afslátt á verði bílsins.

■ Citroën Berlingo Van - 2,0 Hdi (dísil) 90 hestöfl* með vsk. án vsk.		
Verð	1.589.000 kr.	1.276.300 kr.
Afsláttarverð	1.489.000 kr.	1.196.000 kr.
Rekstrarleiga	28.000 kr.	22.490 kr.
■ Citroën Berlingo Van 1,4 l (bensín) 75 hestöfl* með vsk. án vsk.		
Verð	1.419.000 kr.	1.139.740 kr.
Afsláttarverð	1.319.000 kr.	1.059.000 kr.
Rekstrarleiga	24.888 kr.	19.990 kr.

Enn meira fyrir enn minna

Einstakt rekstrarleigutilboð meðan birgðir endast. Allt að 75 þúsund km á þriggja ára tímabili. Meiri útbúnaður í bíl en áður. Meiri en hjá keppinautum. Allt innifalið - ekkert vesen. Lægra leiguverð en áður. Hámarkaðu hagkvæmnina. Komdu í Brimborg.

► Ný lög um olíugjald - Öflugasta dísilvélin, hlægileg eyðsla

Það styttest í gildistöku laga um olíugjald. Dísilbilar eru nú mun álitlegri kostur fyrir þig en áður. Nú færð þú nýja og öflugri dísilvél - þá öflugustu í sínum flokki sendibíla: 90 hestöfl og 205 Nm tog. Þrátt fyrir mikið afl er eyðslan einungis 5,7 l/100km í blönduðum akstri. Að sjálfsögðu bjóðum við Berlingo einnig með öflugum bensínvéllum.

► Galopið flutningsrými - ótrúleg burðargeta

Citroën Berlingo Van er með sex hurðum: tveimur á hvorri hlið og tveimur að aftan. Auk þess er Berlingo Van með góðum opnanlegum hlera á þaki, sem allir rekstraraðilar elska! Fáir eða enginn bíll stenst Citroën Berlingo Van snúning þegar kemur að notagildi fyrir rekstraraðila því auk þess sem unnt er að galopna þrjú þúsund lítra flutningsrýmið er burðargetan hvorki meira né minna en 800 kg. Tvær ferðir verða að einni. Það er staðreynd! Að sjálfsögðu er Berlingo Van með ABS hemla.

► Einstakt vinnuumhverfi

Þú verður líka að hafa það gott! Þess vegna finnur þú vart betra vinnuumhverfi en í Berlingo Van: Þú opnar með fjarstýringunni, sest inn í hátt og breitt upphitanlegt sætið, setur rétta geisladiskinn í fjarstýranleg hljómtækin, fellir fram bakið á sætinu við hliðina, sem verður að vinnuborði, og leggur frá þér kaffibollann eða fartölvuna. Mörg geymsluhólf. Þú setur pappírana t.d. í hólfið fyrir ofan þig. Að sjálfsögðu eru rúðurnar og útispeglarnir rafdrifnir. Stýrið er létt og með hraðþyngingu.

► Takmarkað magn bíla

Brimborg hefur vart haft undan við afhendingu nýrra Citroën Berlingo Van til ánægðra rekstraraðila. Þess vegna er lager okkar takmarkaður og tilboðið, sem við gerum þér núna, er háð þeim takmörkunum. Hafðu strax samband við ráðgjafa Brimborgar og kynntu þér á hvern hátt Berlingo Van getur skipt máli fyrir rekstur þinn. Festu þér frábæran vinnubíl á einstöku tilboði. Vertu hagkvæmur og í fremstu röð. Komdu í Brimborg!

► Við kaupum af þér gamla bílinn: Staðgreitt!**

Við staðgreiðum** þann bíl sem þú vilt losna við ef þú leigir eða kaupir nýjan Citroën Berlingo. Þú getur notað peninginn til að greiða upp gamalt lán, nýttir hann í reksturinn eða lækkar mánaðargreiðslurnar enn frekar. Taktu Berlingo tilboðinu sem bara gildir til 15. júní. Ræddu við Citroënráðgjafa um hvernig Berlingo getur hjálpað þér í rekstrinum.

► Gæði Citroën eru staðreynd

Í sjö ár hefur Citroën táknað gæði. Ástæðan er að Frakkarnir tóku sig á við framleiðslu bíla. Aftur þekkja þeir orðið gæði og framleiða m.a. Yaris fyrir japanska bílaframleiðandann Toyota. Róttæk gæðastefna Citroën hefur borðið árangur. Citroën vex hraðar en önnur frönsk bílamerki á Íslandi en franskir bílar auka stöðugt hlut sinn á íslenska markaðnum. Nú eru yfir fjögurhundruð Berlingo bílar í stöðugri notkun hjá íslenskum fyrirtækjum og iðnaðarmönnum. Þú vilt gæði og þægilega vinnuástöðu á lafrans. Veldu Citroën Berlingo - við tökum ábyrgðina.



Citroën Berlingo

► Þú færð meira fyrir minna í Berlingo.

- Toppluga með fellanlegri þverslá
- Burðargeta 800 Kg
- Þrjúþúsund lítra galopnanlegt flutningsrými
- Fellanlegt farþegasæti með borði og geymslurými
- Hiti í sætum
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjarstýrð hljómtæki með geislasplara
- Rafknúinir speglar
- Rafknúin rúður
- Há sætisstaða, gott útsýni
- Breið og þægileg sæti, góð hvíld
- Hilla fyrir ofan bílstjóra
- Fjöldi geymsluhólfa
- Hleðsluhurð á hvorri hlið
- 180° opnun á tvöfaldrí afturhurð
- Létt rafstýrt stýri með hraðþyngingu

Sífeltils fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sölumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Smur- og þjónustuefritir samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðstu og allt að 25.000 km. akstur á ári. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 37 mánuði. Kaupverð og leiga eru háð gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Nánari upplýsingar velja ráðgjafar Brimborgar. **45 dögum eftir að þú færð nýja bílinn.

BANKAHÓLFID



Reykjavík austursins

Í Kína var skrifað undir samning um stærstu orkuveitu heims í Xianyang. Gert er ráð fyrir að hún muni ná til 400 þúsund íbúa gangi allt að óskum. Var samningurinn lofaður í hástert af forseta Íslands og flutti borgarstjóri Xianyang ræðu við undirritun samningsins. Einnig var viðstaddur stór hópur fjölmiðlafólks frá Xianyang. Var jafnvel haft á orði að kalla Xianyang Reykjavík númer tvö.

Einn af forsvarsmönnum Orkuveitunnar hafði þó á orði að fínt hefði verið að kíkja til Xianyang til að vera viss um að borgin væri örugglega til staðar.

Ekki Sjanghæjaður

Eins og gengur þegar hópur Íslendinga er á ferð í útlöndum er alltaf einhver í hópnum sem gengur hraðar en hinir um gleðinnar dyr. Þannig var um einn sem skemmti sér svo vel í Peking að hann missti af fluginu til Sjanghæ. Það er þekkt að hér á árum áður þegar erfitt reyndist að manna síðutogarana voru menn sjanghæjaðir sem kallað var og bornir um borð rænulausir af drykkju. Tilfellið nú mun hins vegar eitt af fáum þar sem sambærilegt ástand verður til þess að menn komast ekki til Sjanghæ.



Uppskráfað viðskiptalíf

Margt af áhrifamesta fólkinu úr íslensku viðskiptalífi var samankomið í Kína og ætlaði sér augljóslega stóra hluti. Nokkur fyrirtæki skrifuðu undir milljarðasamninga við kínversk fyrirtæki og aðrir undirbyggju jarðveginn fyrir frekari viðskipti þar í landi.

Samsetning viðskiptasendinefndarinnar vakti þó athygli margra og var það oft að umtalsefni að margir skrúfusalar væru með í för. Greinilega þykja ekki allir jafn finir meðal íslensku viðskiptaelítunnar. Sumir höfðu jafnvel á orði að það ættu ekki allir að fá að fara með í jafn mikilvægar ferðir á borð við þessa.

7.997

Gild atkvæði sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fékk í formannskjöri Samfylkingarinnar.

30

Íslendingar lentu í 30. sæti í Eurovision, því sextánda í undankeppninni. 24 þjóðir voru í úrslitakeppninni.

0,5

Laun í landinu hækkuðu að meðaltali um 0,5 prósent í aprílmánuði.

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

Fujitsu Siemens tölvur hækka flugið í Evrópu



Fujitsu Siemens tölvur eru á sigurför um Evrópu.

Á fyrsta ársfjórðungi 2005 varð 73% söluaukning á Fujitsu Siemens fartölvum og 24% á borðtölvum.

77% söluaukning í Danmörku

Samkvæmt frétt Politiken varð 77% söluaukning á Fujitsu Siemens fartölvum á síðasta ári.

Fujitsu Siemens tölvur eru einu tölvurnar á Íslandi með viðurkennda umhverfismarkað, Svaninn, sem er umhverfismerki Norðurlanda.

Taktu flugið með afburðatölvum frá Fujitsu Siemens.

Tæknival

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Akureyri - www.penninn.is / Tölvubjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolur.com
Tölvubjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martólvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

SKEIFUNNI 17
SÍM: 550 4000
www.taeknival.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is





**FASTEIGNA
MIÐLUN**
GRAFARVOGS
Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík
Opíð virka daga frá kl. 09:00-18:00. www.fmg.is



Til sölu eða leigu.

Fallegt timburhús byggt árið 1905. Jarðhæð með sér inngangi ca. 132,8 fm, þaðan er innangengt í bílskúr sem er 34,9 fm. og innréttaður sem skrifstofa. 1. hæð er með sér inngangi, 81,3 fm, góðar svalir. 85,1 fm ris-hæð með sérinngangi og mikilli lofthæð, fallegum kvistum og stórum suðursvölum. Falleg eign, laus fljótt.

Sverrir Kristjánsson
Lögg. fasteignasali • Gsm 896 4489

FELAG FASTEIGNASALA

Starfsmenn óskast

Óskum eftir að ráða laghenta menn til starfa í verksmiðju okkar í Hafnarfirði.

Upplýsingar í síma 555-1027.
Trefjar ehf.
Hjallarhrauni 2, Hafnarfirði



Trésmiðir – byggingaverkamenn

Óskum eftir að ráða trésmiði og byggingaverkamenn til starfa.

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri,
María Þorgrímsdóttir, maria@kv.is

Umsóknnum skal skilað á aðalskrifstofu
Keflavíkurverktaka, eða á heimasíðu
www.kv.is



KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.

Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími: 420 6400 • www.kv.is

Keflavíkurverktakar eru eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundráð. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Kópavogi.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Stjórnunarstöður í leikskólum

Aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann Álfastein.

Leikskólinn er fjögurra deilda og eru starfsaðferðir byggðar á framfararstefnu John Dewey.

Aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann Álfaberg.

Leikskólinn er tveggja deilda og byggjast starfsaðferðir á að rækta með barninu sterka sjálfsmynd, félagslega hæfni og trú á eigin getu.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólunum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennarapróf.
- Framhaldsmenntun eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskóla starfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunar starf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjenda og menntun, stjórnunarreynsla og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðurnar veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5800, magnusb@hafnarfjordur.is

Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður og er umsóknarfrestur til og með 2. júní.



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fæðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegar í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Skógarhjalli 23

Opíð hús í dag milli kl. 18:00 - 19:00



Skógarhjalli 23 suðurhlíðum Kópavogs. Tvennar yfirbyggðar svalir. Ákaflega falleg lóð. Frábært útsýni. Réttur til að byggja mjög stóran bílskúr. Stór-glæsileg eign - sjón er sögu ríkar „Sölufulltrúar Þingholts verða á staðnum“.



Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500



Laus er til umsóknar staða skrifstofufulltrúa Súdavíkurhrepps

Skrifstofufulltrúi sér um launamál sveitarfélagsins, útgáfu þjónustureikninga, skráningu og umsjón með fasteignagjöldum, umsjón með innheimtumálum, skráningu í Lóðs, almenn skrifstofustörf o.fl.

Um er að ræða 75% starf. Yfirmaður skrifstofufulltrúa er sveitarstjóri.

Hæfniskröfur:

Skrifstofufulltrúi skal hafa haldgóða tölvukunnáttu, góða þjónustulund og æskilegt er að viðkomandi hafi haldgóða reynslu af skrifstofustörfum.

Um tímabundið starf er að ræða vegna fæðingarorlofs, til loka ágúst 2006.


Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 456 4912. (netfang: omar@sudavik.is)

Umsóknnum skal skila inn á skrifstofu Súdavíkurhrepps, Grundarstræti 3. fyrir 31. maí nk. merkt: Skrifstofufulltrúi.

Sveitarstjóri

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.012 **-1,53%** Fjöldi viðskipta: 296
 Velta: 3.037 milljónir

MESTA HÆKKUN


MESTA LÆKKUN
 Tryggingamiðstöðin -4,55%
 Actavis -4,44%
 FL Group -2,39%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 43,00 -4,44% ... Atorka 6,00 -
 ... Bakkavör 34,00 -0,58% ... Burðarás 14,10 -2,08% ... FL Group 14,30 -
 2,39% ... Flaga 5,00 -0,60% ... Íslandsbanki 13,15 -1,13% ... KB banki
 522,00 -1,32% ... Kögun 61,80 -0,48% ... Landsbankinn 16,10 -1,83% ...
 Marel 56,00 -0,88% ... Og fjarskipti 4,16 -1,19% ... Samherji 12,10 - ...
 Straumur 11,70 -1,27% ... Össur 79,00 -1,25%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á visir.is](http://nánar.á.visir.is)



DR. DIRK HERMANN, EINN FRAMKVÆMDASTJÓRA ALLIANZ Í ÞÝSKALANDI Þjóðverjarnir og eigendur Hringis eignarhaldsfélags settu skilyrði fyrir kaupunum sem SPRON var ekki tilbúið að fallast á.

SPRON kaupir ekki Allianz

Áform SPRON um kaup á 80 pró-senta hlut í Hringi eignarhaldsfélagi, sem er eignarhaldsfélag utan um rekstur Allianz á Íslandi, hafa farið út um þúfur.

„Ástæða þessarar ákvörðunar eru skilyrði sem Allianz í Þýskalandi og eigendur Hringis eignarhaldsfélags bundu samþykki sitt við og SPRON taldi sig á þessu

tímamarki ekki geta gengið að,“ segir í tilkynningu frá Hringi eignarhaldsfélagi. Eigendur Hringis höfðu samþykkt tilboð SPRON í Allianz snemma í maí.

Eigendur Hringis eignarhaldsfélags eru meðal annars Baugur Group, Sparisjóður Kópavogs og nokkrir einstaklingar.

- eþa

FL Group spáð taprekstri

Fyrsti ársfjórðungur alltaf verstur.

Í dag birtir FL Group uppgjör fyrsta ársfjórðungs og er gert ráð fyrir tapi á rekstri félagsins. Íslandsbanki er bjartsýnastur og spáir félaginu einungis 11 milljóna króna tapi.

Fyrsti ársfjórðungur er ávallt sá erfiðasti í rekstri flugfélaga. Gengishagnaður af hlutfjáreign í easyJet nam rúmlega einum milljarði á fyrsta ársfjórðungi og er því tapið minna en ella.

- dh



SPÁ UM AFKOMU FL GROUP - Í MILLJÖNUM KRÓNA:

Íslandsbanki	-11
KB banki	-341
Landsbanki	-226

Yfirdrátturinn hækkar enn

Yfirdráttarlán heimilanna eru orðin jafnhá og þau voru áður en bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn í ágúst á síðasta ári. Frá lokum febrúar hafa yfirdráttarlánin aukist um 2,2 milljarða að

því er kemur fram í Vegvísi Landsbankans.

Alls skulda heimilin um 60,5 milljarða í yfirdráttarlánum. Gerir það nærri 206 þúsund krónur á hvert mannsbarn.

- eþa

TILBOÐSFELGUR ÓTRÚLEGT VERÐ!
 Felgur undir flestar tegundir bifreiða



Verð/stgr.
 13" 6.995,-
 14" 10.995,-
 15" 12.995,-
 16" 15.995,-
 17" frá 15.995,-
 Mikild úrval

GVS
 Gúmmivinnustofan hf.
 Réttarhálsi 2. Sími 587 5588

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
 Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Guðurlandsbraut 10
 Sími 533 5800
www.sivmet.is/strond

STRÖND
 EKF.

Svava og Jónsi saman í



Kemur á föstudaginn

Hér & nú

Flora GSA

AKRALAND
 Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
 sími 599 4000, fax 599 4001 www.akraland.is

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

23 lóðir í Akrahverfi, Garðabæ.

Byggingarhæfar á haustmánuðum 2005.

Tilboðum skal skila eigi síðar en föstudaginn 3. júní kl. 15:00.

Síðari hluti

- Tilboðsfrestur 03. júní
- Tilboðsfrestur útrunninn, var 20. maí

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akralands þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasöluvarnarmáttur Borgir og Eignamiðlun munu einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærðir þeirra og nýtingu, einnig upplýsingar um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands www.akraland.is

Þar er einnig að finna nauðsynleg gögn sem tilboðsgjafar þurfa að kynna sér, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá og sölu- og skipulagsskilmála.

Flora GSA





Systir okkar,
Guðrún Josteinsdóttir
Aðalstræti 8a,



lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þriðjudaginn 17. maí.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 26. maí kl. 13.00.
Systkini hinnar látnu.



Ástkær eiginnmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
Sigurður Björgvinsson
frá Garði, Mývatnssveit,

lést að hjúkrunarheimilinu Víðinesi föstudaginn 20. maí sl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Margrét Björnsdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ottó Niélsson
Hrafnistu, Reykjavík,



lést á heimili sínu mánudaginn 23. maí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. maí kl. 15.

Próstur Kr. Ottósson
Halldóra G. Ottósdóttir
Sveinn M. Ottósson
Konráð A. Ottósson
Kristín Gunnbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón Steingrímsson
Gunnhildur Kr. Þórarinsdóttir



Elskulegur eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir,
sonur, bróðir og afi,
Hjálmar Rúnar Hjálmarsson
vélstjóri, Lóulandi 2, Garði,



verður jarðsönginn frá Útskálakirkju föstudaginn 27. maí kl. 14.00.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð slysavarnar-
félagsins Landsbjargar v. björgunarskipa, sími 570-5900.

Guðrún Eyvindsdóttir
Helga Hjálmarsdóttir Oliver Keller
Herborg Hjálmarsdóttir Sveinn Ólafur Jónasson
Dóra Sigrún Hjálmarsdóttir
Sigrún Oddsdóttir
systkini og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma
Jóhanna Ásdís Jónasdóttir
Mánatúni 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 20. maí. Þeir sem vilja minnast
hennar eru beðnir að láta Minningarsjóð hjá Hjúkrunarþjónustunni
Karitas njóta þess, sími 551 5606.

Birgir J. Jóhannsson
Guðrún Birgisdóttir Chuck Mack
Jónas B. Birgisson Stella Guðmundsdóttir
Inga Jóhanna Birgisdóttir Halldór Úlfarsson
Sigrún Birgisdóttir Óskar Baldursson
Haukur Birgisson Áslaug María Magnúsdóttir
barnabörn og langömmubörn.



IAN MCKELLEN (1939-)
á afmæli í dag.

„Stærsti kostur þess að leika í Hringadróttins-
sögu var að kynna Nýja-Sjálandi. Fólkið þar
var dásamlegt og ekkert í líkingu við Ástrali.“

Breski stórleikarinn er ein af kanónum enskrar leiklistar
á að baki hlutverk á borð við Ríkhald þriðja, Makbeð og
vitaskuld Gandálf í Hringadróttins sögu.

tímamót

timamot@frettabladid.is



MEÐ GRÍSABLÖÐRU OG VÖLUSPÁ Ásdís Halla gaf Gunnari þessa öskju úr grísablöðru þegar hann tók við af henni sem bæjarstjóri Garðabæjar í gær. Í öskjunni er sauðavala sem bera á upp að vanganum, þylja ákveðinn texta og spyrja spurningar. Svareð fer síðan eftir því hvernig valan lendir. Gunnar ætlar að nota vóluspána ef allt annað þrýtur, en í gamni þó.

TÍMAMÓT: GUNNAR EINARSSON, NÝR BÆJARSTJÓRI GARÐABÆJAR, 50 ÁRA Hlakkar til og kvíðir fyrir

Tvenn stór tímamót ber upp á sama tíma hjá Gunnari Einarssyni. Í gær tók hann við lykklavöldum í Garðabæ af fráfaranði bæjarstjóra Ásdísi Höllu

Bragadóttur, og í dag er hann fimmtugur. „Það er stór dagur að taka við bæjarstjórastarfinu. Það fylgir því ákveðin ábyrgð, tilhlökkun og kvíði,“ segir

Gunnar sem finnst það svipuð tilfinning að verða fimmtíu ára því þeir sem hafi náð fimmtugsaldri eigi að hafa öðlast ákveðna lífsvisku og þroska.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Halldóra Árnadóttir
Kvistagerði 2, Akureyri,



sem lést 14. maí síðastliðinn, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 27. maí kl. 13.30.

Snorri Guðmundsson
Sigurður Árni Snorrason Kristín Linda Jónsdóttir
Jón Már Snorrason Kolbrún Sigurðardóttir
Snorri Snorrason Þóra Víkingsdóttir
Rúnar Þór Snorrason Guðlaug Marín Guðnadóttir
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Guðríður Stefanía Vilmundardóttir
Hraunsvægi 17, Njarðvík,



lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, sunnudaginn 22. maí.
Jarðarförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkirkirkju þriðjudaginn 31. maí kl. 14.00.

Jón Þórðarson
Maía Margrét Jónsdóttir Óli Kristinn Hrafnsson
Sigríður Dagbjört Jónsdóttir Einar Ólafur Steinsson
Rut Jónsdóttir Ágúst Jóhann Gunnarsson
og barnabörn.

MERKISATBURÐIR

- 1895 Oscar Wilde er dæmdur í tveggja ára þrælkunarvinnu fyrir samkynhneigð.
- 1927 Henry Ford hættir framleiðslu á T-módelinu og hefur framleiðslu á A-módelinu.
- 1929 Þingmenn Frjálslynda flokksins og lhaldflokksins stofna Sjálfstæðisflokkinn. Þingmenn Frjálslynda flokksins leggja enn sitt af mörkum til Sjálfstæðisflokksins.
- 1946 Jórdanía fær sjálfstæði frá Bretum.
- 1962 Isley Brothers gefa út lagið „Twist and Shout“ sem Bítlarnir eiga eftir að gera ódauðlegt.
- 1983 Þriðja Star Wars-myndin (síðar sú sjötta), „Return of the Jedi“, er frumsýnd.

ANDLÁT

Kristjana Steingrimsdóttir, Asparfelli 4, Reykjavík, lést fimmtudaginn 19. maí.

Bjarki Þórlindsson, Árskógum 26b, Egilsstöðum, fyrrum bóndi í Gautavík, lést fimmtudaginn 19. maí.

Steingerður Hólmgeirsdóttir, Víðilundi 20, Akureyri, lést föstudaginn 20. maí.

María Ágústa Benedíktz, Sóltúni 2, áður Hrefnugötu 2, Reykjavík, lést föstudaginn 20. maí.

Sigmundur Guðleifsson, frá Langstöðum í Flóa, síðast til heimilis á Lyngheiði 15, Selfossi, lést laugardaginn 21. maí.

Stefán Haukur Einarsson lést laugardaginn 21. maí.

Kristín Elíasdóttir, frá Oddhóli, Rangárvöllum, áður til heimilis á Norðurbrún 1, Reykjavík, lést sunnudaginn 22. maí.

Ágúst Þórður Stefánsson, Öldugötu 31, Hafnarfirði, lést sunnudaginn 22. maí.

Minna Elíza Bang, Aðalgötu 19, Sauðárkróki (Gamla apótekinu) lést sunnudaginn 22. maí.

JARÐARFARIR

15.00 **Katrín Helgadóttir**, fyrrverandi skólastjóri Húsmæðraskóla Reykjavíkur, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.

PETTA GERÐIST

Kennedy stefnir til tunglsins

Pennan dag árið 1961 lýsti John F. Kennedy því yfir í frægri sjónvarpsræðu í Bandaríkjunum að hann hygðist koma manni til tunglsins og til baka fyrir 1970. „Ég trúi á það að þessi þjóð geti verið fyrst af öllum til þess að koma manni til tunglsins og til baka,“ sagði Kennedy ákveðinn við bandarísku þjóðina. Ræðan hleypti miklu lífi í kapphlaup Sovétmanna og Bandaríkjamanna. Sovéttmenn höfðu haft forskot í geimrannsóknnum fram að þessu og var lítið svo á að með því að vera fyrri til að koma manni til tunglsins næðu Bandaríkjamenn forskoti í kapphlaupinu milli þjóðanna.

Kostnaðinn við verkefnið sagðist Kennedy ekki ætla að greiða með sköttum á bandaríska borgara, heldur mundi styrking efnahagslífins skila in þeim peningum sem til þyrfti. Ræða Kennedys var síðasta ávarp hans til almennings áður en hann fór á fund með Nikíta Krútsjov, leiðtoga Sovétmanna. Krútsjov var þá ennþá kokhraustur yfir ferð Juri Gagarín út í geiminn, en hann varð með þeirri ferð fyrsti maðurinn til þess að fara út í geiminn. Kennedy reyndist sannspár, því þann tuttugasta júlí árið 1969 steig Neil Armstrong fyrstur manna á tunglið, bandarísku þjóðinni til mikillar gleði.



Stofnfundur UT-kvenna

Efla þarf hlut kvenna í upplýsingatækni að mati þeirra sem í geiranum starfa, en stofnfundur félagsins UT-konur verður í dag klukkan fimm.

Ásrún Matthíasdóttir, lektor í tölvufræði við Háskólann í Reykjavík, telur mikilvægt að styðja við konur í upplýsingatækni. „Því miður hefur aðsókn kvenna í tölvufræðigreinar á háskólastiginu minnkað síðustu misseri og áhugi kvenna virðist fara dvínandi á þessum greinum. Þess vegna teljum við mikilvægt að stofna þetta félag, til þess að efla áhugann og samskipti kvenna sem við þetta starfa,“ segir Ásrún.

Meginmarkmið félagsins er að stuðla að auknu starfi kvenna í upp-



ÁSRÚN MATTHÍASDÓTTIR Telur nauðsynlegt að skapa umræðuvettvang fyrir konur sem stunda nám og starfa í upplýsingatæknigeiranum.

lýsingatækni, bæði í stjórnunarstöðum og öðrum stöðum. Sérstaklega er stefnt að því að efla sýnileika kvenna í upplýsingatækni og reyna að auka áhugann á námi tengdu upplýsingatækninni. ■

„Ég vona að ég nái að miðla því þó ekki væri nema til barnanna minna,“ segir Gunnar og hlær.

Gunnari finnst hver áratugur hafa sinn sjarma og telur að lífið fari bara uppvið eftir fimm-tugt. Aldur sé þó afstæður og fari eftir hugsunum og viðhorfi. „Ég hef reynt að temja mér að vera ungur í anda og jákvæður,“ segir Gunnar sem hefur starfað hjá Garðabæ í aldarfjórðung en hann hóf fyrst störf 26 ára sem æskulýðsfulltrúi. Þá hefur hann frá árinu 1995 verið forstöðumaður fræðslu- og menninga-sviðs.

Gunnar segir að það hafi komið á óvart að Ásdís skyldi hætta. Meirihluti bæjarstjórnar hafi tekið ákvörðun um að hann skyldi verða eftirmaður hennar og sitja út þetta kjörtímabil. Gunnar vill ekkert gefa upp um hvort miklar breytingar verði á starfinu þó eðlilega verði alltaf breytingar með nýjum mönnum. Hann á sér þó sín hjartans mál. „Málefni barna og ungmenna fylgja mér sjálfkrafa í þetta starf,“ segir Gunnar sem ætlar einnig að skoða vel skipulagsmál bæjarins og samgöngur.

Gunnar er bókaður á fundi frá morgni til kvölds á sjálfan afmælisdaginn og því lítið um hátíðahöld í dag. Upphaflega ætlaði hann þó ekki að halda upp á afmælið fyrir en að ári, um leið og hann útskrifaðist úr doktorsnámi sínu í stjórnun menntamála. Vegna breyttra aðstæðna er nú komið lokaplan og tekur Gunnar á móti vinum og vanda-mönnum í Garðaholti föstudaginn 3. júní milli klukkan fimm og sjö. ■

AFMÆLI

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri er 62 ára.



Jórunn E. Eyfjörð sameindaerfðaræðingur er 59 ára

Guðný Guðbjörnsdóttir, fyrverandi alþingiskona, er 56 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG

1767 Friedrich Johann Eck, tónskáld.



1926, Miles Davis, trompetleikari og djassisti.



1963, Mike Myers, gamanleikari og grínisti.



Rætur Skapgerð Stefna 3

Ný BMW 3 lína. Bara bezt.

Með bílinn handa þér

BMW 320i frá kr. 3.150.000

Pegar 3 línan kom fyrst á markað fyrir 30 árum, kynnti BMW til sögunnar nýjar áherslur í hönnun úrvalsbifreiða. Í stað þunglamalegra lúxusbíla eða hraðskreiðra sportbíla var komin bifreið sem sameinaði óaðfínanlega fágað afl og þróaða tækni. Nýja BMW 3 línan varð því strax þekkt sem Hið fullkomna aksturstæki og hefur sem slík mótað þá mælikvarða sem úrvalsbifreiðar eru bornar við. Eins og sannur leiðtogi hefur 3 línan rutt nýjum straumum farveg og markað þeim stefnu, kynslóð fram af kynslóð. Nýja BMW 3 línan er sannur arftaki þessarar leiðtogahefðar. Upplifðu ósvikna akstursánægju. Upplifðu nýju BMW 3 línuna, þá bestu úr smíðju BMW til þessa.

B&L, Grjóthálsi 1, 575 1200, www.bmw.is

Ný BMW 3 lína

www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure

Flestir velja Fréttablaðið!

Fréttablaðið er sá miðill sem flestir Íslendingar velja sem sinn á hverjum degi*
Vertu séður, auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er.

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

* GALLUP NOV. 2004

Hún mætir aftur næsta sunnudagsmorgun kl. 9



Heyrst hefur...

... að körfubolta KR kynni til leiks tvo nýja leikmenn í dag. Fastlega er búist við því að annar þessara leikmanna sé landsliðsmaðurinn Pálmi Freyr Sigurgeirsson sem lék með Snæfelli á síðustu leiktíð.

sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR ÞÓRÐARSON, ÞJÁLFARI ÍA: EKKI SÁTTUR MEÐ DÓMARANN GARÐAR ÖRN HINRIKSSON

Hann hatar ákveðna leikmenn ÍA

Ólafur Þórðarson, þjálfari Skagamanna í Landsbankadeildinni, segir knattspyrnuþómarann Garðar Örn Hinriksson mæta hlutdrægan til leikja með ÍA og sakar hann um að hata ákveðna menn liðsins. „Garðar hefur sagt að hann hafi ákveðna leikmenn ÍA. Það eru nánar heimildir sem ég hef fyrir þessu og þetta er saga sem er búin að ganga á Akranesi í heilt ár,” segir Ólafur, án þess að vilja nokkuð fara út í hvaðan hann hefur þessar heimildir eða hvaða leikmenn það eru sem Garðar Örn á að hata. Garðar Örn var dómari í leik Vals og ÍA á mánudagskvöldið og dæmdi þar meðal annars



vítaspyrnu á Skagamann – dómur sem Ólafur var allt annað en ánægður með. „Garðar er ágætur dómari en honum urðu á mistök í leiknum gegn Val sem ég var mjög ósáttur við.”

„Fásinna,” var orðið sem Garðar Örn notaði þegar Fréttablaðið innti hann eftir svörum við ásökunum Ólafs. Garðar Örn kom algjörlega af fjöllum og kvaðst hafa orðið reiður þegar honum bárust ummælin til eyrna. „En reiðin rann nú fljótlega af mér og nú er ég aðallega sár yfir því að Ólafur skuli halda þessu fram, án þess að fara nánar út í það. Hann segir ekkert hvaðan hann hefur þetta og mér finnst það kjánalegt og barnalegt að Ólafur skuli

lata hafa þetta eftir sér. Ég vísa þessu algjörlega á bug,” segir Garðar Örn.

Þrátt fyrir að dómariinn sjálfur neiti þessum ummælum staðfastlega haggast Ólafur hvergi og segist hann standa við hvert orð. „Það sem ég vill benda á er að þegar dómari gengur til valla þá eiga allir leikmenn að vera jafnir fyrir honum. Ég stend ennþá í þeirri meiningu að það sé rétt sem ég er að segja. Það er alveg á hreinu.”

> Það verður gaman að sjá ...

... hvernig KSÍ tekur á ærumeiðandi ummælum Ólafs Þórðarsonar í garð dómars Garðars Arnar Hinrikssonar. Ólafur réðst harkalega að Garðari í gær án þess að hafa nokkuð til að styðja sitt mál og verður það að teljast ansi vafasöm hegðun sem KSÍ hlýtur að líta alvarlegum augum.



> Við fögnum ...

... því að dómari í Landsbankadeildinni taki virkan þátt í umræðunni. Þeir eru stór hluti leiksins og eiga að útskýra sitt mál þegar svo ber við. Þeir koma oftast vel út úr slíkri umræðu enda þora þeir flestir að viðurkenna mistök sín. Það er líka nauðsynlegt að fá þeirra sýn á mörg stórmál. Vonandi verður framhald á þessu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

22 23 24 25 26 27 28

Miðvikudagur

■ ■ SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn.
- 07.30 Olíssport á Sýn.
- 08.00 Olíssport á Sýn.
- 08.30 Olíssport á Sýn.
- 14.10 Úrslitakeppni NBA á Sýn. Endursýndur leikur.



- 18.00 Liverpool – AC Milan á Sýn. Bein útsending frá úrslitaleik meistaradeildarinnar.
- 21.00 Tiger Woods á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 22.20 Formúlukvöld á RÚV.
- 23.15 Liverpool – AC Milan á Sýn. Útsending frá úrslitaleiknum í meistaradeildinni.

Reynsla á móti hungri

Úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu fer fram í Istanbúl í kvöld en þá mætast tvö af sigursælustu liðum Evrópu fyrr og síðar, AC Milan og Liverpool.

FÓTBOLTI. Í kvöld er einn af hápunktum knattspyrnuvertíðarinnar þegar Liverpool og AC Milan mætast í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Milan varð síðast Evrópumeistari fyrir tveimur árum og hefur á að skipa gríðarlega reyndu liði, á meðan enska liðið hefur ekki sigrað í keppninni í 21 ár.

Carlo Ancelotti, þjálfari ítalska liðsins, segir að reynt lið sitt geti náð að brjóta skipulagða vörn Liverpool á bak aftur og hefur ekki áhyggjur af að slakt gengi sinna manna í deildinni á Ítalíu í síðustu leikjum sitji í liðinu þegar í úrslitaleikinn er komið.

„Leikur Liverpool gengur út á að hindra það að mótherjar þeirra geti athafnað sig á þeim svæðum sem þeir kjósa helst og þeir hafa gert það vel alla keppnina. Ef við hins vegar skorum snemma munum við neyða þá til að falla frá þeirri leikadferð og sækja á okkur. Það myndi opna leikinn og það hentar okkur mun betur,” sagði Ancelotti.

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, segir að sínir menn séu hvergi smeykir við Milan. „Þeir



MIG LANGAR Í ÞIG Þetta gæti Sami Hyypia, fyrirliði Liverpool, verið að hugsa er hann horfir gimdaraugum á bikarinn eftirsóttá. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

eru með mjög sterkt lið og mikla reynslu, en við höfum hungrið umfram þá og það mun tryggja okkur sigurinn. Við þurfum bara

